

Aðalskipulag Sveitarfélagsins Hornafjarðar 2040

Yfirlit yfir umsagnir um aðalskipulagstillögu á vinnslustigi
og svör umhverfis- og skipulagsnefndar samþ. 1.10.2025

A1609-195-U02

Kynning tillögu á vinnslustigi

Tillaga að nýju aðalskipulagi fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð var kynnt í Skipulagsgátt 6. júní sl. og umsagnarfrestur var til 20. ágúst. Í þessu minnisblaði er efni þeirra umsagna/ábendinga sem bárust dregið saman og sett fram drög að svörum við hverju efnisatriði, til umfjöllunar og ákvörðunar hjá umhverfis- og skipulagsnefnd. Efnisyfirlit minnisblaðsins:

Kynning tillögu á vinnslustigi.....	1
1. Aðilar sem skiluðu umsögn eða ábendingum.....	2
2. Efni umsagna og svör.....	4
2.1 Svæði fyrir verslun og þjónustu og íbúðir.....	4
2.2 Landbúnaðarsvæði.....	10
2.3 Skógrækt og landgræðsla.....	13
2.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði.....	19
2.5 Orkuvinnsla og flutningur raforku.....	20
2.6 Veitur og mengaður jarðvegur.....	23
2.7 Starfsleyfis skyld starfsemi.....	23
2.8 Vatnsverndarsvæði.....	24
2.9 Loftslagsmál.....	25
2.10 Landslag.....	26
2.11 Líffræðileg fjölbreytni og almenn náttúruvernd.....	27
2.12 Verndarsvæði.....	29
2.13 Vatnajökulsþjóðgarður.....	34
2.14 Afþreyingar- og ferðamannasvæði.....	38
2.15 Minjavernd.....	38
2.16 Stígar og almenningssamgöngur.....	39
2.17 Siglingaleiðir og flugvellir.....	40
2.18 Þjóðvegir.....	40
2.19 Þjóðvegur í þéttbýli.....	43
2.20 Umferðaröryggi á Höfn.....	45
2.21 Tilteknir landnotkunarreitir á Höfn.....	46
2.22 Húsnæðismál.....	47
2.23 Varnar- og öryggissvæði á Stokksnesi.....	48
2.24 Tilteknir landnotkunarreitir í dreifbýli.....	49
2.25 Vötn, ár og sjór.....	50
2.26 Náttúruvá á Skeiðarársandi.....	51
2.27 Náttúruvá vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði.....	51
2.28 Önnur náttúruvá.....	55
2.29 Vegir í náttúru Íslands.....	56
2.30 Aðrar lagfæringar á texta, myndum og uppdráttum.....	59
2.31 Önnur mál.....	60

1. Aðilar sem skiluðu umsögn eða ábendingum

Eftirfarandi aðilar skiluðu umsögn eða ábendingum, ýmist í gegnum Skipulagsgátt, á netfang á vegum sveitarfélagsins eða munnlega á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra. Listinn er í stafrófsröð staðarheita og stofnana. Umsagnir má nálgast með því að smella á [bláu tenglana](#) að neðan.

1. Jón Grétar Sigurðsson f.h. [Atlantsflugs](#), dags. 4.8.2025.
2. Garðar Garðarsson fv. hdl, f.h. [Flateyjarbúsins](#), dags. 15.7.2025.
3. Garðar Garðarsson fv. hdl, f.h. [Flateyjarbúsins, Selbakka ehf \(Haukafellsjarðarinnar\) og Aðalbóls](#), dags. 24.7.2025
4. Anna María Ragnarsdóttir, [Freysnesi](#) dags. 16.7.2025, auk ábendinga á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra 25.6.2025.
5. Stefán Freyr Jónsson og Birna Daðadóttir, [Freysnesi](#), dags. 31.7.2025.
6. Silja Traustadóttir Eflu f.h. Ferðapjónustunnar [Hoffell](#) ehf, dags. 6.8.2025.
7. [Heilbrigðiseftirlit Austurlands](#), dags. 13.8.2025.
8. Magnús Skúlason f.h. [Hestamannafélagsins Hornfirðings](#), dags. 19.6.2025.
9. Matthildur Unnur Þorsteinsdóttir og Einar Rúnar Sigurðsson, [Hofsnesi](#), dags. 12. og 18.8.2025. Einar Rúnar Sigurðsson, dags. 20.8.2025.
10. Sigrún Sigurgeirsdóttir f.h. sóknarnefndar [Hofssóknar í Bjarnanesprestakalli](#), dags. 1.8.2025.
11. Ólafur Páll Vignisson, [Hólabrekku](#), dags. 29.7.2025.
12. Ari Jónsson, [Höfn](#), dags. [9.6.2025](#) og [23.7.2025](#), auk ábendinga á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra 26.6.2025.
13. Ásgrímur Ingólfsson, [Höfn](#), dags. 24.6.2025.
14. Guðbjartur Hafsteinsson, [Höfn](#), dags. 4.8.2025.
15. Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir, [Höfn](#), dags. 5.8.2025.
16. Sigrún Birna Steinarsdóttir, [Höfn](#), dags. 23.7.2025.
17. Sigurður Gunnar Jónsson, [Höfn](#), dags. 21.8.2025.
18. Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir lögmaður hjá Lagastoð f.h. Diðriks Sæmundssonar og Ingileifar Kristjánsdóttur, [Höfn](#), dags. [6.8.2025](#) og greinargerð dags. [25.8.2025](#), með [viðhengjum](#) (sjá skjöl í [möppu](#)).
19. Sveinn Valdimarsson skipulagsfulltrúi Öryggissvæða f.h. [Landhelgisgæslu Íslands](#), varnarmálasviðs í umboði utanríkisráðuneytisins, dags. 6.8.2025.
20. [Landsnet](#), dags. 5.8.2025.
21. Helgi Sigurgeirsson, [Malarási](#), dags. 10.8. og 19.8.2025.
22. [Minjastofnun Íslands](#), dags. 20.8.2025.
23. [Múlaping](#), dags. 16.6.2025.


24. [Náttúrufræðistofnun Íslands](#), dags. 6.8.2025.
25. [Náttúruverndarstofnun](#), dags. 27.8.2025.
26. Hjörvar Ingi Hauksson, [Sauðanesi](#) f.h. Tilraun eitt ehf. dags. 7.8.2025.
27. Eiríkur Egilsson og Sigurborg Eiríksdóttir, [Seljavöllum](#), dags. 26.6.2025, auk punkta á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra 26.6.2026.
28. Stefán Benediktsson, [Skaftafelli III og IV](#), dags. [11.6.](#), [20.6.](#), [21.6.](#), [8.8.](#) og [13.8.2025](#), auk ábendinga á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra 19.6.2025.
29. Pétur Bolli Jóhannesson f.h. Þingvangs og AD; vegna [Skaftafells III og IV](#), dags. [24.6.](#) og [7.8.2025](#).
30. [Skaftárhreppur](#), dags. 14.8.2025.
31. [Skipulagsstofnun](#), dags. 22.8.2025.
32. Svæðisskipulagsnefnd [Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi](#), dags. 24.6.2025.
33. Hólmfríður Guðlaugsdóttir og Ármann Karl Guðmundsson, [Svínafelli](#), ábendingar á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra 19.6.2025.
34. Regína Hreinsdóttir og Klaus Kretzer, [Svínafelli](#), ábendingar á opnu húsi umhverfis- og skipulagsstjóra 19.6.2025.
35. Íris Ragnarsdóttir Pedersen, [Svínafelli](#), dags. 31.7.2025.
36. [Veðurstofa Íslands](#), dags. 5.8.2025.
37. [Vegagerðin](#), dags. [1.8.2025](#) og [14.8.2025](#).
38. Erla Rún Guðmundsdóttir, [Viðborðsseli](#), dags. 7.6.2025.
39. Sveinn Runólfsson, f.h. [Vina íslenskrar náttúru](#), dags. 6.8.2025. Ítarefni með umsögninni er bréf til sveitarfélagsins dags. 4.6.2025 um [skipulag skógræktar – leiðbeiningar um val á landi til skógræktar](#), með tengli á vefinn [Rétt tré á réttum stað](#).
40. [Þingeyjarsveit](#), dags. 7.7.2025.
41. VSÓ ráðgjöf, dags. 16.6.2025, ábendingar um lagfæringar á [legu Hringvegjar](#).
42. Skipulags- og mannvirkjasvið Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 19.8.2025, spurningar um [stök íbúðarhús á SL-reitum](#).

2. Efni umsagna og svör


2.1 Svæði fyrir verslun og þjónustu og íbúðir

Hólabrekka - fjölgun gistirúma: Óskað er eftir að ákvæði um hámarks umfang gistirúma verði 90-100 í stað 60. „Þannig gefist tækifæri á að byggja upp í samræmi við [gildandi] deiliskipulag ..., t.d. þannig að í hverju smáhýsi geti verið um 5-6 rúm auk þess sem möguleikar eru að nýta herbergin sem fyrir eru til hins ítrasta ...“

Svar: Fallist er á ósk um 100 gistirúm með hliðsjón af gildandi deiliskipulagi.



Skaftafell III og IV - stækkun reits, fjölgun gistirúma og íbúðir: Óskað er eftir stækkun landnotkunarreits VP-44 úr 15 ha í um 50 ha og fjölgun gistirúma úr 140 skv. gildandi aðalskipulagi í 350 rúm. Einnig er óskað eftir að hámarksíbúðafjöldi verði 30 íbúðir í stað 15 íbúða skv. vinnslutillögu.




Þá er gerð athugasemd við það mat að uppbygging íbúðarhúsnæðis á reit VP-44 muni hafa neikvæð áhrif á ásynd úr þjóðgarði, séð frá Skaftafellsheiði og þjónustusvæði í Skaftafelli, sbr. kafla 9.8 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu, Sem gagnrýni á matið er bent á eftirfarandi:

- Ekki sé fyrirhugað að byggingar á VP-44 verði hærra eða meira áberandi (litaval) en varnargarður sem þarna er, sem sé grár og yfir 6 metra hár.
- Að VP-44 sé um 10 mys lægra í landi en þjónustusvæðið í Skaftafelli, þannig að byggðin á VP-44, 5 m há hús, rís aldrei yfir sjóndeildarhring frá þjónustusvæðinu séð.
- Að frá skerinu sunnan og austan við Svartafoss sem er um 240 mys sé 2,5 km í sjónlínu að VP-44. Sannreyna megi að vegna fjarlægðar sé sjónmengun af sundurlausum 5 m háum, 200 rúmmetra, sandgráum byggingum dreifðum á 16 ha miklu minni en af 5 km löngum, beinum, samfelldum og um 6 m háum milljón rúmmetra varnargarði.
- Að á svæðum hærra og lengra inn á heiðinni byrgi gróður og fjölbreytt landslag fólki þar að miklu leiti sýn á flest það sem er nærri fjallinu. 8 m há og 5000 rúmmetra bygging við flugvöllinn sé t.d. máluð þannig að hún stingi ekki mikið í augu þótt stór sé.

Svar varðandi íbúðafjölda: Við mótnun nýs aðalskipulags hefur uppbygging íbúðarhúsnæðis í dreifbýli verið til umfjöllunar, einkum í vesturluta Örnefa, sbr. kafla 9.8 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu vinnslutillögu. Niðurstaða þeirrar umfjöllunar var að leggja til aðalskipulagsákvæði sem heimili allt að 15 íbúðir á reit VP-44 í landi Skaftafells III og IV, 15 íbúðir á reit VP-650 í landi Freysness og 10 íbúðir á VP-57 sem einnig er í landi Freysness. Niðurstaða um íbúðafjölda er með hliðsjón af

markmiðum aðalskipulagstillögunnar um að byggðarmynstur sveitarfélagsins einkennist af stærri íbúðarkjörnum í hverri sveit og í minni þyrpingum á eða við bæjartorfur, auk stakra íbúðarhúsa á bæjarhlöðum eða við þau, sbr. rökstuðning í kafla 9.2 og 9.3 í skipulagsgreinargerð vinnslutillögu og kafla 9.8 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Miðað er við að sveitarkjarnar séu með um 50 íbúðir og að þyrpingar á eða við bæjartorfur verði fremur litlar og þá einkum í tengslum við þá starfsemi sem



þar er. Uppbygging íbúðarhúsnæðis á reitum VP-44 og VP-650 fellur ekki í framangreinda byggðarflokka (sbr. skýringarmyndina til hliðar) en í vinnslutillögu var engu að síður gert ráð fyrir möguleika á uppbyggingu á reitunum, eða 15 íbúðir á

hverjum. Það var gert vegna eftirspurnar eftir íbúðarhúsnæði vestan Sandfells sem og vegna þess að umferð frá íbúðarbyggðinni í Hofi til vesturhluta Örfæla lendir oft í erfiðleikum vegna vindafars við Sandfell og munu þær aðstæður ekki breytast fyrr en búið er að færa Hringveg neðar í landi líkt og gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur 15 íbúða mörk á reitunum vera í samræmi við framangreinda stefnu um byggðarflokka. Ennfremur telur nefndin skynsamlegt að fara hægt í uppbyggingu á þessu svæði, þar sem um er að ræða reiti á jaðri Þjóðgarðs á Heimsminjaskrá og í einu tilviki reit undir náttúruvæðing vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði.

Með vísan í framangreindar skýringar er ekki fallist á að hækka hámark á íbúðafjölda en landnotkunarreitir verður stækkaður um 7,2 ha til að rúma íbúðarbyggðina í samræmi við óskir.

Til að samræmi sé í skipulagsákvæðum fyrir allar bæjartorfur / þyrpingar verður í almennum ákvæðum sett viðmið um 15 íbúðir sem hámark á hverri torfu / í hverri þyrpingu, nema annað sé tilgreint í sérákvæðum. Ef óskað er eftir að heimilaðar verði fleiri íbúðir á einstökum reitum skal erindinu fylgja rökstuðningur með vísan í markmið og almenn skipulagsákvæði sem við geta átt, sem og umhverfismat sbr. gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Svar um mat á ásýndaráhrifum íbúðaruppbyggingar: Umfjöllun um kosti og galla uppbyggingar íbúða á reit VP-44 í kafla 9.8 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu verður uppfærð með hliðsjón af framangreindum ábendingum.

Svar við ósk um fjölgun gistirúma: Gildandi aðalskipulag gerir ráð fyrir 140 gistirúmum á VP-44 sem skv. gildandi deiliskipulagi deilast á 70 gistihús. Hvert gistihús er 40 fm auk 24 fm svefnlofts. og heildarbyggingarmagn er því 4.480 fm. Fjölgun gistirúma um 210 í sambærilegum gistihúsum, alls 105, þýðir að viðbótarbyggingarmagn yrði 12.864 fm. Þau áform eru tilkynningarskyld framkvæmd skv. lið 12.04 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur mikilvægt að ákvörðun Skipulagsstofnunar um hvort framkvæmdirnar skuli háðar umhverfismati liggi fyrir áður en tekin er afstaða til fjölgunar gistirúma á reitnum. Hámarksfjöldi gistirúma verði því haldið óbreyttum, en með vikmörkum upp á 5 gistirúm sbr. svar að neðan við ábendingu Skipulagsstofnunar. Sjá einnig í samhengi við sambærileg svör um Hoffell og Skriðu hér aftar í skjalinu.

Skipulagsstofnun - vikmörk um fjölda gistirúma á VP-reitum: „Í umfjöllun um flokka verslunar- og þjónustusvæða kemur fram að tilgreindur er hámarksfjöldi gistirúma í

sérákvæðum allra VP-reita en að hann sé til viðmiðunar og ekki bindandi heldur verði endanlegur fjöldi ákveðinn á deiliskipulags- og/eða leyfisstigi. Skipulagsstofnun bendir á að deiliskipulag þarf að samræmast aðalskipulagi og það getur því ekki kveðið á um fleiri gistirúm en heimildir aðalskipulags kveða á um á hverju svæði. Sé ætlunin að skapa svigrúm í aðalskipulaginu í þessum efnum er bent á að unnt er að setja tiltekin vikið varðandi fjölda gistirúma þar sem það á við.

Svar: *Almennt ákvæði á bls. 78 í kafla 9.3 verður svona (**feitletrun** sýnir breytinguna): „Tilgreindur fjöldi gistirúma í sérákvæðum landnotkunarreita er hámarksfjöldi og skal endanlegur fjöldi, **innan þess hámarks**, ákveðinn á deiliskipulags- og/eða leyfisstigi. Þó eru sett **vikið** á hámarkið, sem nemur 5 gistirúmum, þannig að ekki þarf að breyta aðalskipulagi fyrr en farið er yfir vikið. Gistirúm í sérákvæðum taka ekki til gesta á tjaldsvæði.“*

Náttúrufræðistofnun - Skaftafell III og IV: Stofnunin hefur ekki veitt umsagnir um gildandi deiliskipulag í Skaftafelli III og IV þar sem heimilið hefur verið mikil uppbygging á ósnortnu svæði á söndunum sunnan við Skaftafell. Vatnajökulsþjóðgarður gerði athugasemd við þessa uppbyggingu þegar breyting var gerð á aðalskipulagi og tekur Náttúrufræðistofnun undir að hér virðist vera um töluvert inngríp hvað varðar ásynd og rask á viðkvæmu umhverfi en stofnunin þyrfti að skoða nánar umhverfisáhrif þessara framkvæmda.

Svar: *Fjallað var um áhrif mögulegrar íbúðaruppbyggingar vestan Örfæna, þ.m.t. í Skaftafelli III og IV, í kafla 9.8 forsendu- og umhverfismatsskýrslu vinnslutillögu. Gerð verður grein fyrir framangreindum ábendingum Náttúrufræðistofnunar í neðanmálgrein í kafla 9.8.*

Skipulagsstofnun - sveitarkjarnar: „Til að auka skýrleika stefnunnar er mikilvægt að fram komi fyrir hvert svæði eftir því sem við á hvort það sé sveitarkjarni ...“.

Svar: *Á bls. 70 í kafla 9.2 er hugsunin á bak við stefnu um byggðarmynstur skýrð og þar kemur fram hvaða svæði teljast til sveitarkjarna. Þar kemur einnig fram að kjarnarnir falli í flokkinn íbúðarbyggð og ekki eru skilgreindir aðrir reitir í þeim flokki í dreifbýlinu. Í almennum og sértækum ákvæðum er svo nánar lýst hvaða starfsemi og umfang á heima á þeim. Ekki ætti því að fara á milli mála hverjar landnotkunarheimildir eru á reitunum en til að það sé kýrskýrt verður orðinu sveitarkjarni bætt inn í skipulagsákvæðatöflu landnotkunarflokksins íbúðarbyggð.*

Skipulagsstofnun - bæjartorfur: „Í sértækum ákvæðum er mikilvægt að í ákvæðum komi fram hvort um sé að ræða bæjartorfu, sbr. heimild aðalskipulagstillögunnar varðandi íbúðarhúsnæði á slíkum svæðum.“ ...

Svar: *Bæjartorfa er skilgreind í kafla 9.3 og þar sem segir: „Bæjartorfa telst vera staður þar sem þrjú eða fleiri býli eru saman í hnapp eða mynda ákveðna heild og nota sameiginlega heimreið.“ Skilgreiningin í kafla 9.2 (bls. 71) verður uppfærð til samræmis við þessa og er skilgreiningin talin nógu skýr til að hægt sé að meta í hverju tilviki, þegar kemur að aðalskipulagsbreytingum og deiliskipulagi, hvort viðkomandi reitur telst bæjartorfa eða ekki. Að skilgreina á aðalskipulagstillögunni hvað telst bæjartorfa og hvað ekki yrði of mikil viðbótarvinna við þegar umfangsmikið aðalskipulag, auk þess sem hún er óþörf.*

Skipulagsstofnun - skipulagsákvæði um íbúðafjölda VP-reitum: „Auka þarf skýrleika á bls. 78, en þar kemur fram að íbúðir eru heimilar á VP-reitum sem teljast vera á bæjartorfu eða vera hluti af henni og fjöldi íbúða skal ákveðinn á deiliskipulagsstigi. Hinsvegar kemur einnig fram á

bls. 79 að „[þar] sem gert er ráð fyrir íbúðarbyggð á VÞ-svæðum skal gera grein fyrir fjölda og stærð íbúða...“. Einnig er beint á að fyrir framfylgd stefnu um íbúðarhúsnæði á VÞ-reitum sem eru utan bæjartorfa, sé mikilvægt að „sett verði fram skýr viðmið varðandi það við hvaða aðstæður á verslunar- og þjónustusvæðum og að uppfylltum hvaða skilyrðum sveitarstjórn telji það koma til álita að fallast á slík áform. Að mati stofnunarinnar þarf m.a. að setja fram skýrar forsendur fyrir slíkri stefnu og rökstyðja með hliðsjón af nálægð við fyrirliggjandi bæjartorfur og sv' eitarkjarna.“

Svar: Almenn ákvæði um íbúðir á VÞ-reitum verða svona sjá kafla 9.3 í skipulagsgreinargerð: „

„Íbúðir eru heimilar á VÞ-reitum sem teljast vera á bæjartorfu eða vera hluti af henni. Bæjartorfa telst vera staður þar sem þrjú eða fleiri býli eru saman í hnapp eða mynda ákveðna heild og nota sameiginlega heimreið. Fjöldi íbúða skal ákveðinn í deiliskipulagi en almennt skal miða við 15 íbúðir sem hámark. Ef óskað er eftir að heimilaðar verði fleiri íbúðir skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi, með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins,“

„Ef óskað er eftir að heimilaðar verði nýjar íbúðir á VÞ-reitum sem ekki teljast til bæjartorfa skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins. Einnig skal við matið hafa hliðsjón af nálægð við þéttbýlið á Höfn og sveitarkjarna (sbr. kafla 9.2), sem og staðhættum, landslagi, samspili við aðra landnotkun markmiðum. Miða skal við 15 íbúðir sem hámark í hverri þyrpingu og kalla fleiri íbúðir á rökstuðning og umhverfismat á aðalskipulagsstigi. Uppbygging íbúða á VÞ-reitum er ekki á forræði sveitarfélags.“

Skipulagsstofnun - ákvæði fyrir VÞ-flokk 2: „... á bls. 77 kemur fram að í VÞ-flokk 2 fellur uppbygging sem er ekki tilkynningarskyld en kallar á gerð deiliskipulags en í næstu greinaskilum kemur fram að uppbygging í þessum flokki kalli almennt á gerð deiliskipulags. Þessi ákvæði þarf að samræma.“ Einnig er bent á að á bls. 138 í greinargerð er gerð grein fyrir heimildum til annarrar atvinnustarfsemi og uppbyggingu innan landbúnaðarsvæða og m.a. heimildum til gistingar með <45 gistirúm og <1000 m². Í ákvæðum fyrir VÞ flokk 2 á bls. 77 eru sett fram samskonar ákvæði. Þetta þarf að yfirfara svo ekki skapist óvissa um hvenær þarf að skilgreina viðeigandi landnotkun. Jafnframt þarf að skýra hvaða málsmæðferð eigi við um áform með fleiri en 45 gistirúm og meira en 1000 m², upp að tilkynningarskyldunni.“

Svar: Texti um VÞ-flokk 2 í kafla 9.3 verður svona: „Uppbygging sem er ekki tilkynningarskyld (þ.e. er undir mörkum í flokki 1 en yfir mörkum þess umfangs sem heimilt er á landbúnaðarsvæðum sbr. kafla 9.3). Æskilegt er að unnið sé eitt deiliskipulag fyrir hvern aðalskipulagsreit sem heild en heimilt er að skipta reitnum upp í fleiri deiliskipulagsreiti ef það þykir henta betur, t.d. þar sem þegar er í gildi deiliskipulag.“

Í þeim tilvikum sem óskað er eftir að heimiluð verði 100-199 gistirúm (þ.e. umtalsverður fjöldi en innan marka tilkynningarskyldu) skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.

Unnt kann að vera að beita grenndarkynningu samkvæmt gr. 5.9 í skipulagsreglugerð ef framkvæmdir teljast umfangslitlar, hafa minniháttar áhrif og varða fáa.“

Skipulagsstofnun - frístundahús: „Frístundahús eru heimil á VÞ-reitum en fjöldi þeirra verður ákveðinn á deiliskipulagsstigi [bls. 78]. Mikilvægt er að setja almenn viðmið varðandi hámarksfjölda slíkra húsa á hverjum reit svo ljóst sé hvenær breyta þarf aðalskipulagi og skilgreina frístundabyggð.“

Svar: Á VÞ-reitum í dreifbýli Hornafjarðar er ýmiskonar ferðaþjónusta ráðandi landnotkun, en innan nokkurra þeirra eru nú þegar stök frístundahús og er framangreindu ákvæði ætlað að draga fram að þau hús eru í samræmi við landnotkunarflokkinn en eru ekki ráðandi landnotkun. Með hliðsjón af þessu og því að erfitt getur verið að greina á milli frístundahúss til einkanota og útleigu (þ.e.a.s. hvað telst frístundabyggð og hvað verslun og þjónusta) eru ekki taldar forsendur til að setja nánari ákvæði um umfang. Deiliskipulag og tilheyrandi málsmeðferð ætti að nægja til að draga fram viðeigandi forsendur og áhrif, sem og að gefa hagsmunaaðilum tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Á því stigi verður metið hvort umfang og ráðgerð notkun frístundahúsa er ekki lengur minniháttar og kallar á afmörkun frístundabyggðarsvæðis. Til að koma til móts við ábendingu Skipulagsstofnunar verður ákvæðið á bls. 78 orðað svona: „Frístundahús eru almennt heimil á VÞ-reitum og er fjöldi þeirra ákveðinn í deiliskipulagi. Metið verði á því stigi hvort fjöldi húsanna kallar á að afmarkaður sé frístundabyggðarreitur með aðalskipulagsbreytingu.“

Hoffell - stækkun reits með fjölbreyttri ferðaþjónustu: Óskað er eftir „heimildum í aðalskipulagi sem tryggja uppbyggingu fjölbreyttrar ferðaþjónustu í háum gæðaflokki í Hoffelli á grundvelli einstakrar náttúrufegurðar og auðlinda svæðisins. Hægt verði að koma fyrir gestastofu með sýningu, hóteli og baðstað sem efla heilsársferðaþjónustu í eystri hluta Hornafjarðar og fá gesti til að dvelja lengur í sveitarfélaginu. Verslunar- og þjónustusvæði VÞ-13 verði stækkað, nýtt verslunar- og þjónustusvæði við jökulsporðinn verði skilgreint og ákvæði í greinargerð verði uppfærð.“ Erindinu fylgdi skipulags- og matslýsing dags. 7.1.2025. Lýsingin var til umfjöllunar á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 3.9. sl. en þá var málinu frestað til næsta fundar.

Svar: Skipulags- og matslýsing fyrir aðalskipulags- og deiliskipulagsbreytingu var kynnt í Skipulagsgátt í janúar 2025. Sjö umsagnir bárust. Svör Eflu f.h. framkvæmdaraðila liggja fyrir. Í þeim kemur m.a. fram að framkvæmdaraðili hafi „tekið ákvörðun um að verkefnið fari strax í mat á umhverfisáhrifum“ en áformin eru tilkynningarskyld sbr. lið 12.4 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í svörum Eflu segir einnig: „Í kjölfar umsagna vegna fyrirhugaðrar ferðaþjónustu við Hoffell hefur framkvæmdaraðili tekið ákvörðun um að minnka umfang framkvæmdarinnar upp við jökullón. Við jökulgarðinn verður baðlón og veitingaaðstaða með allt að 400 skápum en fallið hefur verið frá hugmyndum um hótalgistingu við jökulgarðinn. Áfram er gert ráð fyrir allt að 150 herbergja hótalgistingu og veitingaþjónustu á skógræktarsvæðinu vestur undir Hoffellsfjalli. Á skógræktarsvæðinu er nú gert ráð fyrir að gestastofa og hótél verði í sömu byggingu. Með þessum breytingum dregur úr landraski frá fyrstu áformum.“

Umhverfis- og skipulagsnefnd telur mikilvægt að áður en tekin er afstaða til áformanna í aðalskipulagi verði sett fram tillaga að aðalskipulagsbreytingu út frá breyttum áformum og umsögnum sem bárust við skipulagslýsingu og með tilheyrandi umhverfismati á áætlunarstigi. Þar sem reiknað er með að ekki verði búið að ganga frá aðalskipulagsbreytingu vegna Hoffells áður en nýtt aðalskipulag tekur gildi þarf breytingatillagan að vera unnin út frá fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu og gátlista umhverfismats í forsendu- og umhverfismatsskýrslu hennar. Reiknað er með að tillaga að nýju aðalskipulagi verður afgreidd til athugunar Skipulagsstofnunar fyrir auglýsingu í september/október og verður hún þá jafnframt aðgengileg sem grundvöllur að vinnslu tillögu fyrir Hoffell. Í

breytingatillögunni er mikilvægt að gerð sé grein fyrir áhrifum fyrirhugaðar mannvirkjagerðar, þ.m.t. baðlóns, á Vatnajökulspjóðgarð, landslag og einstakar jarðmyndanir, gróður og dýralíf, vatnafar, minjar, aðgengi almennings, aðra ferðaþjónu, umferð og vegi (sbr. einnig umsagnir um skipulagslýsingu). Á grundvelli matsins verði settar fram tillögur að aðalskipulagsákvæðum, sem jafnframt eru í samræmi við viðeigandi markmið og almenn skipulagsákvæði í tillögu að nýju aðalskipulagi.

Ennfremur, telur nefndin mikilvægt að ákvörðun um matsskyldu liggi fyrir áður en breytingatillagan er afgreidd til kynningar, eða að öðrum kosti að umhverfismatsskýrsla á framkvæmdastigi liggi fyrir. Þessi krafa er gerð vegna þess að um er að ræða umfangsmiklar breytingar á viðkvæmu svæði á jaðri þjóðgarðs á Heimsminjaskrá, sbr. einnig umsagnir sem bárust við skipulagslýsingu.

Skriða - nýr reitur með fjölbreyttri ferðaþjónustu og íbúðum: Ekki barst umsögn um vinnslutillöguna hvað varðar áform í landi Skriðu en verkefnastjóra umhverfis- og skipulagsmála hjá sveitarfélaginu barst tölvupóstur 10.6., 11.7. og 13.8.2025 frá Eflu f.h. framkvæmdaraðila þar sem spurt er framgang málsins hjá sveitarfélaginu, sbr. einnig fund umhverfis- og skipulagsnefndar 3.9. sl. þar sem málið var til umfjöllunar.

***Svar:** Í lok mars 2025 vann Alta, að beiðni umhverfis- og skipulagsstjóra, minnisblað um áformin í landi Skriðu með ábendingum um áframhaldandi vinnslu tillögu að aðalskipulagsbreytingu, en þá lá fyrir ákvörðun Skipulagsstofnunar dags 23.1.2025 um að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Í tölvupósti Eflu dags. 13. ágúst sl. segir að brugðist hafi verið við ábendingum Alta og uppfærð gögn hafi verið send sveitarfélaginu þar sem umfang áætlana var helmingað. Þau gögn voru tekin fyrir á fundi umhverfis- og skipulagsnefndar 4.6.2025 og aftur 3.9. sl. Á síðari fundinum kynnti skipulagsráðgjafi frá Alta drög að minnisblaði um hvernig brugðist hefði verið við ábendingum í minnisblaðinu frá í mars, en þær ábendingar eru áfram taldar eiga við þó svo umfang hafi minnkað. Nefndin fól starfsmanni að vinna áfram að málinu í samráði við skipulagsráðgjafa, ljúka minnisblaðinu í samræmi við umræður á fundinum og senda til landeigenda/framkvæmdaraðila. Verður það gert innan tíðar en kallað verður eftir sambærilegum upplýsingum og tilgreindar eru í svari til Hoffells hér að ofan, m.a. með hliðsjón af mögulegum áhrifum á vatnið Þveit.*

Náttúrufræðistofnun - Hoffell og Skriða: Stofnunin hefur nýlega veitt umsagnir um áform í landi Hoffells annarsvegar og Skriðu hinsvegar „og gert ýmsar athugasemdir og er vísað í þær umsagnir.“

***Svar:** Sjá svör við erindum Hoffells og Skriðu að ofan.*

Náttúrufræðistofnun - Svínhólar: Stofnunin gerði „athugasemdir við áform um mikla uppbyggingu í landi Svínhóla í Lóni vegna nálægðar við viðkvæm fjörusvæði og er vísað í umsögn stofnunarinnar frá 2019 hvað það varðar.“

***Svar:** Vinnslutillagan er í samræmi við þegar staðfesta aðalskipulagsbreytingu í landi Svínhóla sem tók gildi í desember 2020.*

Náttúrufræðistofnun - Hvalvörðugilslækur: Stofnunin telur að áform um „nýtt þjónustusvæði vestan við Hvalvörðugilslæk í Örafum ... [þurfi] einnig að skoða vandlega m.t.t. umhverfisáhrifa.“

***Svar:** Vinnslutillagan er í samræmi við aðalskipulagsbreytingu sem tók gildi 21.10.2024. Deiliskipulag fyrir Hvalvörðugilslæk tók gildi 27.3.2025.*


Sauðanes - fjölgun gistirúma: Sótt er um breytingu á skipulagsákvæðum fyrir reit VP-37. Í stað 30 gistirúma hámarksumfangs verði reiknað með 190 gistirúmum í gistiheimili og minni gistihúsum/sumarhúsum. Stærð reits verði óbreytt frá vinnslutillögu, sem er ≤5 ha.

Svar: *Umfangið sem óskað er eftir er nálægt mörkum fyrir tilkynningarskyldar framkvæmdir sbr. lið 12.04 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Umhverfis- og skipulagsnefnd telur mikilvægt að sett sé fram umhverfismat á aðalskipulagsstigi fyrir nýjar óskir sem fela í sér fleiri en 100 gistirúm. Í almenn ákvæði fyrir VP-flokk 2 í kafla 9.3 verður bætt inn eftirfarandi ákvæði: „Í þeim tilvikum sem óskað er eftir að heimiluð verði 100-199 gistirúm (þ.e. umtalsverður fjöldi en innan marka tilkynningarskyldu) skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.“*

2.2 Landbúnaðarsvæði

Freysnes - breytt mörk gagnvart óbyggðu

svæði: Óskað er eftir að reitur á Skeiðarársandi sem liggur á mótum væntanlegra gatnamóta núverandi og fyrirhugaðs nýs Hringvegar í Örfum falli í flokk landbúnaðarsvæða í stað óbyggðra svæða, sbr. rauðan þríhyrning á myndinni til hliðar.



Svar: *Reiturinn er innan svæðis NV-1 í gildandi aðalskipulagi sem þar er merkt sem „áhrifasvæði stórhlaupsins á Skeiðarársandi, Örfum, hlaup árið 1996.“. Gildandi aðalskipulagsákvæði er: „Mannvirkjagerð önnur en sú sem nauðsynleg er vegna samgangna og veitna er óheimil.“ Skipulagsstofnun bendir í sinni umsögn að reiturinn NV-1 sé í landnotkunartöflu fyrir náttúruvársvæði en hann sé ekki sýndur í aðalskipulagsvefsjá. Ástæða þess er að reiturinn var ekki í landfræðilegum gögnum Skipulagsstofnunar sem aðalskipulagsvefsjáin er unnin út frá. Engar ábendingar um þetta svæði eru í umsögn Veðurstofu Íslands en á vef stofnunarinnar er að finna umfjöllun og útgáfu um hættumat vegna jökulhlaupa samfara eldgosum í Örfajökli. Samantekt á íslensku er að finna þar í skýrslunni „Jökulhlaup í Örfum og Markarfljóti vegna eldgosa undir jökli. Forgreining áhættumats.“ Vitnað er í þá skýrslu í kafla 4.1 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.*

Áður en umhverfis- og skipulagsnefnd tekur afstöðu til óskar um landnotkunarbreytingu verður leitað álits Veðurstofunnar á því hvort og þá hvernig afmarka eigi hættusvæði á Skeiðarársandi út frá fyrirliggjandi þekkingu/hættumati og breytingum sem orðið hafa (s.s. varnargarður) frá því gildandi aðalskipulag var staðfest.

Freysnes - nýbýli: Spurt er hvort áform um nýbýli vestan Heiðalæks, neðan við veg í Örafum geti fallið að aðalskipulagstillögunni, sjá mynd til hliðar.

Svar: *Umræddur reitur fellur innan landbúnaðarsvæðis og kallar því ekki á breytingu á landnotkun frá vinnslutillögu. Hinsvegar þarf að gæta að hættumati vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði þegar kemur að deiliskipulagsgerð og/eða leyfisveitingum. Reiturinn virðist liggja að mörkum hættumatslínu B og C fyrir árið 2070.*



Skipulagsstofnun - flokkun landbúnaðarlands: „Stofnunin bendir á að fyrir liggja drög að flokkun landbúnaðarlands á landsvísu sem er í kynningarferli ... Stofnunin beinir því til sveitarstjórnar að nýta þá flokkun til að undirbyggja skipulagsákvæðanir um skilgreiningu landnotkunarreita á landbúnaðarsvæðum og setja um þá viðeigandi skipulagsákvæði sem taka mið af því hvers konar land er um að ræða. Mismunandi stefna getur gilt um einstaka landnotkunarreiti á landbúnaðarsvæðum eftir því m.a. hversu mikilvægt er að vernda ræktarland til matvælaframleiðslu og hvaða svigrúm er talið eiga við til uppbyggingar, starfsemi, skógræktar, landgræðslu o.s.frv. Sömuleiðis þarf að marka stefnu um á hvaða landbúnaðarsvæðum, við hvaða aðstæður og í hvaða umfangi skógrækt verði heimiluð, hvar hún kann að vera háð takmörkunum og hvar hún sé óheimil sbr. einnig markmið um að velja land til skógræktar með hliðsjón af landslagssérkennum og sjónrænum áhrifum. Bent er á leiðbeiningar um skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga sem finna má á vef stofnunarinnar. Auk þess er bent á að Land og skógur vinnur að gæðaviðmiðum fyrir val á landi til skógræktar sem er framfylgdarverkefni með stefnu um Land og líf og jafnframt vinnur stofnunin að staðli um sjálfbæra skógrækt á Íslandi í samstarfi við Staðlaráð Íslands.“

Svar: *Við mótun aðalskipulagstillögunnar var ákveðið að bíða með flokkun landbúnaðarlands þar sem fyrir lá að ráðast ætti í slíka flokkun á landsvísu, eins og kemur fram á bls. 70 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu, enda mikilvægt að beitt sé samræmdri aðferðafræði á landsvísu.*

Reiknað var með að þegar kæmi að framfylgd aðalskipulagsins myndi sú flokkun liggja fyrir og nýtast sem grundvöllur að frekari mati á verðmæti landbúnaðarlands á deiliskipulagsstigi á þeim svæðum þar sem framkvæmdir stæðu til, enda krefst frekara mat vettvangskonunnar sem ekki er hægt að framkvæma á aðalskipulagsstigi.

Því eru í vinnslutillögunni eftirfarandi ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði: „Forðast skal að spilla góðu akuryrkjalandi skv. mati eftir leiðbeiningum atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis um flokkun landbúnaðarlands. Leiðbeiningarnar kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulagsins og skal fara eftir þeim sem gilda á hverjum tíma. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar skal metið hve vel land hentar til akuryrkju í samræmi við leiðbeiningarnar og þess gætt að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu. Leitast skal við að vernda landbúnaðarland sem flokkast sem mjög gott ræktunarland eftir slíkt mat. Skjólbelti eru þó heimil á slíku landi.“

Í ákvæðum um umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt, hvort heldur sem er á landbúnaðarsvæðum eða skógræktar- og landgræðslusvæðum, er einnig gerð krafa um að gerð sé grein fyrir „Hvort og hvernig val á landi samræmist gæðaviðmiðum Lands og skógar þegar þau liggja fyrir og fellur að flokkun lands m.t.t. hæfni og akuryrkju.“ Þar verður vísun í tiltæk gögn á landsvísu

sett inn sem grundvöllur að frekari flokkun þegar þau hafa verið birt. Ekki þykja nægjanlegar forsendur liggja fyrir til að flokka landbúnaðarland í undirflokk eftir verðmæti til akuryrkju á þessu stigi þar sem það krefst umfangsmikillar vettvangsathugunar.

Stafræn gögn úr flokkunarverkefninu verða birt í aðalskipulagsvefsjá, líkt og ýmis önnur forsendugögn, þegar þau liggja fyrir.

Auk framangreinds, er hér bent á að sett eru mun ítarlegri almenn ákvæði um alla landnotkunarflokka en í gildandi aðalskipulagi sem er ætlað að stuðla að því að öll landnotkun og mannvirkjagerð sé vel undirbúin á grundvelli greiningar á náttúrufari og landslagi, auk mats á verðmæti lands til akuryrkju og munu gögn um flokkun landbúnaðarlands á landsvísu verða þar góð viðbót. Einnig er sérstaklega bent á ítarlegar kröfur, m.v. gildandi aðalskipulag, um gögn sem þarf að leggja fram með framkvæmdaleyfisumsókn til skógræktar, sem m.a. annars eiga að tryggja að verðmætt akuryrkjuland sé ekki tekið til skógræktar.

Með vísan í ítarleg almenn ákvæði um landbúnaðarsvæði og skógrækt er því ekki fallist á að ekki sé mörkuð stefna um nýtingu landbúnaðarlands m.t.t. góðs ræktunarlands, þó hún sé ekki sett fram með skiptingu landbúnaðarsvæða í undirflokk líkt og Skipulagsstofnun leggur til. Vísun í grunn gögn úr flokkunarverkefninu á landsvísu nægir á þessu stigi með kröfu um nánari flokkun á deiliskipulags- og/eða leyfisstigi.

Skipulagsstofnun - lausn úr landbúnaðarnotum: „Að mati Skipulagsstofnunar mætti setja það sem skilyrði fyrir lausn úr landbúnaðarnotum að henni fylgi greinargerð með rökstuðningi fyrir þörf til breytinga þar sem tekin sé afstaða til þeirra þátta sem tilgreindir eru í greinargerð, skipulagsákvæðum og 5. gr. jarðlaga. Sérstaklega er bent á það sem fram kemur í forsenduhefti varðandi mikilvægi þess að huga að áhrifum stefnu, um t.a.m. breytta landnotkun, skógrækt og ræktarlönd, á náttúrufar í stærra samhengi enda geta breytingar haft áhrif á ósnortnum svæðum og neikvæð áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika. Sveitarstjórn tekur þá afstöðu til þess hvort landnotkun verði breytt frá landbúnaðarsvæði með hliðsjón af rökstuðningi.“

Svar: Í almennum ákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði verður minnt á 5. gr. jarðalaga og sett inn viðmið fyrir ákvörðun um að leysa land úr landbúnaðarnotum, með vísan í ákvæði laganna, markmið aðalskipulagstillögunnar, gátlista umhverfismats og önnur almenn ákvæði sem við geta átt. Textinn verður svona: „Með ósk um að leysa land úr landbúnaðarnotum skv. 5. gr. jarðalaga, skal leggja fram þau gögn sem tilgreind eru í framangreindri lagagrein og gera grein fyrir samræmi áformanna við markmið aðalskipulagsins m.a. með hliðsjón af gátlista umhverfismats í forsendu- og umhverfismatsskýrslu þess.“ Sambærilegt almennt ákvæði verður sett fyrir verslunar- og þjónustusvæða sem er sá annar landnotkunarflokkur í dreifbýlinu sem það gæti helst varðað.

Skipulagsstofnun - fjöldi stakra húsa: „Tilgreina þarf hámarksfjölda stakra íbúðar- og frístundahúsa á hverri jörð eða landskika svo ljóst sé hvenær skilgreina þarf viðeigandi landnotkun.“

Svar: Ákvæði um hámarksfjölda íbúðar- og frístundahúsa á hverri jörð er algeng leið í aðalskipulagi til að stuðla að því að íbúðarbyggð dreifist ekki um og of, þar sem slík dreifing er talin geta haft neikvæð áhrif t.d. á náttúrufar/landslag, aukið akstur með tilheyrandi umhverfisáhrifum og gert samfélagsþjónustu eins og skólaakstur erfiðari og dýrari en ella. Þessi leið til stýringar hefur hinsvegar í mörgum tilvikum reynst erfið í framfylgd vegna þess að jarðamörk taka breytingum, til verða nýir landskikar og hægt er að stofna ný lögbýli. Að binda ákvæðið við stöðu jarðamarka eða lögbýla á

tilteknu ári, s.s. staðfestingarári aðalskipulags, hefur í mörgum tilvikum hvorki þótt sanngjarnt né auðvelt í framfylgd.

Í vinnslutillögu fyrir Hornafjörð þótti árangursríkara að taka mið af sögulegu byggðarmynstri sem einkennist af bæjartorfum. Með því að binda ákvæði um stök íbúðar- og frístundahús við bæjarhlöð og núverandi aðkomuleiðir/heimreiðar þeirra er verið að setja nokkrar skorður við dreifingu slíkra húsa og leitast við að koma í veg fyrir að ný hús verði á víðavangi. Því þykir ekki þörf á að setja hámarksfjölda húsa pr jörð, enda takmarkar fjöldi bæjarhlaða og heimreiða fjölda húsa, auk þess sem auðveldara er að þjónusta byggðina.

Til að skýra fjölda húsa pr. bæjarhlað/heimreið verður ákvæðinu breytt svona (feitletrun sýnir breytingu): „Stök íbúðarhús og stök frístundahús (**sem standa ein og sér eða 2-3 hús saman**) á núverandi bæjarhlöðum eða í grennd þeirra og sem nýta núverandi aðkomuleiðir/heimreiðar og aðra sameiginlega innviði, s.s. veitukerfi. Til verndar náttúru, ræktarlands og í samræmi við sögulegt byggðarmynstur sveitanna er lögð áhersla á að byggðin verði sem mest í torfum og forðast verði að byggja stök hús á víðavangi. **Fleiri en 3 ný hús saman í hnapp geta kallað á landnotkunarbreytingu (ÍB-reit, VP-reit eða F-reit).**

Vinir íslenskrar náttúru - markmið um landbúnað: Lagt er til að hugtakið vistvænn landbúnaður verði ekki notað (sbr. ÞA.4) þar sem það er illa skilgreint. Betra væri að tala um landbúnað í sátt við náttúruna og vistkerfi hennar.

Svar: Ábendingin er tekin til greina og verður markmið ÞA.4 svona: *Styðja við þróun fjölbreytts landbúnaðar í sátt við náttúruna og vistkerfi hennar.*

Vinir íslenskrar náttúru - markmið um landbúnað: Í samhengi við þá leið að markmiði ÞA.4 að stuðla að „fjölbreyttri og hagkvæmri nýtingu landbúnaðarsvæða sem byggir á rannsóknum og vöktun ...“ er bent á að ekki er nóg að rannsaka og vakta beitarlönd og gróður – sveitarfélagið verði að kappkosta að tryggja að gripið verði til aðgerða til að stöðva ofbeit af völdum sauðfjár og að sauðfjárbúskapur verði rekinn með sjálfbærum hætti, en á það skorti verulega.

Svar: Ábendingin er hvatning til bæjarstjórnar og kallar ekki á breytingu á aðalskipulagstillögunni.

Vinir íslenskrar náttúru - endurheimt votlendis: „Því miður hefur það tíðkast allt of víða um land að votlendi, stærra en 2 ha, er ræst fram án þess að hlutaðeigandi sveitarstjórnir grípi til aðgerða. Hér er lagt til að sveitarstjórn taki ákvörðun um að öll framræsla votlendis ... skuli háð framkvæmdaleyfi og að þeirri ákvörðun verði fylgt eftir undantekningarlaust.“

Svar: Vinnslutillagan miðar við að framræsluframkvæmdir sem hafa áhrif á ≥ 2 ha eru háðar framkvæmdaleyfi og ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.“ En til samræmis við ákvæði um tilkynningu/framkvæmdaleyfi um endurheimt votlendis verður í ákvæði um framræslu bætt við: „Tilkynna skal áform um framræslu sem er innan við 2 ha til umhverfis- og skipulagsnefndar, til að fá úr því skorið hvort aflu þurfi framkvæmdaleyfis.“

2.3 Skógrækt og landgræðsla

Selbakki ehf, Flateyjarbúið ehf og eigendur Aðalbóls - stærðarmörk: Spurt er út í eftirfarandi skipulagsákvæði vinnslutillögunar um nýræktun skóga á bls. 140 í skipulagsgreinargerð (sjá einnig bls. 120 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu): „Eftirfarandi landnotkun og mannvirkjagerð

er heimil á landbúnaðarsvæðum, án þess að reitir fyrir hana sé afmarkaðir á aðalskipulagsuppdráttum ... Nýræktun skóga á <25 ha svæði utan verndarsvæða. Ræktun á stærra svæði kallar á afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis (SL) á aðalskipulagsupdrætti og eftir atvikum sértæk skipulagsákvæði." Spurt er hvort 25 ha viðmiðið eigi við um hverja jörð og hvort hver jörð geti verið með marga nýskógræktarreiti sem hver um sig eru minni en 25 ha.

Svar: Til að skýra umrætt ákvæði á bls. 140 verður það þannig (**feitletraði** textinn er viðbót við texta vinnslutillögu): „Nýræktun skóga á <25 ha **samfelldum reit**, utan verndarsvæða. Ræktun á stærra svæði kallar á afmörkun skógræktar- og landgræðslusvæðis (SL) á aðalskipulagsupdrætti og eftir atvikum sértæk skipulagsákvæði. **Ef nýskógræktarreitur liggur að öðrum reit, sem áður hefur verið gefið út framkvæmdaleyfi fyrir, skal telja stærð reitanna saman og sé samanlögð stærð 25 ha eða meira skal afmarka SL-reit með aðalskipulagsbreytingu og tilheyrandi málsmeðferð. Viðmiðið er óháð jarðamörkum og innan hvernar jarðar kunna að vera fleiri en einn aðskilinn skógræktarreitur innan við 25 ha að stærð. Reitir teljast aðskildir ef verulegur aðskilnaður er á milli þeirra og ekki er hægt að segja að um sama reit sé að ræða.**“

Skipulagsstofnun - skógræktarsvæði: Stofnunin bendir á að marka þarf „stefnu um á hvaða landbúnaðarsvæðum, við hvaða aðstæður og í hvaða umfangi skógrækt verði heimiluð, hvar hún kann að vera háð takmörkunum og hvar hún sé óheimil sbr. einnig markmið um að velja land til skógræktar með hliðsjón af landslagssérkennum og sjónrænum áhrifum. Bent er á leiðbeiningar um skógrækt í skipulagsáætlunum sveitarfélaga sem finna má á vef stofnunarinnar. Auk þess er bent á að Land og skógur vinnur að gæðaviðmiðum fyrir val á landi til skógræktar sem er framfylgdarverkefni með stefnu um Land og líf og jafnframt vinnur stofnunin að staðli um sjálfbæra skógrækt á Íslandi í samstarfi við Staðlaráð Íslands.“

Svar: Í vinnslutillögunni eru settar ítarlegar kröfur um gögn sem leggja þarf fram með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt. Þeim er ætlað að stuðla að því að ákvörðun um hvaða land verður tekið til skógræktar verði vel ígrunduð. sem og hvernig staðið verður að skógræktinni. Í gagnakröfunum er m.a. vísað til væntanlegra gæðaviðmiða Lands og skógar. Einnig er vísað til leiðbeininga um skógrækt. Þá þarf skógrækt að vera í samræmi við ýmis önnur markmið og ákvæði aðalskipulagsins s.s. hvað varðar votlendi og ágengar tegundir. Þessi nálgun sýnir stefnu sveitarfélagsins í skógræktarmálum og ekki eru taldar forsendur til að ákvarða nánar hvar rækta skal skóg eða ekki, þar sem það krefst meiri greiningar en aðalskipulagsgerð býður upp á, auk þess sem slík greining ætti að vera á könnu Lands og skógar eða landeigenda.

Náttúruverndarstofnun - skógræktarsvæði: „Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í aðalskipulaginu verði gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt, í samræmi við skipulagsreglugerð. Sérstaklega skal gera grein fyrir ræktuðum svæðum, uppgræðslusvæðum og skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Ef skógræktarsvæði verða ekki afmörkuð sérstaklega á aðalskipulagsupdrætti telur stofnunin nauðsynlegt að þau séu sýnd á sérstöku þemakorti.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að sett verði fram skýr stefnumörkun varðandi skógrækt ef stefnt er að eflingu hennar innan sveitarfélagsins. Slík stefna ætti að fela í sér sértæk markmið og skilyrði, svo sem:

- Að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum eða búsetuminjum.
- Að ekki verði plantað alveg niður undir vatnsbakka.
- Að ekki verði plantað í mýrlendi.

- Að ekki skapist hætta á þurrkun tjarna og annarra votlendissvæða.
- Að skógrækt hafi ekki neikvæð áhrif á búsvæði mófugla eða aðrar tegundir með hátt verndargildi.

Svar: *Vísað er í svar við sambærilegri ábendingu Skipulagsstofnunar hér að ofan.*

Vinir íslenskrar náttúru - verndun akuryrkjulands: Tekið er undir áherslu á að forðast beri að spilla góðu akuryrkjulandi að óþörfu [sbr. almenn ákvæði í kafla 9.9 um landbúnaðarsvæði og kafla 9.10 um skógræktar- og landgræðslusvæði] en talið er að kveða þurfi fastara að orði. Í stað þess að segja „... að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt að óþörfu“, þurfi „að leggja áherslu á að gott akuryrkjuland spillist ekki á óafturkræfan hátt nema að ýrtruðu almannahagsmunir krefjist þess.“

Svar: *Með hliðsjón af ákvæðum um flokkun landbúnaðarlands og ítarlegum ákvæðum um skógrækt og ferðaþjónustu, sem er sú landnotkun sem helst gæti haft áhrif á akuryrkjuland, er ekki talin þörf á að kveða fastar að orði, a.m.k. á meðan ríkisvaldið hefur ekki sett strangari kröfur.*

Vinir íslenskrar náttúru - framfylgd ákvæða um skógrækt: Í samhengi við leið að markmiði

ÞA.1 um að „skógrækt bæti landgæði, virði náttúru, líffræðilegan fjölbreytileika og landslag ...“ er bent á að „Allir þessir þættir voru virtir að vettugi þegar Sveitarfélagið Hornafjörður veitti framkvæmdaleyfi til skógræktar með framandi ágengri tegund á Heinabergsaurunum fyrir örfáum árum.“ [Hér er væntanlega átt við SL-999 Selbakka sem 75,9 ha reitur]. „Þegar sveitarstjórn ... veitti skógrækt á Heinabergsaurum framkvæmdaleyfi var ekki hugað að



verndun verðmæts akuryrkjulands. Reynslan af ræktun fyrir grasköglaverksmiðjuna í Flatey á árunum 1975 til 1991 sýndi að Heinabergsaurana mátti vel nýta til akuryrkju og túnræktar í stað þess að spilla því landi á óafturkræfan hátt að óþörfu eins og gert var. Úr því að framkvæmdaaðilinn fer ekki eftir alþjóðlegum reglum um vottun kolefniseininga með því að framkvæma engar mælingar fyrir jarðvinnslu og gróðursetningu á losun eða bindingu kolefnis, þá verða kolefniseiningarnar sem verða til með skógræktinni nær einskis virði.“

Svar: *Í aðalskipulagstillögunni eru settar fram skýrar og ítarlegar kröfur til framkvæmdaleyfisumsókna og sett fram ýmis markmið og ákvæði sem taka þarf mið af við leyfisveitinguna. Þannig leitast við að stuðla að því að ákvarðanir um skógrækt verði hér eftir vel undirbúnar. Að öðru leyti er vísað í svör að ofan. Varðandi vottun kolefniseininga, sjá hér svar aftar.*

Vinir íslenskrar náttúru - framkvæmdaleyfi og greining: „Í jafn viðkvæmri náttúruverlu og Hornafjörður er, ætti öll nýræktun skóga að vera háð framkvæmdaleyfi og aðeins heimiluð að undangenginni vandaðri greiningu þar sem náttúruvernd er höfð að leiðarljósi.“

Svar: *Í vinnslutillögunni er miðað við að nýræktun skóga ≥ 10 ha sé framkvæmdaleyfis skyld en við þau mörk miðar þátttaka í skógrækt með opinberum stuðningi. Í kröfum til framkvæmdaleyfisumsókna felst krafa um ítarlega greiningu sem undanfara ákvörðunar um að land verði tekið til skógræktar.*

Vinir íslenskrar náttúru - framkvæmdaleyfi og umsagnir: „Mikilvægt er að leita umsagnar Náttúruverndarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar, Minjastofnunar Íslands og Náttúrufræðistofu Suðausturlands áður en ákvörðun er tekin. ... Auk þeirra aðila sem tilgreindir eru á bls. 145, er brýnt að leita umsagnar Náttúrufræðistofnunar, meðal annars vegna fuglalífs, en einnig vegna annarra þátta sem varða umhverfið og náttúru landsins. Þá þarf einnig að leita umsagnar Umhverfis- og orkustofnunar til dæmis ef stefnt er að skógrækt nálægt vatnshlotum áa og vatna, vegna súrnunar jarðvegs og grunnvatns, sérstaklega þegar um barrskógrækt er að ræða. Leita skal til Náttúruverndarstofnunar en ekki bara þar sem skógræktarsvæði liggur að verndarsvæði heldur líka vegna skuldbindinga Íslands um verndun líffræðilegrar fjölbreytni, einkum hvað varðar áhrif ræktunar framandi barrtrjáa á náttúru Íslands. VÍN leggur sérstaka áherslu á heildstæða nálgun í umhverfismálum. Því er afar mikilvægt að kolefnisbinding með skógrækt komi ekki í veg fyrir að Ísland uppfylli alþjóðlega samninga sem landið hefur samþykkt, svo sem samninginn um líffræðilega fjölbreytni og verndun ákveðinna fuglategunda sem Ísland ber sérstaka ábyrgð á.“

Svar: Í vinnslutillögunni eru eftirtaldir umsagnaraðilar tilgreindir: Landeigendur aðliggjandi jarða/landa ef skógrækt liggur að mörkum þeirra eða kann að hafa áhrif yfir mörk, Land og skógur, Heilbrigðiseftirlit Austurlands, Minjastofnun Íslands, Náttúrustofa Suðausturlands, nágrannasveitarfélag/-félög ef svæðið liggur að mörkum þeirra, Náttúruverndarstofnun þar sem skógræktarsvæði liggur að verndarsvæði, eru sýnileg frá því eða eru hluti af landslags- eða vistheild þess og Vatnajökulspjóðgarðs þar sem skógræktarsvæði liggur að mörkum hans, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans sbr. 54. gr. laga um náttúruvernd. Á listann verður bætt eftirfarandi texta: Eftir atvikum kann að vera ástæða til að til að leita umsagnar fleiri aðila s.s. Náttúrufræðistofnunar vegna alþjóðlegra skuldbindinga um lífríki og Umhverfis- og orkustofnunar vegna mögulegra áhrifa á vatnshlot.

Vinir íslenskrar náttúru - ágengar tegundir, fuglalíf og líffræðileg fjölbreytni: „Fjalla verður mun nákvæmar um hvernig verði komið í veg fyrir útbreiðslu trjáa þar sem hún telst óæskileg. Í fyrsta lagi þarf að koma skýrt fram hver á að meta hvað sé óæskileg útbreiðsla. Í öðru lagi þarf að kveða á um hverjir eiga að fjarlægja ágengar trjategundir sem dreifa sér og hvenær og hverjir skuli bera kostnað af því. Einfaldasta leiðin til að koma í veg fyrir að trjáplöntur dreifi sér er að banna notkun barrtrjáa, sérstaklega stafafuru og sitkagrenis.“ Einnig segir í umsögninni: „Ljóst er að hin stjórnlausa kolefnisskógrækt sem viðgengist hefur hér á landi á síðustu árum er ein helsta ógnin við líffræðilega fjölbreytni. Notkun framandi ágengra tegunda eins og stafafuru þarf að stöðva án frekari tafa. Árangursríkasta leiðin til þess, er að stjórnvöld hætti að greiða styrki af opinberu fé til gróðursetningar stafafuru. Hún er afar ágeng hér á landi eins og svo víða í heiminum. Oftast er hún gróðursett í ríkt mólendi, iðulega með mikilli líffræðilegri fjölbreytni. Þegar fram líða stundir hefur hún breytt skógarbotninum í svörð með mjög fáum plöntutegundum. ... Hér á landi er hún alvarleg ógn við líffræðilega fjölbreytni.“ Mynd [að ofan] sýnir „Nær gróðurlaus[an] skógarbotn stafafuru sem áður var að líkindum ríkt mólendi með mikilli líffræðilegri fjölbreytni.“



Jafnframt segir í umsögninni: „„Umfangsmiklar rannsóknir á vegum Náttúrufræðistofnunar hafa leitt í ljós að skógrækt hefur almennt talsverð neikvæð áhrif á fuglastofna, einkum þá sem Ísland

hefur skuldbundið sig til að vernda með alþjóðlegum samningum. Almennt er nú lítið svo á að ekki skuli gróðursetja tré né víðitegundir í votlendi. Samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 nýtur votlendi verndar. Ísland hefur auk þess skuldbundið sig til að vernda votlendi í samræmi við Ramsar-samninginn alþjóðlegt samkomulag um verndun votlendis.”

Svar: Með hliðsjón af áhrifum á lífríki samþykkir umhverfis- og skipulagsnefnd að setja inn ákvæði um bann við plöntun stafafuru og bann við að votlendi sé tekið undir nýskógrækt. Sjá almenn ákvæði í kafla 9.10 um skógræktar og landgræðslusvæði (SL), en þau almennu ákvæði gilda um alla skógrækt óháð framkvæmdaleyfisskyldu og óháð því hvort hún er í landnotkunarflokknum SL eða á landi í flokki landbúnaðarsvæða (L) eins og kemur það fram í kafla 9.9 um síðarnefnda flokkinn.

Vinir íslenskrar náttúru - trjátegundir, landslag og sjónræn áhrif: Með vísan í almennt ákvæði í flestum landnotkunarflokkum um að landslagsmótun og gróðursetningu falli sem best að landslagi og náttúrufari, er talið mikilvægt að „árétta að barrskógar geta aldrei fallið að íslensku landslagi, allra síst á þessu svæði.“ Einnig segir í umsögninni: „Hætt er við að víða í þessu sveitarfélagi hafi skógrækt, sérstaklega með barrtrjám verulega neikvæð sjónræn áhrif. Á myndinni hér...[til hliðar] má sjá barrtré gróðursett fyrir nokkrum áratugum við rætur líparít hjalla og annarra jökulminja í Stafafellsfjöllum. Trén eru greinilega framandi í landslagi þessa staðar og skyggja á jarðminjar svæðisins og þar af leiðandi ekki í samræmi við verndarmarkmið jarðminja og landslags, sjá m.a. a og d lið 3. gr. laga um náttúruvernd nr. 60/2013.“ Jafnframt segir: „Mikilvægt er að kveða skýrara að orði og banna alla notkun á framandi ágengum tegundum í skógrækt og tilgreina sérstaklega stafafuru til að forðast orðaskak um hvort hún sé ágeng. Sumir segja að hún sé ekki ágeng af því að Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið hefur enn ekki uppfyllt ákvæði náttúruverndarlaga þar að lútandi um afgreiðslu nefndar á vegum ráðuneytisins. En stafafuran er hér, eins og víðast annars staðar í heiminum, algengasta ágenga trjátegundin sem þekkist og veldur víða miklum fjárhagslegum skaða.“



Í umsögninni segir einnig: „Brýnt er að settar verði mjög skýrar og ákveðnar reglur um framkvæmd skógræktar, meðal annars til að koma í veg fyrir að hin hörmulegu og óafturkræfu mistök verði endurtekin eins og gerð voru á Heinabergsaurunum.“ Sem „víti til varnarðar“ er bent á kolefnisskógrækt á Heinabergsaurum sem „mun skerða víðsýni vegfarenda á hringvegnum og skerða þetta einstaka víðerni.“

Svar: Í kafla 9.10 um skógræktar- og landgræðslusvæði er að finna þetta almenna ákvæði sem einnig á við skógrækt á landbúnaðarsvæðum: „Skógrækt og uppgræðsla lands falli sem best að heildarsvipmóti lands, bæði m.t.t. staðsetningar og tegunda. Leitast skal við að nota innlendar trjátegundir og almennt skulu framandi eða ágengar tegundir ekki notaðar.“ Sett verður inn ákvæði um bann við notkun stafafuru bæði vegna áhrifa hennar á landslag og lífríki, sbr. einnig svar að ofan við ábendingum VÍN um ágengar tegundir, fuglalíf og líffræðileg fjölbreytni.

Náttúruverndarstofnun - útlendar tegundir: Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 10. gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er ræktun útlendra plöntutegunda óheimil á svæðum sem njóta sérstakrar verndar eða eins og segir í greininni: „Öll ræktun útlendra tegunda hér á landi er óheimil á friðlýstum svæðum, á landslagsgerðum sem njóta sérstakrar verndar og alls staðar ofan 400 metra hæðar yfir sjó.“

Að mati Náttúruverndarstofnunar eiga framangreind ákvæði erindi í skilmála framkvæmdaleyfisins og skulu þau höfð til hliðsjónar við áætlanir um skógrækt í sveitarfélaginu.“

Svar: Vísun í ákvæðin verður sett inn á viðeigandi stað í kafla 9.10.

Vinir íslenskrar náttúru - kolefnisbinding og vottun kolefniseininga: „Almennt er talið að bæði nýskógar og eldri skógar — hvort sem um er að ræða barrskóga, birkiskóga eða víðikjarr — stuðli að kolefnisbindingu. Vísindamenn hér á landi og í hinum vestræna heimi greinir verulega á um hversu mikið binst af kolefni með mismunandi aðferðum í skógrækt, sjá meðal annars [Skógrækt er ekki alltaf sjálfsögð sem loftslagsaðgerð](#) og aðrar greinar um efnið í greinasafni VÍN. Til þess að kolefniseiningar öðlist verðgildi verður viðurkennd vottunarstofa að votta allan ferilinn í hlutaðeigandi skógrækt frá því að framkvæmdir hefjast á grundvelli mælinga hlutlausra aðila á kolefnisbindingu eða losun.“

Svar: Ekki er talið að í aðalskipulagi sé hægt að skilgreina umbúnað um vottun kolefniseininga. Ábendingin kalli því ekki á breytingu á vinnslutillögunni.

Vinir íslenskrar náttúru - leiðbeiningar um val á landi til skógræktar: Sem ítarefni með umsögn VÍN fylgdu leiðbeiningar um val á landi til skógræktar með tengli yfir á vefinn [Rétt tréstað](#).

Svar: Vísun í vefinn verður sett í neðanmálsgrein í kafla 9.10 í skipulagsgreinargerð, sem er í samræmi við vísun í ýmsar aðrar leiðbeiningar sem hægt er að horfa til við framfylgd aðalskipulagsins.

Vinir íslenskrar náttúru - landgræðsla og uppgræðsla: „Æskilegra er að nota orðið landgræðsla í stað uppgræðsla sem er illa skilgreint hugtak og þengra svið.“

Svar: Rithátturinn „landgræðsla/uppgræðsla“ var notaður í vinnslutillögunni þar sem bæði orðin koma fyrir skipulagsreglugerð. Einnig var orðinu uppgræðsla haldið til haga þar sem það er notað í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í þeim lögum kemur landgræðsla ekki fyrir. Orðin verða því bæði notuð áfram.

Vinir íslenskrar náttúru - náttúrulegur skógur: „Brýnt er að ...öll skógrækt í náttúrulegum skógum verði bönnuð. Reynslan úr öðrum landshlutum sýnir að það hefur lengi viðgengist, og gerir enn, að gróðursetja barrtré í náttúrulega birkiskóga og víðikjarr. Tugþúsundir hektara náttúrulegra birkiskóga hafa verið eyðilagðir á þennan hátt, oft með kolefnisskógrækt í huga, og er enn gert í stórum stíl fyrir almannaþé. Opinberum fjármunum er nú varið til þess að rista sundur víðikjarr og gróðursetja þar framandi og ágenga stafafuru, þannig að allur er varinn góður.“

*Svar: Markmið og almenn ákvæði um náttúrulega skóga í tillögunni eru eftirfarandi og sýnir yfirstrikun og **feitletun** hvaða breytingar verða gerðar á textanum:*

- Markmið LN.2: Forðast að skerða birkiskóga og leitast við að endurheimta náttúrulega birkiskóga og önnur vistkerfi sem hefur verið raskað.
- Markmið LL.1 Vernda náttúrulegan birkiskóg og stuðla að frekari útbreiðslu hans.
- Almennt ákvæði um óbyggð svæði í kafla 9.11: **Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og er öll skógrækt innan hans óheimil.**
- Almennt ákvæði um frístundabyggð í kafla 9.6: **Forðast skal ... að raska ... náttúrulegum birkiskógi ... Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og er öll skógrækt innan hans óheimil.**
- Almennt ákvæði um landbúnaðarsvæði í kafla 9.9: **Standa skal vörð um náttúrulegan skóg og er öll skógrækt innan hans óheimil, sem og varanleg eyðing.**
- Almennt ákvæði um landbúnaðarsvæði í kafla 9.9: **Varanleg eyðing náttúruskóga er óheimil.** Varanleg eyðing annarra skóga[á landbúnaðarsvæðum] er ekki æskileg og slík framkvæmd er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í kafla 9.10 um áherslur varðandi skógræktar- og landgræðslusvæði segir í vinnslutillögu:

Náttúrulegur skógur er ekki afmarkaður sérstaklega, enda ekki gert ráð fyrir skógrækt innan hans.

Hann er í flestum tilvikum innan óbyggðra svæða eða landbúnaðarsvæða og um hann gilda almenn ákvæði þar um verndun hans.

Vegagerðin - veghelgunarsvæði: „Hvað varðar skógrækt, þá óskar Vegagerðin eftir að ekki verði ræktaður skógur innan veghelgunarsvæða. Víða á landinu er aukinn trjágróður farinn að skerða sjónlengdir, t.d. við vegamót. Huga þarf að þessu m.t.t. umferðaröryggis.“

Svar: Í almenn ákvæði um skógrækt verður eftirfarandi texti settur inn: **Ekki skal planta trjám innan veghelgunarsvæða þjóðvega.**

Landsnet - fjarlægð frá háspennulínunum: Tekið er fram að til fyrirmyndar sé að í kafla 9.10 um skógræktar- og landgræðslusvæði eru sett ákvæði um að gera skuli grein fyrir fjarlægð trjáa til háspennulína í framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt.

Svar: Ábendingin kallar ekki á viðbrögð.

2.4 Efnistöku- og efnislosunarsvæði

Freysnes - seyrugrifja: Spurt er hvort afmarka þarf landnotkunarreit fyrir seyrugryfju sem er norðan við þjóðveg og vestan við Morsá.

Svar: Sett verður inn almennt ákvæði um að losun seyru geti samræmst landnotkun á landbúnaðarsvæðum á grundvelli starfsleyfis og með hliðsjón af Svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs í Sveitarfélaginu Hornafirði 2025-2036 en þar er gert ráð fyrir að förgun seyru verði hætt og hún þess í stað notuð til landgræðslu í samræmi við áherslur hringrásarhagkerfis.

Freysnes - námur: Öllum malarnámum á Skeiðarársandi í gildandi aðalskipulagi verði haldið inni.

Svar: Beiðnin er í samræmi við kynnta vinnslutillögu og kallar því ekki á breytingar á henni.

Skipulagsstofnun - mörk og umfang efnistökusvæða: „Stofnunin bendir á í sérákvæðum þurfa stærðir efnistökusvæða að vera nákvæmari fyrir hvern reit og umfang byggt á rökum.“

Jafnframt þarf að sýna stærðir á uppdrætti sem fláka en ekki punkt eins þegar efnistökusvæðin eru stærri en t.d. 5 ha að stærð. Sem dæmi færast efnistökusvæði E-10 sem var áður 2 ha í að hámarki 2,5-25 ha að stærð og hámarksefnistaka úr 50.000-149.999m³ í allt að 50.000-500.000m³ og sýndir sem punktur á aðalskipulagsvefsjá.

Svar: Í vinnslutillögunni eru settar fram ítarlegar kröfur til framkvæmdaleyfisgagna með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku. Þessar kröfur ásamt ákvæði um umsagnir, grenndarkynningu og áætlun fyrir efnistöku ætti að tryggja samræmi við aðra landnotkun, að umsagnar- og hagsmunaaðilar geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri og að efnistakan verði vel ígrunduð og undirbúin. Punkttákn eru notað í samræmi við gildandi aðalskipulag og þar sem ekki hafa fengist nánari gögn um mörk efnistökuræita frá Vegagerðinni eða öðrum umsjáraðilum efnistökusvæða.

Vegagerðin - efnistökusvæði: Óskað er eftir sérstöku samráði varðandi efnistökusvæði sem ætluð eru til viðhalds og nýframkvæmda þeirra mannvirkja sem eru í umsjá Vegagerðarinnar.

Svar: Ekki er ljóst hvað átt er við með „sérstöku samráði“, s.s. hvort það á við samráð við mótun aðalskipulagstillögunnar eða við framfylgd hennar. Listi yfir efnistökusvæði í gildandi aðalskipulagi var sendur til yfirferðar Vegagerðarinnar í júní 2024. Ekki bárust óskir um breytingar frá gildandi aðalskipulagi.

2.5 Orkuvinnsla og flutningur raforku

Selbakkir ehf - virkjunaráform: Eigandi Haukafellsjarðarinnar hefur hug á að kanna möguleika þess að virkja streymi Kolgrafardalsár/Djúpár. Rennslismælingar eru í undirbúningi en þær kunna að taka nokkur ár. Uppsett rafafli virkjunar, ef til kemur, liggur því ekki fyrir. Þó er talið ljóst að hún geti ekki náð 10 MW. Í ljósi þessara áforma er spurt hvort tilefni sé til að skilgreina iðnaðarsvæði vegna fyrirhugaðrar virkjunar Djúpár í mynni Kolgrafardals, þar sem nú er skilgreint landbúnaðarsvæði.

Svar: Þar sem stærð virkjunar liggur ekki fyrir telur umhverfis- og skipulagsnefnd ekki tilefni til afmörkunar iðnaðarsvæðis. Líkt og kemur fram í á bls. 138 í skipulagsgreinargerð vinnslutillögu, teljast allt að 200 kW vatnsaflsvirkjanir geta verið í samræmi við landnotkun á landbúnaðarsvæðum. Þar segir einnig að stærri virkjanir kalli á afmörkun iðnaðarsvæðis og þær eru ýmist tilkynningarskyldar (220 kW - 10 MW) eða matsskyldar (≥ 10 MW) skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Vinir íslenskrar náttúru - vindorkuver: „Vonandi eru allir íbúar Sveitarfélagsins Hornafjarðar sammála um að aldrei skuli reisa vindorkuver í þessari einstæðu náttúruþerlu sem sveitarfélagið er. Sveitarstjórn ber að leita allra leiða til að hafna tilraunum til uppbyggingar vindorkuvera. Enginn lófastór blettur er til innan sveitarfélagsins þar sem sátt gæti ríkt um að fórna undir slíkt náttúruníð. Ofangreint gildir einnig um nýtingu vindorku með minni vindraftöðvum og stökum vindmyllum.“

Svar: Ekki er gert ráð fyrir vindorkuverum í sveitarfélaginu. Sjá einnig nánar svar við ábendingu Skipulagsstofnunar hér að neðan.

Skipulagsstofnun - vindrafstöðvar og stakar vindmyllur: „Skoða þarf hvort setja þurfi nánari ákvæði varðandi vindrafstöðvar s.s. varðandi fjarlægð frá jarða eða lóðamörkum, íbúðar- eða frístundahúsum eða samlegðaráhrifum vegna slíkra mannvirkja.“


Svar: Í vinnslutillögunni segir í almennum ákvæðum kafla 9.13 um iðnaðarsvæði: *Vindorkuver eru ekki heimil í sveitarfélaginu, nema þau falli undir almenn ákvæði á landbúnaðarsvæðum sem snúa að vindrafstöðvum og stökum vindmyllum inn marka tilkynningarskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana (sjá kafla 9.9).“ Í kafla 9.9 um landnotkun á landbúnaðarsvæðum segir: „Hagnýting vindorku með vindrafstöð á þökum bygginga eða með stakri vindmyllu sem er með <1 MW rafafli og ≤25 m á hæð. Í skipulagsgögnum og/eða leyfisumsókn skal gera grein fyrir framkvæmdum m.t.t. náttúru- og menningarminja, **landslags**, skuggavarps, ljósflökts, hljóðvistar, fuglalífs og annars dýralífs, ferðamennsku, aðliggjandi landnotkunar, **mannvirkja** og innviða, o.fl. sem við getur átt, **og nýta til þess tiltækar leiðbeiningar um áhrif vindorkumannvirkja [sbr. tilvísanir í neðanmálsgrein].** Einnig skal gera grein fyrir samræmi við landsskipulagsstefnu.“ **Feitletraða textanum að ofan verður bætt inn sem og þessari setningu: „Í öllum tilvikum skal vinna deiliskipulag ef setja á upp stakar vindmyllur og einnig ef vindrafstöðvar á þaki get haft áhrif á nágrannahagsmuni.“***

Landsnet - háspennulínur: Talið er æskilegt að flutningskerfi Landsnets verði tilgreind í kafla 6.2 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Svar: Kaflinn verður uppfærður samkvæmt ábendingunni.

Landsnet - tengivirki: Bent er á að tengivirkið Hólar er ekki tilgreint í vinnslutillögunni og að í drögum að [Kerfisáætlun 2025-2034](#) sé gert ráð fyrir endurnýjun tengivirkisins Hóla og Hólalínu 1 undir liðnum „fyrirséðar þarfir til lengri tíma lítið“ sbr. töflu 12-20 í drögunum. Óskað er eftir að sett séu ákvæði sem veita svigrúm til uppbyggingar og endurbóta tengivirkja.

Svar: Skilgreint verður iðnaðarsvæði fyrir tengivirkið Hóla og texti skipulagsgreinargerðar (kafla 9.13) uppfærður. Í kafla 2.1 í skipulagsgreinargerð og kafla 2.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu verður getið um drög að nýrri kerfisáætlun í neðanmálsgrein. Ekki er talin þörf á að setja sérstök ákvæði um viðhald, sbr. einnig svar við næstu ábendingu hér að neðan.



Landsnet - svigrúm til breytinga á innviðum: „Mikilvægt er að í aðalskipulaginu verði settir skilmálar sem veiti svigrúm til breytinga á innviðum flutningskerfis, svo sem lítilsháttar tilfærslu línuleiða eða breytingum á mastragerðum og fleiru. Landsnet telur mikilvægt að aðalskipulagið veiti þetta svigrúm til að tryggja möguleika á minniháttar endurbótum á flutningskerfinu, sem falli vel að almennri stefnu skipulagsins s.s. hvað varðar umhverfi og gæði byggðar. Með því móti er hægt að bregðast skjótt við tilvikum þar sem minniháttar endurbóta er þörf. Umfangsmeiri breytingar á flutningskerfinu kalla eftir sem áður á skipulagslega meðferð samkvæmt 36. gr. skipulagslaga.“

Í þessu samhengi er bent á að í vinnslutillögunni eru sett ákvæði um heimildir til viðhalds, stækkunar og minniháttar breytinga á legu stofnæða vatns- og hitaveitu. Einnig er bent á að í kafla 9.11 um óbyggð svæði eru m.a. sett ákvæði um heimildir til að viðhalda vegum og

minniháttar mannvirkjum til öryggis og vegna fjarskipta. Landsnet telur nauðsynlegt að ákvæðin taki einnig til viðhalds og breytinga á háspennulínunum.

Svar: Í inngangi kafla 9.17 um veitur kemur fram að aðalskipulagið tekur einungis til raflína sem eru með 66 kV spennu og hærri og að núverandi línur í flutningskerfi Landsnets í sveitarfélaginu eru þó allar 132 kV línur. Einnig kemur fram að línur í dreifikerfi kalla ekki á afmörkun í aðalskipulagi og koma ekki fram á aðalskipulagsupphráttum en þær eftir sem áður eru framkvæmdaleyfisskyldar.

Í aðalskipulagstillögunni er nokkur sveigjanleiki varðandi raflínur eins og eftirfarandi almenn ákvæði í kafla 9.17 um veitur bera með sér. Ekki er því talin þörf á að tilgreina frekara svigrúm og ekki er talin þörf á að tilgreina svigrúm til viðhalds þar sem það á einnig við um alla aðra mannvirkjagerð.

- Lega raflína er bindandi í þeirri nákvæmni sem staðfestir aðalskipulagsupphráttir eru (þ.e. 1:60.000). Nánari lega þeirra er ákvæðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi og á grundvelli umhverfismats.
- Gert ráð fyrir því að háspennulínur í flutningskerfi geti verið ofan jarðar eða neðan án þess að greinarmunur sé gerður á skipulagsupphráttum.
- Háspennustrengir geta legið meðfram þjóðvegum án sérstakrar tilgreiningar á skipulagsupphrátti.
- Hafa skal leiðbeiningar Landsnets um háspennulínur til hliðsjónar við deiliskipulagsgerð og undirbúning framkvæmda í nágrenni háspennulína.
- Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.
- Til stofnkerfis rafveitu teljast einnig tengivirki en þau má reisa innan iðnaðarsvæða (sjá kafla 9.13).

Landsnet - aðgengi að línumannvirkjum: Landsnet telur „æskilegt að í aðalskipulaginu verði fyrirtækinu veitt eðlilegt svigrúm til aðgengis að línumannvirkjum í heild en tilgangur þess væri að fyrirtækið geti óhindrað sinnt viðhaldi og viðgerðum.“

Svar: Ekki er talið að ákvæði aðalskipulagstillögunnar hindri aðgengi að línumannvirkjum að neinu leiti.

Landsvirkjun - takmarkanir nærri háspennulínunum: Bent er á að í undirköflum 9. kafla þar sem fjallað eru um takmarkanir á landnotkun gæti átt við að vísa til kafla 9.17 varðandi þær takmarkanir sem gilda nærri háspennulínunum. Þetta á einkum við um landbúnaðarsvæði, skógræktar og landgræðslusvæði, verslun og þjónustu, afþreyingar- og ferðamannasvæði, íþróttasvæði og efnistökusvæði en háspennulínur liggja um slík svæði. Markmiðið með því er að fyrirbyggja skörun mögulegrar uppbyggingar við helgunarsvæði línanna, þannig að tryggja megi örugga afhendingu rafmagns, sem og persónuöryggi, þ.e. öryggi þeirra sem vinna að uppbyggingu og/eða nýta svæðin.

Svar: Undirkaflar um takmarkanir á landnotkun í 9. kafla verða uppfærðir út frá ábendingunni og til samræmis við eftirfarandi sem kemur fram í kafla 9.17 um veitur: Takmarkanir eru á mannvirkjagerð innan helgunarsvæðis háspennulína/-strengja, sbr. reglugerð nr. 678/2009 um raforkuvirki, viðeigandi staðla og Kerfisáætlun Landsnets 2023-2032. Einnig er þetta almenna ákvæði: Hafa skal samráð við veitufyrirtæki við skipulag og framkvæmdir í nágrenni háspennulína og ef ráðgert er að nýta línuslóða.

2.6 Veitur og mengaður jarðvegur

Heilbrigðiseftirlit Austurlands - fráveita: „Í greinargerð eru sett fram markmið um úrbætur í fráveitumálum. Lögð er áhersla á blágrænar ofanvatnslausnir til að draga úr álagi á hreinsivirki. Lagt er til að bætt verði inni í greinargerð áherslu á endurnýjun eldri fráveitulagna þar sem komið er fyrir aðskildu kerfi fyrir skólp og regnvatn. Mikilvægt er að síðasti áfangi hreinsivirkis á Höfn verði forgangsverkefni á skipulagstímabilinu, til að tryggja að frárennsli uppfylli kröfur reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitur og skólp og dregið sé úr bæði lífrænu og efnafræðilegu álagi á viðtaka.“

Svar: Ábendingunni er vísað til bæjarstjórnar þar sem aðalskipulaginu fylgir ekki framkvæmdaáætlun.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands - hitaveita: „Skilgreina þarf veitusvæði í kring um hitaveitu við Hoffell.“

Svar: Ekki er ljóst hvað átt er við. Reitur 1-8 er fyrir hitaveituna og lega stofnæðar (H) frá reitnum til Hafnar er sýnd.

Heilbrigðiseftirlit Austurlands - mengaður jarðvegur: „Á skipulagsvefsjá er tenging við grunn Umhverfis- og orkustofnunar um mengaðan jarðveg. Lögð er áhersla á mikilvægi þessarar tengingar enda er sveitarfélögum skylt skv. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg, að taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur eða þar sem grunur er um mengun við gerð skipulags.“

Svar: Ábendingin kallar ekki á viðbrögð.

Skipulagsstofnun - stofnkerfi veitna: „Sýnd lega stofnkerfa vatns- og hitaveitu á skipulagsuppdraetti telst ekki bindandi og er stækkun æðar og nýlagnir heimilar á grundvelli framkvæmdaleyfis sbr. bls 198. Í sértækum ákvæðum veitna á bls. 200 segir ennfremur viðhald, stækkun æðar og minniháttar breytingar á legu heimilar. Minnt er á að á uppdráttum skal sýna stofnkerfi veitna sbr. gr. 4.3.1 í skipulagsreglugerð. Auk þess er bent á að veituframkvæmdir kunna að falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og mikilvægt er að það komi fram í aðalskipulaginu.“

Svar: Lega stofnæða hitaveitu og vatnsveitu eru sýndar í aðalskipulagsvefsjá og verða á pdf-skipulagsuppdraettum. Almennt ákvæði í kafla 9.17 um að sýnd lega stofnkerfa vatns- og hitaveitu teljist ekki bindandi verður felld út. Þar verður minnt á að flutningskerfi heits vatns er tilkynningarskyld framkvæmd sbr. lið 3.05 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Sama á við um lagningu vatnsveitu um langan veg, sbr. lið 10.17 í viðaukanum.

2.7 Starfsleyfisskyld starfsemi

Heilbrigðiseftirlit Austurlands - starfsleyfi: „Samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er gerð krafa um að allur starfsleyfisskyldur atvinnurekstur sé í samræmi við skipulag. Gera þarf grein fyrir með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvers konar starfsleyfisskyld starfsemi sé heimil innan hvers landnotkunarflokks. Með þeim hætti má tryggja


að starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.“

***Svar:** Starfsemi sem er heimil í hverjum landnotkunarflokki er skilgreind í skipulagsreglugerð, almennum ákvæðum fyrir hvern landnotkunarflokk og í sértækum ákvæðum þar sem tilefni er til. Út frá þeim ákvæðum ætti að vera hægt að sjá hvort starfsleyfis skyld starfsemi er í samræmi við aðalskipulagið. Ekki er hægt að setja fram tæmandi lista yfir starfsleyfis skylda starfsemi í aðalskipulaginu.*

2.8 Vatnsverndarsvæði

Seljavellir - mörk vatnsverndarsvæða: Punktar á opnu húsi:

- Benti á að afmörkun á vatnsverndarsvæðinu hefur færst til afmörkunin á að vera meðfram vegum sem sjást hér með bláu.
- Einnig var bent á að grannsvæðið nái yfir stærra svæði en þörf er á þar sem að hryggurinn á svæðinu virkar þannig að yfirborðsvatn sem er Laxárdalsmegin rennur allt út í Laxá en að vestanverðu þar sem hallar niður að vatnsbólinu er hætt á að þar geti verið mengun af yfirborðsvatni.



Punktar úr bréfi landeigenda:

- Vert er að taka fram að ekkert samráð var haft við landeigendur vegna fyrra aðalskipulags (núgildandi) og var því farið inn á land og lönd í einkaeigu með vatnsverndunarsvæði.
- Umrætt skipulag (núgildandi) rýrir eignarréttindi landeigenda en eignarrétturinn er friðhelgur samkvæmt 72. grein stjórnarskrárinnar.
- Í hinu nýja aðalskipulagi sem nú er unnið að hefur afmörkunin færst til og nær lengra í austur, inn á túnið en í núgildandi skipulagi nær það að girðingunni (sjá mynd í viðhengi). Að mínu mati hafa náttúrulegar aðstæður ekki verið skoðaðar nægilega vel við gerð skipulagsins. Nægilegt væri að grannsvæðið myndi ná upp á hrygginn þar sem vatn getur runnið til suðvesturs og þá niður að vatnsbólinu en fjarsvæðið ætti svo að vera þar sem að hryggurinn hallar út að Selmýrinni. Allt yfirborðsvatn af Laxárdal að austanverðu rennur út í Laxá og þá ekki í átt að vatnsbóli.
- Tel ég eðlilegt að leitað sé sérstaklega til landeigenda hvað varðar fjarsvæðið og þeir séu upplýstir og leitað sé eftir samþykki þeirra fyrir því. Samkvæmt drögum að nýju aðalskipulagi er það yfir 9000 hektarar og vert er að skoða hvort þörf sé á að hafa það svo stórt.
- Hvað varðar nærsvæðið er mikilvægt að huga að **vörnum gegn yfirborðsvatns mengun**. Yfirborðsvatnsmengun getur komið niður Selmýrarhrygginn þar sem hann hallar í átt að vatnsbóli eins og áður var lýst en það svæði er ógirt. Enn fremur er hugsanlegt að yfirborðsvatns mengun geti átt sér stað frá túninu. Þar hefur verið settur lítill garður og rör í gegn sem veitir yfirborðsvatninu af túninu og út í hólminn. Sú framkvæmd hefur örugglega verið mikið til bóta en þó eru annmarkar á henni þar sem bæði er garðurinn of lágur og rörið of grannt þar sem flætt hefur yfir garðinn í stórrígingum og rörið stíflast af krappa. Mikilvægt er að huga vel að nærumhverfi vatnsbólsins en það hefur að mínu áliti skort vilja og áhuga af

hálfu Sveitarfélagsins. Ég hef verið til viðræðu síðastliðin fimm ár um landið fyrir ofan vatnsbólið sem er í minni séreign. Hér er mikilvægt að hafa í huga að ég er eingöngu bundinn af þeim samningi sem gerður var á sínum tíma, það er kaupsamning á Hólmslindum sem finna má í viðhengi. Ég hyggst því á haustdögum undirbúa ræktun á umræddu landi ef ekkert gerist af hálfu Sveitarfélagsins.

Svar: *Afmörkun vatnsverndarsvæða er á forræði heilbrigðisnefndar Austurlands sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn og 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Ekki hafa verið gerðar breytingar á mörkum vatnsverndarsvæðanna frá gildandi aðalskipulagi en mörkin verða yfirfarin m.t.t. ábendinganna út frá samræmi við það aðalskipulag. Ábendingunum er að öðru leyti vísað til Heilbrigðiseftirlits Austurlands sem starfar í umboði Heilbrigðisnefndar Austurlands.*

Skipulagsstofnun - vatnsból og verndarsvæði: „Samkvæmt markmiði VS.1 er stefnt að því að kortleggja vatnsból og afmarka verndarsvæði í kringum þau. Hins vegar segir jafnframt í stefnunni að ekki sé þörf á aðalskipulagsbreytingu vegna nýrra vatnsbóla og verndarsvæða þeirra nema þau varði hagsmuni margra. Stofnunin minnir á að skv. skipulagsreglugerð skal staðsetja „... vatnsból, afmarka vatnsverndarsvæði og setja skilmála til að tryggja að vatnsból mengist ekki.“ Sömu viðmið gilda um landnýtingarákvarðanir vegna nýrra vatnsbóla og gildir um aðra landnotkun. Varði þau ekki hagsmuni annarra geti átt við að gera óverulega breytingu á aðalskipulagi.“

Svar: *Leið að markmiði VS.1 verður svona: „Gæta þess að einkavatnsból og vatnsverndarsvæði þeirra verði skilgreind í deiliskipulagi þar sem við á.“*

Skilgreining vatnsbóla og verndarsvæða þeirra er á könnu heilbrigðiseftirlits og heilbrigðisnefnda sbr. 9. gr. reglugerðar nr. 536/2001 um neysluvatn og 13. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns. Ekki liggja fyrir upplýsingar um önnur vatnsverndarsvæði en þau sem sýnd eru í aðalskipulagsvefsjá og getið er í landnotkunartölum í kafla 9.18 og 9.19.

2.9 Loftslagsmál

Náttúrufræðistofnun - losun og binding kolefnis: Í samhengi við markmið LN.1 og LN.2 um losun og bindingu kolefnis, er bent á að mikilvægt er að kortleggja vel hvaða svæði binda kolefni, til að tryggja að þekking um stöðu bindingar og gróðurs sé góð. Einnig er bent á að fleiri gróðurlendi en votlendi geta bundið kolefni ríkulega t.d. gróskumikil gras- og mólendissvæði. Taka ætti tillit til þessa og leggja mat á eins og kostur er þegar ákvarðanir eru teknar um uppbyggingu sem raskar gróðurlendum.

Svar: *Leið undir markmiði LN.1 verður breytt svona: Forðast að raska svæðum sem binda umtalsvert magn af kolefni, s.s. votlendi **og gróskumikil gras- og mólendi**. Í almenn skipulagsákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði, verslunar- og þjónustusvæði, frístundabyggð og skógræktar- og landgræðslusvæði verður eftirfarandi ákvæði bætt inn þar sem umfang þessarar landnotkunar getur verið talsvert: **Forðast skal að raska landi sem þegar bindur mikið kolefni.***

Náttúrufræðistofnun - endurheimt votlendis: Sveitarfélagið er hvatt til að setja sér mælanleg markmið um endurheimt votlendis og skilgreina svæði þar sem slík endurheimt er ákjósanleg, hvetja landeigendur til að taka þátt í slíkum verkefnum og vera í góðu samstarfi við stjórnvöld og

fagstofnanir. Sérstaklega er mikilvægt að tryggja endurheimt sem mótvægisáðgerð þegar röskun er óumflýjanleg.

Svar: Auk þess sem sett eru markmið/leiðir sem snúa að endurheimt jarðvegs, gróðurlenda og/eða votlendis í LN.1, LN.2, VS.3, LJ.3, LL.1, ÞA.4, þá er fjallað um endurheimt í skipulagsákvæðum fyrir landbúnaðarsvæði. Markmiðin og ákvæðin eru til þess gerð að hvetja landeigendur til endurheimtar og verða viðmið við framfylgd aðalskipulags, sbr. einnig gátlista umhverfismats í kafla 3.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Í almenna ákvæði fyrir landbúnaðarsvæði segir: „Framræsing votlendis er ekki æskileg vegna áhrifa á kolefnisbúskap og lífríki, en getur komið til álita ef hún er nauðsynleg forsenda matvæla- eða fóðurframleiðslu.“ Á eftir þessari setningu verður bætt inn: **Þá skal leitast við að endurheimta votlendi annarsstaðar sem mótvægisáðgerð.**

Í vinnslutillögu var ákvæði um að framræsluframkvæmdir sem hafa áhrif á ≥ 2 ha séu háðar framkvæmdaleyfi og miðuðu þau mörk við tilkynningarskyldur ákvörðunar um matsskyldu skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Í samræmi við almennt ákvæði um endurheimt votlendis í kafla 9.9 verður þessu ákvæði bætt þar inn: **Tilkynna skal áform um framræslu votlendis sem er innan við 2 ha til umhverfis- og skipulagsnefndar, til að fá úr því skorið hvort afla þurfi framkvæmdaleyfis.**

2.10 Landslag

Skipulagsstofnun - landslagsgreining : „Í markmiði LL.A ... er kveðið á um að vernda skuli náttúrufars- og landslagssérkenni og taka mið af þeim við mannvirkjagerð. Sem leið að þessu markmiði er gert ráð fyrir greiningu landslagssérkenna og að meta skuli áhrif framkvæmda á þau. Ekki er nánar fjallað um það hver helstu landslagssérkenni innan sveitarfélagsins eru eða hvernig fyrirhugað er að framkvæma greiningu á þeim og hvenær það skuli gert. Hins vegar er það sett fram sem skilyrði fyrir umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt að gera skuli grein fyrir sjónrænum áhrifum skógræktaráforma og hvernig tekið sé tillit til landslagssérkenna. Þar virðist því gert ráð fyrir að greining þeirra liggi fyrir. Hvatt er til þess að gera skýrari grein fyrir þessum þætti í tillögunni í samræmi við áherslu A.5 í Landsskipulagsstefnu.“

Svar: Fjallað er um helstu landslagssérkenni sveitarfélagsins í kafla 4.4 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu og þar er gerð grein fyrir helstu forsendum markmiðs LL.2 um að tekið verði tillit til landslagssérkenna sveitarfélagsins og þau styrkt við landnotkun og mannvirkjagerð. Vísað er í heimildir stefnunnar til stuðnings, m.a. Landsskipulagsstefnu, Evrópska landslagssamninginn og skýrslu Skipulagsstofnunar um landslag á Íslandi. Tiltæk landfræðileg gögn eru birt í aðalskipulagsvefsjá, s.s. landslagsflokkar úr verkefni Skipulagsstofnunar, víðerni skv. aðferðafræði Wildland Research Institute og víðerni skv. skýrslu sem unnin var fyrir rammaáætlun 4.

Stefna um landslag birtist einnig í fleiri markmiðum s.s. LN.2 um bindingu kolefnis, LJ.1 um jarðminjar, LJ.2 um efnistöku, LL.1 um náttúrufarsérkenni, BB.3 um byggðarmynstur, BB.4 um staðaranda, ÞA.3 um þróun ferðaþjónustu, ÞA.4 um landbúnað og OO.2 um flutningskerfi raforku.

Á grunni markmiðanna eru sett fjölmörg skipulagsákvæði sem snúa að því að vernda og styrkja landslagssérkenni sveitarfélagsins. Ákvæðin kalla m.a. eftir að lögð séu fram gögn á deiliskipulags- og leyfisstigi um hvernig tekið er tillit til landslagssérkenna og hver áhrif á þau kunna að verða. Ekki þykir ástæða til að í aðalskipulaginu sé gerð krafa um tiltekna nálgun við landslagsgreiningu á því skipulagsstigi.

Skipulagsstofnun - verndun víðerna: „Fram kemur í kafla 9.11 ...að gæta skuli að stefnu stjórnvalda um verndun víðerna, eftir því sem við getur átt. Mikilvægt er að í aðalskipulaginu setji sveitarstjórn fram sína stefnu um verndun óbyggðra víðerna í samræmi við stefnu stjórnvalda, náttúruverndarlög og landsskipulagsstefnu.“

Svar: Flest þau svæði sem geta talist til víðerna í sveitarfélaginu eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs eða í landnotkunarflokknum óbyggð svæði, sbr. víðernagögn í aðalskipulagsvefjsá. Í því birtist stefna sveitarfélagsins.

Náttúruverndarstofnun - óbyggð víðerni: „Í greinargerð er fjallað um markmið um verndun víðerna. Náttúruverndarstofnun bendir á að samkvæmt 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, þar sem fjallað er um verndarmarkmið fyrir jarðminjar, vatnasvæði, landslag og víðerni, segir að til að stuðla að vernd jarðfræðilegrar fjölbreytni landsins og fjölbreytni landslags skuli stefnt að því að standa vörð um óbyggð víðerni landsins.

Samkvæmt náttúruverndarlögum nr. 60/2013 eru óbyggð víðerni skilgreind sem svæði í óbyggðum að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja, og að jafnaði í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í aðalskipulagsáætluninni komi skýrt fram stefna sveitarfélagsins um verndun óbyggðra víðerna, þar á meðal hvernig tryggja eigi að uppbygging mannvirkja og innviða hafi ekki í för með sér röskun víðernisgilda þessara svæða. Slík stefna ætti að byggja á kortlagningu óbyggðra víðerna innan sveitarfélagsins og setja fram skýr viðmið um landnotkun og framkvæmdir í grennd þeirra.“

Svar: Sjá svar við ábendingu Skipulagsstofnunar að ofan.

2.11 Líffræðileg fjölbreytni og almenn náttúruvernd

Náttúrufræðistofnun - stefna um líffræðilega fjölbreytni: Bent er á að stjórnvöld hafa kynnt í samráðsgátt drög að stefnu Íslands um líffræðilega fjölbreytni.

Svar: Þar sem stefnan hefur ekki verið samþykkt/staðfest verður aðalskipulagstillagan ekki uppfærð m.t.t. hennar en draganna verður getið í neðanmálsgrein.

Náttúruverndarstofnun - líffræðilegur fjölbreytileiki: „Í greinargerð kemur fram að líffræðilegur fjölbreytileiki sé mikilvægur þáttur í vistkerfum sveitarfélagsins, bæði á landi og í ferskvatni, og að hann hafi grundvallarþýðingu fyrir fæðuöryggi, vistkerfisþjónustu og sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda. Fjallað er um að vistkerfi sjávar og ferskvatns tryggi m.a. hringrás vatns, frumframleiðslu og viðhald erfðafjölbreytileika sem sé forsenda heilbrigðra stofna dýra og plantna.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í skipulagsáætluninni skuli setja fram skýra stefnu um verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika, í samræmi við markmið laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og 22. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013. Slík stefna ætti að byggja á:

- Rannsóknunum, vöktun og skráningu líffræðilegs fjölbreytileika innan sveitarfélagsins.
- Vernd og endurheimt mikilvægra búsvæða, svo sem votlendis, graslendis og birkiskóga.
- Vernd og friðun tegunda, einkum þeirra sem eru á válista eða eru ábyrgðartegundir Íslands.

- Eyðingu ágengra tegunda í samræmi við aðgerðaáætlanir.
- Samræmingu við stjórnunar- og verndaráætlanir friðlýstra svæða og aðrar landsáætlanir um náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að skipulagsáætlunin nýtist sem verkfæri í verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika, bæði í þéttbýli og dreifbýli, og að þar verði skilgreind mælanleg markmið og forgangsröðun aðgerða til að tryggja árangur til lengri tíma.“

***Svar:** Umhverfis- og skipulagsnefnd telur ekki liggja fyrir forsendur til að setja mælanleg markmið í þessum efnum en bendir á að í aðalskipulagstillögunni er komið inn á og fjallað um líffræðilega fjölbreytni í ýmsu samhengi, sbr. listann hér að neðan, sem sýnir að það er skýr stefna að gæta fjölbreytninnar og hlúa að henni:*

- Í undirkaflanum Auðlindir og vistkerfisþjónusta í kafla 2.2 um umhverfi.
- Í kafla 2.5 um megináskoranir.
- Í boxi um þjónustu vistkerfa í kafla 4 um vistkerfi og auðlindir.
- Í markmiði LL.1 um heilbrigði vistkerfa, líffræðilega fjölbreytni og náttúrufarssérkenni, í kafla 4.4 um lífríki og landslag, sbr. einnig umfjöllun í kafla með sama númer og heiti í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.
- Í markmiði ÞA.4 um fjölbreyttan og vistvænan landbúnað í kafla 6.1 um þróun atvinnulífs.
- Í almennu ákvæði, fyrir landbúnaðarsvæði, um endurheimt náttúrulegra skóga, í kafla 9.9.
- Í kröfum til gagna með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt, í kafla 9.10.
- Í umfjöllun um nýtingu sjávarauðlinda innan netlaga, í kafla 9.20.

Náttúruverndarstofnun - fuglalíf: „Í greinargerð kemur fram að fuglafána sveitarfélagsins sé fjölbreytt og nái m.a. til mikilvægra varpsvæða votlendisfugla, sjófugla og mófugla. Vísað er til þess að sveitarfélagið hýsi tegundir sem eru ábyrgðartegundir Íslands, svo sem spóa (Numenius phaeopus), heiðlóu (Pluvialis apricaria) og hrossagauk (Gallinago gallinago), en Ísland ber alþjóðlega verndarskyldu gagnvart þeim. Greinargerðin dregur fram að 90% skúma landsins verpi á svæðinu (36% af heimsstofni), meirihluti þórshana- og helsingjastofna landsins verpi þar og að leirurnar við Höfn séu sérstaklega mikilvægar fyrir vaðfugla. Mófuglar þrífast á bersvæðum og geta aukin byggð og skógrækt í dreifbýli ógnað búsvæðum þeirra.

Náttúruverndarstofnun bendir á að allar fuglategundir eru friðaðar samkvæmt lögum nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nema friðun þeirra hafi verið aflétt með reglugerð nr. 456/1995. Friðun tekur einnig til eggja og hreiðra þeirra fugla sem njóta algerrar eða tímabundinnar friðunar. Í 2. mgr. 6. gr. sömu laga segir að ávallt skuli gæta fyllstu varkárni og nærgætni gagnvart villtum dýrum og búsvæðum þeirra og forðast óþarfa truflun.

Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að við áframhaldandi vinnu við skipulagsáætlunina:

- Kortleggi og verndi mikilvæg fuglasvæði innan sveitarfélagsins.
- Tryggi vernd votlendis, fjöru og annarra lykilbúsvæða fyrir fugla.
- Greini sérstaklega áhrif fyrirhugaðra breytinga á landnotkun á fuglalíf, með áherslu á ábyrgðartegundir.
- Setji fram mótvægisáðgerðir ef breytingar geta haft neikvæð áhrif á fuglastofna eða búsvæði þeirra.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að þessi atriði séu hluti af heildarstefnu aðalskipulagsins um vernd líffræðilegs fjölbreytileika og samræmist skuldbindingum Íslands samkvæmt alþjóðasamningum, þar á meðal Bernarsamningnum og Ramsarsamningnum um votlendi.”

Svar: Í skipulagsgreinargerð er fjallað um búsvæði fugla og mikilvæg fuglasvæði í kafla 2.2 og sett er markmið um að við landnotkun og mannvirkjagerð sé tekið tillit til búsvæða fugla, sbr. markmið LL.1 og skýringar við það í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Í almennum skipulagsákvæðum um nýtingu vindorku og skógrækt er sérstaklega kallað eftir að fjallað sé um áhrif á fuglalíf og í gátlista fyrir umhverfismat í forsendu- og umhverfismatsskýrslu eru mikilvæg fuglasvæði einn af umhverfisþáttunum sem meta ber. Á lista yfir efnivið fyrir viðmið/matsspurningar í umhverfismati verður bætt inn samningum kenndum við Bern og Ramsar en engin Ramsarsvæði eru í sveitarfélaginu, sbr. kafla 3.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu

Þá er í aðalskipulagsvefsjá birt grunngögn um mikilvæg fuglasvæði og ýmis gögn um náttúrufar sem nýfast munu við deiliskipulagsgerð og umhverfismat á því stigi og við aðalskipulagsbreytingar. Reiknað er með að eftir því sem ný landfræðileg gögn verða til um náttúrufar sveitarfélagsins verði þau gerð aðgengileg í aðalskipulagsvefsjá. Að öðru leyti er vísað til svara við ábendingu um líffræðilega fjölbreytni hér næst á undan.

Vinir íslenskrar náttúru - lífríki: Bent er á að ýmsar ógnanir steðja að lífríki og náttúru sveitarfélagsins og að þjónustu vistkerfa sé ógnað vegna ofbeitar og gróðursetningar framandi ágengra tegunda. Sem dæmi er nefnd ofbeit sauðfjár í votlendinu á Skógeyjarsvæðinu, sem raskar því verulega og dregur úr líffræðilegri fjölbreytni. Einnig er staðhæft að gríðarleg ofbeit sé í Laxárdal og ósjálfbær beit sé á öllu fjalllendinu frá Nesjum og austur að Lóni. Þá er bent á eftirfarandi dæmi um ógnanir sem taka þarf á af festu og með faglegum hætti:

- Vinna gegn ágangi framandi tegunda. Tryggja þarf með öllum tiltækum ráðum að ekki verði gróðursettar framandi ágengar tegundir eins og stafafura.
- Velja þarf land og trjátegundir til skógræktar með hliðsjón af landslagssérkennum og sjónrænum áhrifum. Tryggja verður með öllum tiltækum ráðum að umhverfisníðið á Heinabergsaurum verði ekki endurtekið.

Svar: Sjá svar um trjátegundir og líffræðilega fjölbreytni að ofan.

2.12 Verndarsvæði

Náttúrufræðistofnun - svæðisbundin verndun / hverfisvernd: Stofnunin saknar þess að ekki er á skýrari hátt tilgreind áform um að beita svæðisbundinni verndun þar sem hún á erindi. Bent er á svæði á gildandi C-hluta náttúruinjaskrár sem mikilvægt er að standa vörð um og tilefni til að skoða hvort styrkja megi vernd þeirra með einum eða öðrum hætti. Það á bæði við um lífríkissvæði eins og Skarðsfjörð en einnig jarðminjasvæði eins og Stóröldu og Svínafellslögin og allmörg landslagsvæði t.d. fjalllendi sunnan og austan Vatnajökuls allt frá Steinafjalli austur í Hofsdal. Þá hefur Náttúrufræðistofnun lagt til ýmis lífríkissvæði sem möguleg svæði á B-hluta náttúruinjaskrár sem stofnunin metur með hátt verndargildi vegna lífríkis t.d. strand- og votlendissvæði í Lóni og Hornafirði og bæði Skeiðarár- og búsvæði fugla á Skeiðarársandi og sunnan Örfajökuls. Sveitarfélagið er hvatt til að skoða hvort og hvernig styrkja megi vernd þessara svæða enn frekar en með þeim áherslum sem stefna aðalskipulagsins gerir ráð fyrir að

tekið sé tillit til við landnotkun og framkvæmdir. Skýr svæðisbundin verndun með skilgreindum verndarráðstöfunum eru stjórnþæki sem ekki ætti að forðast að nota þar sem forsendur fyrir að beita slíku eru miklar t.d. þar sem verndargildi náttúru er mjög hátt eða verndarstaða slæm. Stjórnþæki náttúruverndarlaga s.s. friðlýsingar og friðun eru þar öflugust en vel skilgreind hverfisvernd í aðalskipulagi með sértækum skilmálum er einnig stjórnþæki sem nota mætti í meira mæli frekar en að fækka slíkum svæðum. Þannig er einnig betur stuðst við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur sett sér t.d. varðandi verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Náttúrufræðistofnun er tilbúin til frekari ráðgjafar um þetta.

Svar: *Við mótnun vinnslutillögu aðalskipulags var kallað eftir upplýsingum eða tillögum frá landeigendum og íbúum um svæði sem þyrfti að vernda eða gæta sérstaklega. Engar tillögur komu fram. Farið var yfir svæði á C-hluta náttúruverndarlaga og tillögu NÍ að B-hluta, sem og hverfisverndarsvæði í gildandi aðalskipulagi. Niðurstaða umhverfis- og skipulagsnefndar var að setja ítarlegri markmið og almenn ákvæði um náttúruvernd innan hinna ýmsu landnotkunarflokka, frekar en að afmarka tiltekin hverfisverndarsvæði. Með því er gengið lengra í náttúruvernd en í gildandi aðalskipulagi.*

Náttúrufræðistofnun - verndargildi fjöru- og grunnsævisvæða nálægt Höfn: Bent er á hátt verndargildi fjöru- og grunnsævisvæða nálægt þéttbýlinu og að áform t.d. um stækkun Hornafjarðarhafnar og uppbygging íbúðar- og athafnasvæða muni valda auknu álagi og sums staðar beinu raski á þessum búsvæðum m.a. vegna landfyllinga innan verndarsvæða t.d. núgildandi náttúruverndarlaga í Skarðsfirði. Nauðsynlegt er að meta vandlega staðbundnar aðstæður og áhrif framkvæmda á lífríki og aðlagða áform með það í huga að minnka neikvæð áhrif eins og kostur er. Meta þarf þörf á mótvægisáðgerðum og hverjar þær geta verið t.d. að tryggja betur vernd þeirra svæða sem ekki stendur til að raska. Ósland er friðlýstur fólkvangur og tryggja þarf að áætluð uppbygging í næsta nágrenni rýri ekki verndargildi svæðisins.

Svar: *Aðalskipulagstillagan gerir ekki ráð fyrir breytingum á landfyllingum frá gildandi aðalskipulagi. Í kafla 8.10 kemur fram að landfyllingar og framkvæmdir vegna Faxeyrarhafnar eru háðar lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. t.d. lið 10.09, 10.10 og 10.18 í 1. viðauka laganna.*

Náttúruverndarstofnun - friðlýst svæði: „Í vinnslutillögunni er ekki fjallað sérstaklega um áhrif endurskoðunar aðalskipulags á friðlýst svæði, en mikilvægt er að mati Náttúruverndarstofnunar að skoðað sé nánar áhrif tillögunnar á verndarmarkmið hvers svæðis. Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum virðist skipulagstillagan ekki fela í sér beinar framkvæmdir á þessum svæðum, en möguleg óbein áhrif (t.d. vegna aðgengis, ferðamennsku eða landnotkunar í næsta nágrenni) ætti að greina frekar við áframhaldandi vinnu.

Náttúruverndarstofnun bendir á að ef fyrir liggja stjórnunar- og verndaráætlanir fyrir friðlýst svæði í sveitarfélaginu þá sé mikilvægt að aðalskipulagið samræmist ákvæðum þeirra. Þetta á einkum við um ákvæði sem varða landnotkun, aðgengi, uppbyggingu innviða og verndun lífríkis og landslags.“

Svar: *Undir almennum ákvæðum fyrir hvern landnotkunarflokk er minnt á takmarkanir sem kunna að gilda, þ.m.t. á friðlýstum svæðum. Í kafla 9.22 um friðlýst svæði kemur fram í almennum ákvæðum: „Um hvert friðland og náttúruvætti gilda auk viðeigandi ákvæða laga um náttúruvernd, reglur í friðlýsingarauglýsingu, ásamt stjórnunar- og verndaráætlun þar sem slík hefur verið unnin.“ Í sértækum ákvæðum fyrir hvert friðlýst svæði er tengill á auglýsingu um friðlýsingu í Stjórnartíðindum*

þar sem reglur koma fram. Ekki þykir ástæða til að endurtaka þær í aðalskipulaginu enda geta þær tekið breytingum á skipulagstímabilinu. Ef fyrirhugaðar eru framkvæmdir innan svæðanna þurfa þær að vera í samræmi við friðlýsingarreglur og eru háðar deiliskipulagi og/eða byggingar-/framkvæmdaleyfi eftir atvikum.

Náttúruverndarstofnun - grannsvæði friðlýstra svæða: „Náttúruverndarstofnun bendir á mikilvægi þess að við áframhaldandi vinnu sé hugað að landnotkun og framkvæmdum á svæðum sem liggja að þjóðgarðinum friðlýstum svæðum, þar sem slík starfsemi getur haft óbein eða bein áhrif á verndargildi þeirra.

Í stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, kafla 9.9 er grannsvæðum lýst: „Grannsvæði Vatnajökulspjóðgarðs eru þau svæði sem liggja að þjóðgarðinum, eru sýnileg frá honum eða eru hluti af landslags- eða vistheild hans. Mikilvægt er að umferð, starfsemi og framkvæmdir á grannsvæðum þjóðgarðsins taki mið af nálægð við þjóðgarðinn og að þar sé gætt ýtrustu varúðar svo að náttúra þjóðgarðsins spillist ekki né heldur upplifun gesta hans“.

Samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að ákvæði aðalskipulags tryggi að fyrirhuguð landnotkun, mannvirkjagerð eða önnur leyfisskyld framkvæmd í grennd við þjóðgarðinn og friðlýst svæði sé metin með hliðsjón af þessu ákvæði laganna, og að viðeigandi skilyrði séu sett til að forða spjöllum á verndargildi svæðanna.“

***Svar:** Í aðalskipulagstillögunni eru sett ítarlegri almenn ákvæði um náttúruvernd en í fyrra aðalskipulagi og telur umhverfis- og skipulagsnefnd því ekki þörf á að setja sérstök ákvæði um grannsvæði þjóðgarðs enda er allt land sveitarfélagsins í nálægð við hann. Í kafla 9.22 verður minnt á 54. gr. náttúruverndarlaga sem segir: „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Náttúruverndarstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.“*

Náttúruverndarstofnun - nærsvæði þjóðgarðs: „Þá er mikilvægt að tillagan endurspegli að þjóðgarðurinn njóti alþjóðlegrar verndar sem hluti af heimsminjaskrá UNESCO. Aðildin að heimsminjaskrá felur í sér skýr skilyrði um að verndargildi svæðisins verði viðhaldið og ekki raskað. Því þarf að tryggja að skipulagsáætlanir og fyrirhuguð uppbygging á nærsvæðum þjóðgarðsins valdi ekki forsendubresti fyrir áframhaldandi skráningu á heimsminjaskrá. Í því samhengi vekur stofnunin athygli á fyrirhugaðri uppbyggingu í Skaftafelli (Skaftafell III/IV) og við Hoffell, þar sem uppbyggingarhugmyndir liggja í jaðri þjóðgarðsins.

Nauðsynlegt er að gera ríkar kröfur um að slík uppbygging verði ekki til þess að rýra þau verndargildi þjóðgarðsins. Það er bæði hagsmunamál sveitarfélagsins og þjóðgarðsins að tryggja að náttúran sem uppbyggingin sækir gildi sitt til verði áfram varðveitt óskert. Því er mikilvægt að einn umhverfispáttur í umhverfismati sé Vatnajökulspjóðgarður.

Í endurskoðaðri aðalskipulagstillögu er gert ráð fyrir nýjum landnotkunarreit, VP-650, austan við þjónustumiðstöð Vatnajökulsþjóðgarðs í Skaftafelli. Reiturinn felur í sér heimild fyrir allt að 15 íbúðir auk hótels með 120 gistirýmum og safni í samræmi við óskir landeigenda.

Í umhverfismati er áréttað að þessi uppbygging geti raskað kjarri og breytt sjónrænum eiginleikum svæðisins, sem eru hluti af verndargildi Vatnajökulsþjóðgarðs og upplifun gesta af svæði á Heimsminjaskrá UNESCO. Að mati Náttúruverndarstofnunar er því brýnt að skoðað sé í áframhaldandi vinnu við gerð skipulagsins að fram komi skýr ákvæði í aðalskipulagi um að allar ákvarðanir um VP-650 séu samræmdar við deiliskipulag fyrir Skaftafell og samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins.

Einnig þarf að skoða nánar að mótvægisáðgerðir verði útfærðar, svo sem að draga úr sjónrænum áhrifum og lágmarka röskun á kjarri, þannig að uppbyggingin rýri ekki verndargildi svæðisins né skapi forsendubrest fyrir áframhaldandi skráningu þjóðgarðsins á heimsminjaskrá.

Svar: *Sjá svar við ábendingu hér næst fyrir ofan um grannsvæði friðlýstra svæða.*

Náttúruverndarstofnun - Tillaga að B-hluta: „Skarðsfjörður er tilnefndur á B-hluta náttúruuminjaskrár og hefur hátt verndargildi vegna náttúrulegra fjara og leira sem eru mikilvæg búsvæði fugla og annarra lífvera. Í greinargerð kemur fram að þegar hafi verið fyllt upp í svæðið við Sílavík, sem sýnir að veruleg röskun hefur átt sér stað. Auk þess eru hugmyndir um færslu á þjóðveginum. Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að fyrirbyggja frekari rask á verndargildi fjarðarins. Fyrirhuguð losun óvirks úrgangs í fjöruna getur dregið úr líffræðilegri fjölbreytni. Nauðsynlegt er að endurskoða þessi áform og tryggja að aðalskipulag kveði skýrt á um vernd Skarðsfjarðar í samræmi við tilnefningu á náttúruuminjaskrá.“

Svar: *Í aðalskipulagstillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga verður lega þjóðvegur í þéttbýli óbreytt frá gildandi aðalskipulagi. Mörk og skilgreining landnotkunarreita í Skarðsfirði er einnig óbreytt og fellur fjörðurinn í flokk strandsvæða sem um gildir: „Svæði innan netlaga og meðfram sjó, ám eða vötnum þar sem aðgengi almennings er tryggt og mannvirkjagerð er haldið í lágmarki.“*

Þó er skilgreindur reitur í flokki sérstakra nota fyrir haf- og vatnssvæði í kringum núverandi og fyrirhugað hafnarsvæði, sbr. kafla 8.11, sem er nauðsynlegt til að tryggja siglingaleiðir að og frá höfn. Ekki er ljóst hvað átt er við með losun óvirks úrgangs í fjöruna, en í aðalskipulagstillögunni er ekki gert ráð fyrir slíku.

Náttúruverndarstofnun - sérstök vernd náttúruverndarlaga: „Í greinargerð er lýst fjölbreyttum vistgerðum og jarðmyndunum innan sveitarfélagsins sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, þar á meðal víðáttumiklu votlendissvæði, birkiskógum, sjávarfitjum og hraunum.

Náttúruverndarstofnun bendir á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruvirkja, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Sveitarfélagið hefur sett sér stefnu um endurheimt votlendis og skilyrði þess efnis að minniháttar efnistaka til eigin nota á lögbýlum sé aðeins heimil utan slíkra verndarsvæða.

Afmörkun þessara svæða er sýnd á kortavefsjá, en mikilvægt er að hún verði einnig birt á sérstöku korti í greinargerðinni. Ljóst er að skilyrði um vernd votlendis ná ekki til allra landnotkunarreita sem innihalda votlendi, t.d. VP-23, VP-46 og efnistökusvæði E-47 og E-44.

Nauðsynlegt er að setja samræmd skilyrði fyrir alla slíka reiti eða endurafmarka þá með hliðsjón af verndarsvæðum.

Stór hluti votlendis er á landbúnaðarlandi án sértækra skilmála um vernd. Að mati Náttúruverndarstofnunar þarf að setja bindandi ákvæði í aðalskipulag um vernd votlendis á slíkum svæðum. Ef sveitarfélagið hyggst heimila landnotkun eða framkvæmdir sem fela í sér röskun á votlendi þarf skýrt að koma fram hvaða brýnu almannahagsmunir réttlæta slíka röskun, í samræmi við ákvæði náttúruverndarlaga.“

Svar: Þemakort yfir svæði í náttúruminjasráð og í náttúruverndaráætlun (sbr. gr. 4.5.3 í skipulagsreglugerð) mun fylgja aðalskipulagstillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga. Í kafla 9.23 um svæði sem falla undir aðra náttúruvernd friðlýsingu, er gerð grein fyrir 61. gr. laga um náttúruvernd. Í kaflanum er eftirfarandi almennt ákvæði fyrir deiliskipulagsgerð og leyfisumsóknir: „Gera skal grein fyrir svæðum sem falla undir aðra náttúruvernd og áhrifum landnotkunar og mannvirkjagerðar á þau. Fara skal með gát og leitast við að raska lífríki og landslagi sem minnst. Huga skal að mikilvægi og sérstöðu svæðanna í íslensku og alþjóðlegu samhengi.“ Einnig segir: „Um vistkerfi og jarðminjar sem taldar eru upp í 61. gr. laga um náttúruvernd gilda ákvæði þeirrar greinar.“ Ekki þykir ástæða til að birta lagaákvæðin í aðalskipulaginu þar sem þau geta tekið breytingum á gildistíma aðalskipulags. Í öllum landnotkunarköflum er minnt á takmarkanir sem kunna að gilda á einstökum reitum og vísað í kafla 9.22 og 9.23 um friðlýst svæði og aðra náttúruvernd.

Náttúruverndarstofnun - vistgerðir og verndargildi: „Í greinargerð kemur fram að vistgerðir í sveitarfélaginu séu fjölbreyttar og nái m.a. til náttúrulegra birkiskóga, votlendis, mólendis, graslendis, mela og sandlendis. Einnig er vísað til vistgerða með hátt verndargildi, svo sem sjávarfitjungsvisstar og gulstararfitjavistar, sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014.

Náttúruverndarstofnun bendir á að þrátt fyrir þessa lýsingu sé mikilvægt að skipulagsáætlunin byggi á heildstæðri vistgerðagreiningu samkvæmt vistgerðaflokkun Náttúrufræðistofnunar Íslands, þar sem verndargildi vistgerða er metið kerfisbundið. Slíkt mat ætti að:

- Byggja á nýjstu gögnum úr vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar.
- Meta vistgerðir út frá verndargildi, þar á meðal vistgerðir á válista og þær sem falla undir Bernarsamninginn.
- Tryggja að vistgerðir með hátt eða mjög hátt verndargildi njóti forgangs í vernd og að röskun þeirra sé lágmörkuð eða forðuð.
- Skilgreina aðgerðir til endurheimtar vistgerða sem hafa rýrnað eða tapast, sérstaklega votlendis, mólendis og kjarri.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að skipulagsáætlunin setji fram skýra stefnu og aðgerðaáætlun fyrir vistgerðir, með mælanlegum markmiðum um vernd, endurheimt og vöktun, í samræmi við lands- og alþjóðlegar verndarskuldbindingar.“

Svar: Gögn Náttúrufræðistofnunar yfir vistgerðir eru birt í aðalskipulagsvefsjá og skjáskot af þeim er birt í kafla 2.2 í skipulagsgreinargerð. Nánari flokkun og mat á verndargildi er meiriháttar rannsóknar- og greiningarvinna sem ekki getur verið hluti af aðalskipulagsgerð. Á meðan frekari grunngögn liggja ekki fyrir verður að gera ráð fyrir að við deiliskipulagsgerð og/eða á leyfisveitingastigi

séu lögð fram nánari gögn ef umfang og eðli fyrirhugaðrar landnotkunar og mannvirkjagerðar gefur tilefni til. Í samræmi við þá nálgun er í kröfum til gagna með umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir skógrækt í kafla 9.10 kallað eftir mati á því hvaða áhrif fyrirhugð skógræktin kann að hafa á megin sérkenni náttúrufars og hvernig tekið er tillit til þeirra, þ.m.t. fuglalíf og votlendi. Einnig m.t.t. líffræðilegrar fjölbreytni.

Markmið og ákvæði tillögunnar um endurheimt og framræslu votlendis, vernd og endurheimt náttúruskóga og viðhald og styrkingu líffræðilegrar fjölbreytni varða einnig verndun vistgerða, sbr. markmið LL.1 og þA.4 og almenn ákvæði í kafla 9.3 um landbúnaðarsvæði og 9.9 um verslun og þjónustu.

Náttúrufræðistofnun - framfygld aðalskipulags: Bent er á að mjög brýnt er að markmiðum og ákvæðum sem snúa að náttúruvernd sé vel og skýrt fylgt eftir þegar kemur að ákvarðanatöku og útfærslu á einstökum áformum og að byggt sé á sem bestu þekkingu um þau atriði er skipta máli hverju sinni.

Svar: Skipulagsákvæði fyrir hvern landnotkunarflokk hafa verið mótuð m.t.t. markmiða og leiða í stefnuhluta aðalskipulagstillögunnar. Við mótun og afgreiðslu aðalskipulagsbreytinga, deiliskipulags, deiliskipulagsbreytinga leyfisumsókna verður jafnframt lögð áhersla á að beita gátlista umhverfismats, í kafla 3.3 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

2.13 Vatnajökulspjóðgarður

Náttúruverndarstofnun - samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun: Bent er á að „að í framhaldsvinnu við gerð aðalskipulagstillögu þurfi að halda áfram að greina með skýrum hætti hvernig tekið verður mið af stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs og þeim skilyrðum sem þar koma fram, meðal annars varðandi landnotkun, framkvæmdir og viðhald mannvirkja.“ Einnig segir: „Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að tryggt verði að öll stefnumótun og rammaákvæði aðalskipulags um svæði innan og við þjóðgarðinn séu í fullu samræmi við gildandi verndaráætlun. Í því felst m.a. að ekki verði mótaðar stefnur eða heimildir sem kunna að ganga gegn ákvæðum verndaráætlunar um landnotkun, framkvæmdaleyfi eða aðgengi.“

Svar: Sjá svar við næstu ábendingu.

Skipulagsstofnun - skipulagsákvæði í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun: „Þar sem deiliskipulag þarf að samræmast aðalskipulagi þarf að setja skipulagsákvæði í aðalskipulagið til samræmis við þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru í stjórnunar- og verndaráætlun til nánari útfærslu við gerð deiliskipulags. Því bendir Skipulagsstofnun á að setja þarf fram stefnu um umfang uppbyggingar og starfsemi á öllum áningarstöðum ferðamanna, þ.m.t. á svæðum sem falla undir stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs, svo sem varðandi heildarbyggingarmagn og heimilaðan fjölda gistirúma, m.a. í Fjallsárlóni, Breiðamerklóni og víðar.“

Svar við ábendingum Náttúruverndarstofnunar og Skipulagsstofnunar um samræmi aðalskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar: Í vinnslutillögunni var vísað í stjórnunar- og verndaráætlun í sérákvæðum landnotkunarreita innan Vatnajökulspjóðgarðs, enda eru sveitarstjórnir „bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan

Vatnajökulsþjóðgarðs“ skv. lögum nr. 60/2007 um þjóðgarðinn. Einnig var þessi háttur hafður á vegna þess að:

- Sveitarstjórn hefur aðkomu að gerð stjórnunar- og verndaráætlunar í gegnum svæðisráð sbr. 7. og 12. gr. laga um Vatnajökulsþjóðgarð.
- Gera skal all nákvæma grein fyrir margvíslegum skipulagsþáttum í stjórnunar- og verndaráætlun sbr. 7. gr. reglugerðar nr. 303/2020 um Vatnajökulsþjóðgarð þar sem segir: „Þar skal gerð grein fyrir markmiðum verndar á einstökum svæðum ..., einstökum verndaraðgerðum, landnýtingu og mannvirkjagerð, vegum, reiðstígum, göngubrúum og helstu gönguleiðum, umferðarrétti almennings, aðgengi ferðamanna að svæðinu og veiðum. ... einnig [skal] gerð grein fyrir reiðhjóla- og reiðleiðum, auk mengunarvarna og fleiri þátta.“ Ennfremur segir í greininni: „Mannvirkjagerð, vegagerð og hvers konar efnistaka innan Vatnajökulsþjóðgarðs er einungis heimil ef gert er ráð fyrir henni í stjórnunar- og verndaráætlun.“

Ofangreint þýðir að í stjórnunar- og verndaráætlun eru margþætt markmið og ákvæði sem óþarfi og erfitt er að endurtaka í aðalskipulagi, auk þess sem þau kunna að taka breytingum á gildistíma aðalskipulags. Með vísun í stjórnunar- og verndaráætlun gerir aðalskipulagið markmið og ákvæði sem þar eru að sínum og skal við deiliskipulagsgerð og leyfisveitingar fara eftir þeim. Ekki ætti því að fara á milli mála hvaða aðalskipulagsákvæði gilda á reitunum.

Náttúruverndarstofnun - álag á náttúru og umferð: „Í tillögu ... eru fjölmörg afþreyingar- og ferðamannasvæði skilgreind innan og í nágrenni við Vatnajökulsþjóðgarð. Gert er ráð fyrir þjónustu, aðstöðu, stækkun reita og víðtækri mannvirkjagerð á mörgum viðkvæmum svæðum, þar á meðal við Fjallsárlón, Jökulsárlón, Svínafellsjökul og í Morsárdal. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í áframhaldandi vinnu verði metið hvort skipulagið styðji við markmið um sjálfbæra ferðamennsku og dreifingu álags. Þá þarf sérstaklega að greina hvort tillagan feli í sér breytingar sem gætu aukið umferðarálag, ásókn eða rýrt náttúruverndargildi svæða innan þjóðgarðsins.

Svar: Afþreyingar- og ferðamannasvæði í aðalskipulagstillögunni eru öll í gildandi aðalskipulagi nema áningarstaður við Svínafellsjökul þar sem er gert ráð fyrir minniháttar aðstöðu. Ákvæði fyrir þá reiti sem eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs (sem er mikill meirihluti AF-reitanna) eru í samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun þjóðgarðsins, þ.m.t. við Fjallsárlón, Jökulsárlón og í Morsárdal. Því er ekki verið að gera ráð fyrir breytingum frá gildandi áætlunum.

Náttúruverndarstofnun - samræmi við verndaráætlun og deiliskipulag: „Nauðsynlegt er að tryggja að öll uppbygging sé í samræmi við gildandi verndaráætlun og að mannvirkjagerð innan verndarsvæða byggji á deiliskipulagi og forsendum sem samþykktar hafa verið í samráði við þjóðgarðinn.

Svar: Á reitum sem eru innan Vatnajökulsþjóðgarðs gilda ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar, sbr. einnig svör að ofan um samræmi aðalskipulags og áætlunarinnar. Um deiliskipulag og leyfisveitingar fer skv. skipulagslögum.

Náttúruverndarstofnun - þróun í ferðaþjónustu: „Í umsögn Vatnajökulsþjóðgarðs um skipulagslýsingu á fyrri stigum kom fram að mikilvægt væri að greina þróun ferðaþjónustu og afþreyingar út frá nýjungum og fjölbreyttara framboði. Óvissa hefur skapast í tilvikum þar sem skipulag tekur ekki skýra afstöðu til slíkra nýjunga. Slík greining eykur fyrirsjáanleika fyrir rekstraraðila og styður við verndarsjónarmið.“

Svar: Ekki er hægt að gera ráð fyrir að grunnrannsóknir séu hluti af aðalskipulagsgerð, heldur verður að byggja á fyrirliggjandi greiningum. Þannig var við mótun markmiða og ákvæða aðalskipulagstillögunnar var unnið út frá fyrirliggjandi heimildum um þróun og stefnu í ferðaþjónustu á landsvísu, Suðurlandi og í sveitarfélaginu, sbr. eftirfarandi heimildir sem vísað er til í forsendu- og umhverfismatsskýrslu:

- Áfangastaðaaætlun Suðurlands.
- Ragnhildur Jónsdóttir 2023: Þróun ferðamennskusamfélags.
- Samtök ferðaþjónustunnar: Mælaborð yfir ferðagögn.
- Intellecton 2022: Spálíkan um ferðaþjónustu.
- Framtíðarsýn og leiðarljós íslenskrar ferðaþjónustu til 2030.
- Innviðaráðuneytið, 2023: Grænbók um skipulagsmál

Sjá nánar skýringar við markmið ÞA.3 í kafla 6.1 um þróun atvinnulífs í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Náttúruverndarstofnun - efnistaka innan þjóðgarðs: „Í tillögu að aðalskipulagi kemur fram að fjöldi efnistökuastaða sé til skoðunar víðsvegar um sveitarfélagið, þar á meðal innan marka Vatnajökulspjóðgarðs og á áhrifasvæðum hans. Ákveða þarf hvaða svæðum verði lokað, hver haldi áfram og hvar ný efnistaka komi til greina. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að allar ákvarðanir um efnistöku innan þjóðgarðsins séu í samræmi við gildandi verndaráætlun, þar sem kveðið er á um að kortleggja þurfi núverandi svæði, gera frágangsaætlun og loka þeim sem ekki hafa heimild í framhaldsvinnunni. Grjótnám við Breiðá er eina undantekningin sem sérstaklega er tilgreind í verndaráætlun.

Stofnunin mælir með að forðast verði ný svæði innan þjóðgarðsins, að öll efnistaka verði rýnd með tilliti til laga og að kostir utan verndarsvæða verði skoðaðir sérstaklega.“

Svar: Sjá svar að ofan um samræmi við stjórnunar- og verndaráætlun.

Náttúruverndarstofnun - skógrækt innan þjóðgarðs: „Í vinnslutillögunni kemur ekki fram afmörkuð umfjöllun um skógrækt innan marka Vatnajökulspjóðgarðs, en vísað er almennt til yfirferðar stefnu á landbúnaðarsvæðum. Að mati Náttúruverndarstofnunar er nauðsynlegt að fjalla sérstaklega um skógrækt á svæðum innan og í grennd við þjóðgarðinn þar sem slík landnotkun getur haft áhrif á verndargildi náttúrulegra vistkerfa og landslag.

Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs við skipulagslýsingu kom fram að skógrækt tengist ekki aðeins landbúnaði heldur jafnframt vernd líffræðilegrar fjölbreytni, tegundavali, ásynnd lands og loftslagsmarkmiðum. Þá þarf að tryggja að skógrækt fari ekki fram á svæðum sem njóta verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga, og að unnið sé í samræmi við varúðarreglu og meginreglur umhverfisréttar.

Jafnframt er bent á hættuna af notkun ágengra tegunda sem geta raskað vistkerfum og dregið úr náttúruverndargildi svæðanna. Í umsögn Vatnajökulspjóðgarðs til Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna áforma um skógrækt í landi Selbakka á Mýrum (dags. 17. mars 2023) var lögð áhersla á mikilvægi þess að sveitarfélagið móti sér heildstæða stefnu um skógrækt þar sem þessir þættir eru teknir sérstaklega til skoðunar.

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að í áframhaldandi vinnu við aðalskipulag verði:

- greint hvort skógrækt sé fyrirhuguð innan marka þjóðgarðsins eða á áhrifasvæðum hans,

- tryggt að ekki verði ráðist í trjárækt á svæðum með hátt verndargildi eða viðkvæmum vistgerðum,
- og skýrt tekið fram að skógrækt innan þjóðgarðsins sé aðeins heimil þegar hún samræmist gildandi verndaráætlun og hefur hlotið meðferð samkvæmt lögum og stjórnsýslu þjóðgarðsins.“

***Svar:** Þjóðgarðurinn er í flokki óbyggðra svæða, fyrir utan nokkra litla AF-reiti. Ekki er gert ráð fyrir skógrækt á óbyggðum svæðum, sbr. ákvæði fyrir þau í kafla 9.11. Að öðru leyti er vísað til svara hér framar varðandi grannsvæði/jaðarsvæði þjóðgarðs, ákvæði um skógrækt, landbúnaðarsvæði og náttúruvernd, sem og um samræmi aðalskipulags og stjórnunar- og verndaráætlunar.*

Náttúruverndarstofnun - Jökulsárlón: „Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir landnotkunarreit við lónið, en að mati Náttúruverndarstofnunar er hann of þröngt afmarkaður. Mikilvægt er að skoða stækkun til austurs til að tryggja skipulagða framtíðaruppbyggingu og forðast ósamræmdar framkvæmdir. Þá telur stofnunin jafnframt mikilvægt að skilgreina sérstakan landnotkunarreit utan um bílastæðið við Nýgræðuöldur, líkt og gert er ráð fyrir í núgildandi deiliskipulagi á svæðinu.“

***Svar:** Mörk verða yfirfarin og uppfærð í samráði við Vatnajökulsþjóðgarð.*

Náttúruverndarstofnun - Deiliskipulag í Skaftafelli: „Í greinargerð kemur fram að deiliskipulag er í vinnslu fyrir Skaftafell. Að mati Náttúruverndarstofnunar er mikilvægt að aðalskipulagið verði samræmt þeirri vinnu og taki mið af niðurstöðum hennar, þannig að skýr heildarsýn liggi fyrir um uppbyggingu og vernd innan og í grennd við Vatnajökulsþjóðgarð.“

***Svar:** Við mótun skipulagsákvæða fyrir reitinn var gætt að samræmi við deiliskipulagstillögu á vinnslustigi.*

Skipulagsstofnun - minni áningarstaðir innan Vatnajökulsþjóðgarðs: „Sett eru almenn ákvæði um að minni áningarstaðir séu heimilir á óbyggðum svæðum og að innan þjóðgarðs séu þeir í samræmi við stefnu og ákvæði stjórnunar- og verndaráætlunar. Slíkir reitir í fyrria aðalskipulagi voru skilgreindir sem afþreyingar og ferðamannasvæði en falla nú út. Skipulagsstofnun bendir á að sé um að ræða áform um uppbyggingu mannvirkja eins og salernum þá ættu slík svæði að vera með skilgreinda landnotkun og setja um þau viðeigandi skipulagsákvæði.“

***Svar:** Í kafla 9.7 um afþreyingar- og ferðamannasvæði kemur fram að áningarstaðir með salernisaðstöðu falli í flokk afþreyingar- og ferðamannasvæða og kalli því á aðalskipulagsákvörðun. Ákvæði um minni áningarstaði á landbúnaðarsvæðum, óbyggðum svæðum og við vegi og stíga eru uppfærð til samræmis við þetta, sjá kafla 9.9, 9.10, 9.11 og 9.15.*

Náttúruverndarstofnun - Samráð og hlutverk Vatnajökulsþjóðgarðs:

„Náttúruverndarstofnun fer með stjórnsýslu og vernd innan marka þjóðgarðsins samkvæmt lögum nr. 60/2007. Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að virkt og formlegt samráð fari fram við þjóðgarðinn við mótun allra skipulagsákvæðana sem varða svæði innan hans eða í nágrenni.“

***Svar:** Við mótun aðalskipulagstillögunnar var fundur í lok október 2024 með starfsfólki á suðursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs þar sem farið var yfir aðalskipulagsmál sem snerta þjóðgarðinn og í kjölfarið var óskað eftir rýni þjóðgarðsins á drögum að kafla um afþreyingar- og ferðamannasvæði sem er aðal*

landnotkunarflokkur inn þjóðgarðs fyrir utan óbyggð svæði. Unnið var úr þeim ábendingum sem bárust. Kynning vinnslutillögu í Skipulagsgátt sumarið 2025 var liður í formlegu samráði, sbr. einnig ítarleg svör í þessu minnisblaði við öllum ábendingum sem bárust. Samráð við framfylgd aðalskipulagsins verður m.a. í gegnum svæðisráð og í samræmi við skipulagslög.

2.14 Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Skipulagsstofnun - veiðihús: „Skipulagsstofnun telur að skoða þurfi hvort í einhverjum tilfellum sé tilefni að veiðihús sé skilgreint sem afþreyingar- og ferðamannasvæði sökum umfangs, framboðs á þjónustu eða gestafjölda en ekki landbúnaðarsvæði sbr. bls. 139.“

Svar: Veiðihús með gistipjónustu falla í flokk L-svæða eða VP-svæða eftir umfangi, sbr. almenn ákvæði fyrir þessa landnotkunarflokka.

Skipulagsstofnun - tilkynningarskyldar framkvæmdir: „Huga þarf að skýrleika stefnunnar varðandi hugsanlega tilkynningarskyldu einstakra framkvæmda m.a. vegna tjaldsvæða.“

Svar: Stefna um VP-svæði, AF-svæði og L-svæði verður yfirfarin m.t.t. þessa en mörk tilkynningarskyldu er tilgreind allsstaðar þar sem við á.

2.15 Minjavernd

Minjastofnun Íslands - friðlýstar fornleifar og fornleifaskráning: Stofnunin „mun ekki veita umsögn um málið á vinnslustigi að þessu sinni en bendir á“ umsögn um skipulagslýsingu dags. 9.6.2025 „sem hægt er að líta til.“

Svar: Í framangreindri umsögn er m.a. bent á friðlýstar fornleifar og eru þær allar skráðar í kafla 9.24 um minjavernd og merktar á skipulagsuppdraetti / í vefsíðu. Í umsögninni segir einnig: „þarf skráning fornleifa, húsa og mannvirkja að fara fram innan þéttbýlis og á þeim svæðum þar sem fyrirhugað er að fara í framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum áður en aðalskipulagið er samþykkt. Skilgreiningu slíkra svæða skal gera í samráði við minjavörð.“ Tengill á fyrirliggjandi fornleifaskrár er í skipulagsgögnum og endurvarp úr minjavefsíðu Minjastofnunar er í aðalskipulagsvefsíðu.

Minjastofnun Íslands - stefna um menningarminjar: Í framangreindri umsögn segir að í aðalskipulagi þurfi „að koma fram stefna sveitarfélagsins um verndun menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, og gefa yfirlit um sögu og þróun byggðar í sveitarfélaginu.“

Svar: Tillögur að stefnu um minjavernd og menningarlandslag koma fram í vinnslutillögunni, sbr. eftirfarandi markmið og leiðir að þeim: LN.3, BB.3, BB.5, ÞA.3 og ÞA.4. Markmið um minjavernd í þéttbýlinu á Höfn eru í kafla 8.17. Auk þess eru sett almenn ákvæði um minjaverndarsvæði í kafla 9.24 og minnt er á minjavernd í almennum skipulagsákvæðum allra landnotkunarflokka, sbr. 9. kafla skipulagsgreinargerðar. Birt er kort af þegar skráðum fornleifum í kafla 2.3 samkvæmt þeim landfræðilegu gögnum sem fyrir liggja. Fjallað er um byggðarmynstur í dreifbýli og þéttbýli, m.a. í sögulegu ljósi, sbr. kafla 5.2 í skipulagsgreinargerð og kafla með sama númer í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Um sögulega þróun og einkenni Hafnar er fjallað í 7. kafla.

Minjastofnun Íslands - lagaákvæði: Í framangreindri umsögn segir að í aðalskipulagi sé mikilvægt að „komi fram að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja þarf að fara fram áður en leyfi

er gefið fyrir hinum ýmsu framkvæmdum, s.s. skógrækt, efnistöku, endurheimt votlendis, veitulögnum eða áður en byggingarleyfi er gefið út, auk deiliskipulagsgerðar.“ Einnig er minn á að óheimilt er „að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands sbr. 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 sem og að allar breytingar á friðuðum, friðlýstum og umsagnarskyldum húsum þurfa að berast Minjastofnun sérstaklega, sbr. 29., 30. og 31. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Það er því mikilvægt að vinna allar tillögur varðandi nýtingu menningarminja í samráði við Minjastofnun.“

Svar: Í kafla 9.24 í vinnslutillögunni er greint frá helstu lagaákvæðum sem gæta þarf að og í tillögunni er vísað í lög um menningarminjar þar sem það er talið eiga við.

2.16 Stígar og almenningssamgöngur

Skipulagsstofnun - stígar í stærri íbúðar- og ferðaþjónustukjörnum: „Á bls. 190 er vísað til stærri íbúðar- og ferðaþjónustukjarna þar sem gera skuli ráð fyrir stígum fyrir virka ferðamata. Mikilvægt er fyrir skýrleika stefnunar að þarna sé notuð flokkun viðkomandi svæða sem sett er fram í greinargerðinni m.a. á íbúðarbyggð og VP-svæðum svo ljóst sé við framfylgd stefnunnar hvað eigi við hverju sinni.“

Svar: Textanum á bls. 190 verður breytt í: Innan stærri íbúðarbyggðar og ferðaþjónustukjarna skal gera ráð fyrir stígum fyrir virka ferðamata, sem og leiðum sem tengja kjarnana við helstu áfangastaði og/eða gönguleiðir í grennd (sjá kafla 9.2 og 9.3).

Vegagerðin - stígar meðfram þjóðvegum: „Í greinargerð kemur fram að gert ráð fyrir göngu-/hjólástíg og reiðstíg meðfram þjóðvegi 1 og/eða eldri legu hans. Vegagerðin fagnar því en minnir á að stígar skulu vera utan öryggissvæðis þjóðvega og sérstaka heimild þarf fyrir framkvæmdum innan veghelgunar. Vegagerðin minnir á styrkveitingar vegna stíga sem leitt geta til aukins umferðaröryggis á þjóðvegum.“

Svar: Almennt ákvæði í kafla 9.15 um vegi og stíga verður svona: „Heimilt er að leggja stofnstíg fyrir göngu-, hjóla og reiðfólk meðfram Hringvegi og/eða öðrum þjóðvegum, utan öryggissvæða veganna.“

Hestamannafélagið Hornfirðingur - reiðstígar: Bent er á að „reiðstíga[r eru] víðsvegar í sveitarfélaginu ... [en] fáir samningar [eru] við landeigendur .. en hefð að fara þá síðan land byggðist.“

Svar: Ábendingin kallar ekki á breytingar á aðalskipulagstillögunni.

Vegagerðin - almenningssamgöngur: „Í greinargerð kemur fram að bæta eigi aðstæður fyrir almenningssamgöngur. Vegagerðin óskar eftir samráði hvað varðar þær almenningssamgöngur sem þjónustaðar eru af hálfu Vegagerðarinnar.“

Svar: Ekki er ljóst hvað átt er við með „samráði“, s.s. hvort átt er við samráð við mótun aðalskipulagstillögunnar eða við framfylgd hennar. En leið að markmið SU.4 verður orðuð svona: „Bæta aðstæður fyrir almenningssamgöngur, í samráði við Vegagerðina þar sem það á við.“

2.17 Siglingaleiðir og flugvellir

Vegagerðin - siglingaleiðir: Bent er á „að samráð skal haft ef fyrirhugaðar eru áætlanir á aðalskipulagi sem haft geta áhrif á siglingaleiðir. Sjá lög um vitamál nr. 132/1999.“

Svar: Minnt verður á lögin í kafla 9.20 um vötn, ár og sjó.

Skipulagsstofnun - Hornafjarðarflugvöllur: „Heimilt er að byggja við núverandi húsnæði á Hornafjarðarvelli án deiliskipulags í samræmi við kröfur til alþjóðaflugvallar sbr. bls. 195-6. Bent er á að setja skýrari ákvæði fyrir uppbyggingaráform innan svæðisins í aðalskipulag auk þess að setja sem skilyrði fyrir frekari uppbyggingu að unnið verði deiliskipulag.“

Svar: Sértæk skipulagsákvæði fyrir völinn verða þessi: „Uppbygging og viðhald í samræmi við hlutverk sem áætlunarflugvöllur og markmið um að verði aftur skilgreindur sem alþjóðaflugvöllur.“

Gert er ráð fyrir að núverandi flugbraut sem er 1500 x 30 m (sbr. Flugmálahandbók Íslands, útg. 12.7.2024) geti stækkað í 2000 x 40 m. Heimilt er að byggja við núverandi húsnæði í samræmi við kröfur til alþjóðaflugvallar.“

Skipulagsstofnun - hindranafletir: „Fram kemur að afla skal gagna um hindranafleti og taka tillit til þeirra við skipulag og framkvæmdir í grennd flugvalla. Bent er á að skoða hvort setja ætti þessi ákvæði einnig fram undir almennum ákvæðum landbúnaðarsvæða og e.t.v. víðar eða að öðrum kosti að vísa til þessa kafla sem takmörkun sem þarf að taka tillit til.“

Svar: Tilvísanir verða settar inn.

2.18 Þjóðvegir

Vegagerðin - veghelgunarsvæði: Bent er á að í kafla 9.15 mætti koma fram að allar framkvæmdir innan veghelgunarsvæða eru háðar leyfi frá Vegagerðinni.

Svar: Þessu verður bætt inn í kaflann.


Vegagerðin - tengingar við þjóðvegi: Bent er á að allar „tengingar við þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar skv. vegalögum“. Einnig segir: „Nauðsynlegt er að heimild Vegagerðarinnar liggi fyrir áður en tengingar eru færðar inn á skipulag. Umferðaröryggi á þjóðvegum byggist m.a. á fjölda og þéttleika vegamóta/tenginga. Veghönnunarreglur kveða á um lágmarks fjarlægð á milli vegamóta/tenginga.“

Svar: Þessu verður bætt inn í kafla 9.15.

Múlaþing, umhverfis- og framkvæmdaráð -

Lónsheiðargöng: Óskað er eftir að gert verði ráð fyrir jarðgöngum undir Lónsheiði til samræmis við [aðalskipulagstillögu fyrir Múlaþing](#) sem kynnt var fyrr á árinu, sbr. efri myndina hér til hliðar.

Svar: Vinnslutillagan gerir ráð fyrri göngunum sbr. markmið SU.1 og stéræk skipulagsákvæði fyrir stofn- og tengivegi í kafla 9.15. Einnig er fjallað um gögnin í köflum 5.3 og 7.8 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Hinsvegar voru þau ekki sýnd í aðalskipulagsvefsjá og verður það lagfært, enda í samræmi við gildandi aðalskipulag Hornafjarðar, sbr. neðri myndina hér til hliðar.



Vegagerðin - Lón og Lónsheiðargöng:

„Vegagerðin hefur látið vinna tillögu að nýrri veglínu um Lón. Sjá línu 1 á mynd [til hliðar]. Haft var samráð við Sveitarfélagið vegna þessa á sínum tíma. Veglínan er sunnar en sú sem áður var í skoðun og minni líkur á sviptivindum og grjóthruni úr Miðfelli samkvæmt þeim valkosti. Hugmyndir þessar eru þó ekki fullunnar og umhverfismat hefur ekki farið fram. Vegagerðin mælir engu að síður með að veglína 1 verði sýnd á aðalskipulagi, með fyrirvörum í greinargerð, ásamt Lónsheiðargöngum eins og þau eru sýnd á gildandi aðalskipulagi, sjá mynd 2.

Svar: Sýnd verður sama veglína og er í gildandi aðalskipulagi sbr. viðbótarupplýsingar sem bárust frá Vegagerðinni 29.9.2025 þar sem segir:

„Endanleg ný veglína um Lón liggur ekki fyrir.

Sýna þarf þá veglínu sem er á núverandi

aðalskipulagi. Gera má ráð fyrir breytingum á henni við nánari hönnun sem gætu leitt til breytinga á aðalskipulagi síðar.“



Vegagerðin - Hringvegur um Breiðamerkursand / Jökulsárlón: „Vegagerðin mælir með að framtíðarlega vegarins verði á aðalskipulagi sýnd eins og á gildandi skipulagsáætlunum. Vegagerðin hefur mælt eindregið með því enda er brúarstæði nýrrar brúar lykilatriði hvað varðar nýja veglínu.“

Svar: Óskað var eftir gögnum frá Vegagerðinni og bárust þessi svör 29.9.2025: „Hringvegur um Breiðamerkursand/Jökulsárlón, tryggja þarf samræmi við gögn í deiliskipulagi. Unnið er að frekari breytingum að deiliskipulagi í samráði við sveitarfélagið og Vatnajökulspjóðgarð.“

Vegagerðin - Hringvegur um Öraefi: „Framtíðarvegglína er sýnd óbreytt frá gildandi aðalskipulagi og í texta er vísað í að verið sé að skoða breytingar á henni og að allar líkur séu á að gera þurfi

breytingu á aðalskipulagi þegar niðurstaða liggur fyrir. Vegagerðin tekur undir þetta og telur miklar líkur á að sú veglína sem fyrir valinu verður verði sunnar en sú sem sýnd er á uppdrætti.”

Svar: Ábendingin kallar ekki á viðbrögð.

Skipulagsstofnun - vegflokkur eldri Hringvegur: „Skoða þarf flokkun eldri hringvegur sem merktur er sem tengivegur í vefsíðu en ekki tilgreindur í greinargerð.“

Svar: Tengivegur VE-TV-1 Eldri hringvegur verður settur inn í landnotkunartöflu.

Malarás - Hringvegur um Örfæfi: Gerð er „athugasemd við mögulega færslu þjóðvegur framhjá Malarási á síðari stigum þessa skipulags.“ Til skýringar segir: „Þegar Þegar Guðný Dilljá hóf sinn búskap á lögbýlinu Malarási og byggði sitt hús þar gerði Vegagerðin athugasemd við að lóðir þær sem ég skipulagði væru of nálægt gamalli vegtillögu sem Vegagerðin hafði gert í gegnum gömlu túnin í Malarási. Þetta mál endaði með heiðursmannasamkomulagi við Vegagerðina þar sem ákveðið var að Vegagerðin félli frá öllum breytingarhugmyndum á veglínunni framhjá Malarási sem hindrað gætu uppbyggingu unga fólksins sem væri að byggja upp lögbýlið. Enda voru aðilar sammála um að þessi gamla hugmynd um að færa þjóðveginn neðar um ca 500 metra í gegnum túnin í Malarási myndi skila litlum ávinning en valda ábúendum og eigendum miklum skaða. Mikið tjón fyrir ábúendur en enginn tryggur ávinningur fyrir umferð. Eftir að þetta heiðursmannasamkomulag var í höfn dró Vegagerðin allar athugasemdir til baka varðandi leyfi til húsbygginga á þessum þremur lóðum sem ég á í Malarási. Þetta heiðursmannasamkomulag sem ég vísa í var gert á fundi í Reykjavík, skipulögðum af Gunnlaugi Róbertssyni (starfsmanni sveitarfélagsins) 16. september 2016 með helstu forkólfum Vegagerðarinnar. Ég treysti því að þessi gamla vegtillaga í gegnum túnin í Malarási verði ekki dregin fram aftur næst þegar þetta mál verður skoðað. Það má skoða minniháttar lagfæringar á núverandi veglínunni þar sem vegur kemur að vestan að Fátækramannahól, neðan Kúadalsbrekku, en vegurinn verður ekki færður til lagningar í gegnum gömlu túnin í Malarási á meðan ég fæ einhverju um það ráðið.“

Svar: Athugasemdinni verður skilað til Vegagerðarinnar sem er að móta tillögur að legukostum.

Náttúruverndarstofnun - veglagning í Örfæfum: „Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að við mat á veglínunni í Örfæfum verði sérstaklega litið til áhrifa á óbyggð víðerni, verndarsvæði samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga og upplifun af Vatnajökulsþjóðgarði. Mikilvægt er að velja þá legu sem hefur minnst umhverfisáhrif, raskar ekki landi að óþörfu og tryggir að hraðasta umferðin fari fjær þjóðgarðinum, þannig að verndargildi og upplifun svæðisins verði ekki skert.“

Svar: Athugasemdinni verður skilað til Vegagerðarinnar sem er að móta tillögur að legukostum.

Vegagerðin - Hringvegur um Hornafjörð: „Þegar nýr Hringvegur verður tekinn í notkun færast núverandi Hringvegur yfir í flokk tengivega. Hið sama á við um Djúparveg.“

Svar: Gögn verða uppfærð í samræmi við þetta.

VSÓ - lega Hringvegur um Hornafjörð: Bent er á að lagfæra þarf legu stofnvegur um Hornafjarðarfljót.

Svar: Gögnin verða uppfærð.

Vegagerðin - vegflokkar: „Vegir í umsjá Vegagerðarinnar skiptast í stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Gera skal grein fyrir stofn-, tengi- og landsvegum í aðalskipulagi í samræmi við vegaskrá <https://www.vegagerdin.is/samgongukerfid/vegakerfid/vegir>.“

Svar: *Aðalskipulag tekur einungis til stofn- og tengivega, sbr. m-lið í gr. 6.2 í skipulagsreglugerð. Landsvegir og héraðsvegir eru sýndir hluti af grunnkorti og er lega ákveðin í deiliskipulagi eða framkvæmdaleyfi, sbr. umfjöllun í kafla 9.15.*

2.19 Þjóðvegur í þéttbýli

Vegagerðin - færsla Hafnarvegur næst hafnarsvæði: „Framlagðir valkostir eru unnir í samráði við Vegagerðina að ósk sveitarfélagsins. Vegagerðin telur þá kosti sem tengjast núverandi Hafnarvegi utan fyrirhugaðs þéttbýlis vera til þess fallna að auka umferðaröryggi en þess ber að geta að hluti svæðisins nýtur ákveðinnar verndar. Rétt er að taka fram að umferðaröryggismat skal fara fram við val á veglínu en slíkt mat hefur ekki farið fram.“

Svar: *Í tillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga verður gert ráð fyrir sömu legu þjóðvegur í þéttbýli og er í gildandi aðalskipulagi. Ekki þykir tilefni til að breyta legunni að svo stöddu, m.a. með hliðsjón af því að starfsemi sem kallar á þungaumferð kann að færast norður fyrir bæinn á skipulagstímabilinu, sbr. landnotkunarreit VP-51 í vinnslutillögu.*

Vegagerðin - færsla Hafnarvegur næst nýjum Hringvegi: „Vegagerðin telur rétt að Hafnarvegur sé sýndur á aðalskipulagi eins og hann tengist hringtorgi við Hringveg, hið sama á við um núverandi Hringveg að norðanverðu þar sem hann tengist nýjum Hringvegi um hringtorg.“

Svar: *Gögnin verða uppfærð að fengnum gögnum frá Vegagerðinni.*

Ari Jónsson - óbreytt lega þjóðvegur: „Núverandi lega “þjóðvegur í þéttbýli” skal vera óbreytt innan Hafnar. Gera skal á veginum lagfæringar til þess að auka öryggi gangandi, hjólandi og akandi sem mesta. Nýtt skipulag skal gera ráð fyrir að afgreiðsla þungaflutninga og tilheyrandi birgðahald verði á lóðum innan við fyrirhugaða verslunarmiðstöð [við innkomu í bæinn] annað en núverandi birgðahald sjávarafurða. Á sama svæði verði gert ráð fyrir verslun með byggingarvöru og aðra þungavöru ásamt tilheyrandi birgðahaldi. Verði skipulaginu breytt í þessa veru og umrædd starfsemi færast í samræmi mun umferð þungaflutningabifreiða verða hverfandi inn í bæinn miðað við það sem hún er í dag og ekki verða til teljandi vandræða.“

Svar: *Í tillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga verður gert ráð fyrir sömu legu þjóðvegur í þéttbýli og er í gildandi aðalskipulagi. Sjá nánar svör við ábendingum Vegagerðarinnar hér að ofan.*

Ásgrímur Ingólfsson - óbreytt lega þjóðvegur: Sett er fram sú „skoðun að halda eigi sig við þá veglínu sem ákveðin var í aðalskipulag sem er í gildandi“.

Færð eru eftirfarandi **rök gegn valkostum um færslu þjóðvegurins** austur fyrir bæinn:

- Dýr framkvæmd sem nýtist fáum: „Að byggja þjóðveg í þéttbýli sem nær eingöngu hentar þungaumferð er ekki góð ráðstöfun á almannafé. Vegur sem tengist núverandi þjóðvegi fyrir innan Þorgeirslund nýtist íbúum þéttbýlisins ekkert, vissulega stýttir hann leiðina fyrir þá fáu flutningabíla sem koma og fara, einnig fyrir þá íbúa sveitarfélagsins sem koma úr dreifbýlinu

og hyggjast halda beint út á athafnasvæði, en þetta gæti líka leitt gesti okkar þangað og það held ég að sé ekki okkar vilji.“

- Sílavík er á náttúruminjaskrá: „Að setja veginn austur í Sílavík sem er á náttúruminjaskrá verður snúið og ég held að það væri afleikur bæði vegna þess að framkvæmdin er dýr og hins vegar nýtist vegurinn fáum. Hann nýtist engum íbúum þéttbýlisins og gestir okkar ættu ekki að fara þessa leið, þetta yrði eingöngu fyrir þungaumferð sem er tiltölulega lítil og kannski fyrir einhverjir úr dreifbýlinu.“
- Ægissíða gæti verið framtíðarbyggingarland: „Að setja þjóðveg yfir Ægisíðuna væri synd þar sem þetta er gott byggingarland í framtíðinni þar sem það er frekar stutt í miðbæjarsvæðið, skóla og íþróttasvæði frá henni.“
- Ægissíða er útivistarperla: „Báðar veglínurnar sem sýndar eru á uppdrætti ... fara í gegnum Ægisíðuna sem er útivistarperla ...“.
- Veglínur í gegnum gamla ruslahauga: „Báðar veglínurnar ... fara yfir gömlu ruslahaugana. Ég tel varasamt að hreyfa við þeim því það yrði kostnaðarsamt að farga því góðgæti sem liggur þar í jörðu og kæmi upp, það er best geymt óhreyft.“
- Drápsklettar eiga að vera útivistarsvæði: „Báðar línurnar fara í gegnum Drápsklettana sem eru að verða frábært útivistarsvæði og hentar einstaklega vel sem tjaldsvæði í framtíðinni, að setja þjóðveg með sitt helgunarsvæði í gegnum þá væru umhverfisspjöll. Drápsklettarnir eiga að vera útivistarparadís okkar Hornfirðinga og gesta í framtíðinni, þar hefur skóræktarfélagið og grunnskólabörn lagt á sig mikla og góða vinnu mörg undanfarin ár.“

Færð eru eftirfarandi **rök fyrir að halda veglínu gildandi aðalskipulags**:

- „Hentar íbúum fyrir innan Silfurbraut til að komast út á athafnasvæðið kjósi þeir svo, það myndi létta á umferð í gegnum ytri hluta Hafnar. Ný veglína léttir lítið sem ekkert á umferðarþunga í bænum.“
- „Þungaumferð getur valið þá leið að fara norðan við bæinn og fer þá ekki í gegnum skóla, íþrótt og miðbæjarsvæði.“
- „Gestir eru leiddir áleiðis í þjónustuna sem við viljum að þeir noti.“
- „Greið leið fyrir slökkvilið í innbæinn.“
- „Ríkið tekur þátt í uppbyggingu og rekstri stofnbrautar sem nýtist íbúum.“

Svar: Í tillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga verður gert ráð fyrir sömu legu þjóðvegjar í þéttbýli og er í gildandi aðalskipulagi.

Sigurður Gunnar Jónsson - lega þjóðvegjar í þéttbýli: Lega „um Ægissíðu og yfir í Lyngey, mögulega á brú, mun nýtast fáum. ... Áfram mun verða flutningabílaumferð um bæinn ... til Nettó, N1, Olís“ o.fl. og á „alla staði í Innbænum ... framhjá skólunum. Íbúar ... munu ekki nota ... þessa leið til vinnu ... [og fólk] úr sveitum ver mögulega þarna til að fara í Húsasmiðjuna en ekkert annað. Mun heppilegra er að fara leiðina frá Vesturbraut og niður með tjaldsvæði/Leirusvæði og inn á Sæbraut ...“ Hringtorg verði á Vesturbraut/Hafnarbraut.

Lagt er til að færa „austur/norðurhluta tjaldstæðis hinumegin við núverandi tjaldstæði, sem sagt nær Fiskhól til að rýma fyrir nýrri götu ... sem nýtist íbúum einnig ...[öllum] sem vinna niður á athafnasvæði og búa í Innbæ ... [og innan við Vesturbraut].“ ... „Um er að ræða talsverða styttingu á leið fyrir marga íbúa til vinnu. Vissulega munu flutningar einnig fara um þessa götu EN síðan er spurning hvort afgreiðslur flutningafyrirtækjanna verði mikið lengur niður við hafnarsvæði.

KASK/Samskip er í leiguhúsnæði hjá Skinney sem Skinney vill fara að losa og sama gildir um Húsasmiðjuna. Eimskip er ... með 10 ára samning í Vélsmiðjunni en hvað svo?”

„Með nýjum verslunarkjarna á móts við Mjólkurstöðina verður sífellt ákjósanlegra að færa afgreiðslur flutningafyrirtækjanna innar í bæinn. Vöruafgreiðslur þar myndu minnka flutningabílaumferð umtalsvert niður á hafnarsvæði. Vissulega stundum fiskflutningabílar en þeir eru nú ekki margir og með götunni Vesturbraut-Sæbraut færu þeir flutningar alveg framhjá skólasvæðinu.”


„Flutningar með skipum hingað eru mjög fátíðir og þá er oftast um að ræða útskipun beint frá Skinney-Þinganes. Því er vöruafgreiðsla við hafnarsvæðið barn síns tíma, og ef Húsasmiðjan flyst einnig þá fækkar flutningum enn meira. Umferð yrði vissulega áfram talsverð um Hafnarbraut en hringtorg við Vesturbraut hægir á og góð hljóðmön við tjaldstæðið myndi skapa frið þar. Einnig mætti setja hljóðmanir við Hafnarbraut meðfram ÍB5.”

„Að fórna hluta af Ægissíðusvæðinu undir stofngötu inní bæinn er alltof hár fórnarkostnaður fyrir nokkra flutningabíla. Þarna er verðmætt útivistarsvæði og framtíðar íbúðarsvæði. Betra væri að bæta í stígagerð þar í gegn um skógræktarsvæðið því munum að Höfn er heilsueflandi sveitarfélag.”

Svar: Í tillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga verður gert ráð fyrir sömu legu þjóðvegur í þéttbýli og er í gildandi aðalskipulagi.

Guðrún Ásdís Sturlaugsdóttir - Ægissíða er útivistarsvæði: „Sem íbúi á Höfn tel ég mjög mikilvægt að útivistarsvæðið við Ægissíðu verði ekki skert með nýrri veglínu. Svæðið er mikið nýtt af bæði íbúum og gestum til útivistar og hreyfingar, eins og sjá má á meðfylgjandi hitakorti úr Strava. Þá er þetta einnig eitt af fáum svæðum innan þéttbýlisins á Höfn þar sem enn má njóta ósnortinnar náttúru og komast í kyrrð, án þess að þurfa að setjast upp í bílinn.”

Svar: Í tillögu til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga verður gert ráð fyrir sömu legu þjóðvegur í þéttbýli og er í gildandi aðalskipulagi.



2.20 Umferðaröryggi á Höfn

Sigrún Birna Steinarsdóttir - Hafnarbraut: Spurt er „hvort hægt væri að bæta við gangbraut og hraðahindrun á Hafnarbraut ... þar sem gamli Laufásvegur liggur, sem fer í gegnum Miðtún Hagatún og Hafnarbraut.”

Börnin úr þessum götum fara mörg hver þessa leið í skólann og sem betur fer er að fjölga mikið börnum á svæðinu sem munu fara þessa leið í skólann. ...Í þessu hverfi er líka vinsæll leikvöllur og mörg börn hlaupa yfir á hoppubelginn, hinumegin við Hafnarbrautina. ...hraðahindrun myndi hægja á umferðinni [og] ...gera hverfið og svæðið enn barnvænna og öruggara.“ Skjáskot fylgir erindinum sem sýnir stað fyrir umrædda gangbraut.



Svar: Ekki er um aðalskipulagsákvörðun að ræða. Málinu er vísað til umhverfis- og skipulagssviðs.

2.21 Tilteknir landnotkunarreitir á Höfn

Ari Jónsson - Sílavík sem framtíðaríbúðarsvæði: „Sílavík er hluti af Skarðsfirði sem er á náttúruminjaskrá. Meginástæða þess að Sílavíkin er á náttúruminjaskrá er að í vikinni eru sjávarleirur þ.e. að ennþá gætir þar sjávarfalla. Samkvæmt fyrirbyggjandi upplýsingum um landris á svæðinu eru yfirgnæfandi líkur á að leirurnar í Sílavíkinni verði þurrar að 10-15 árum liðnum. Í ljósi þessa er rétt að athuga hvort sé ekki rétt að gera ráð fyrir íbúðabyggð í vikinni í nýju skipulagi.“

Svar: Í umhverfismati leguvalkosta þjóðveggar í þéttbýli (sbr. kafla 113 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu) kemur fram að landris á Höfn aukist með hörfun jökla og að reikna megi með að leirur þurrkist upp, a.m.k. að einhverju leyti. Sílavík kunni þá að þorna upp sem gefur kost á að þar verði framtíðarbyggðarsvæði. Ekki er þó gert ráð fyrir því á skipulagstímabili aðalskipulagsins.

Ari Jónsson - Álaugarey: „Núverandi olíubirgðastöð í Álaugarey þarf að finna nýjan stað af m.a. eftirfarandi ástæðum: Álaugarey er eina af perlum náttúru bæjarlandsins þar sem íbúar og gestir eiga að geta notið samvista við dýr og gróður í einstöku umhverfi. Núverandi mengunarvarnir eru ekki fullnægjandi og nábyli við byggð óþarflega mikið. Líklega er heppilegast að flytja olíubirgðastöðina í Óslandið.“

Svar: Ekki er talið mögulegt sem stendur að flytja starfsemina.

Ari Jónsson - tjaldsvæðið við Hafnarbraut: „Landsvæðið sem núverandi tjaldsvæði er á er æskilegt að nýta fyrir íbúðarbyggð. Því til rökstuðnings má nefna t.d. að svæðið er nálægt skólum og öðrum þjónustustofnunum, það er hagstætt og fallegt byggingarland. Nýtt tjaldsvæði gæti flust á svæði við Drápskletta.“

Svar: Á tjaldsvæðinu er mjög góð aðstaða og stutt í alla þjónustu og ekki þykir tilefni til að færa tjaldsvæðið að svo stöddu.

Guðbjartur Hafsteinsson - Hafnarbraut 43a: Óskað er eftir „að landnotkunarflokkur á lóðinni verði breytt þannig að viðskipta- og þjónustureitur VP-2 verði stækkaður um þessa lóð ... [og] að heimilað verði ... að reka gistihús á lóðinni fyrir allt að 4 gesti.“ Færð eru eftirfarandi rök fyrir breytingunni: „Í gegnum tíðina hefur notkun hússins verið með þeim hætti að mun eðlilegra er að skilgreina landnotkun sem verslunar- og þjónustulóð frekar en íbúðarhúsaloð. ... Með rekstri gistingar í húsnæðinu er mun minni umferð um lóðina en annars væri ef húsið væri nýtt sem rakarastofa eða fasteignasala eins og áður hefur verið gert eða íbúðarhús líkt og skilgreining í aðalskipulagi kveður á um. Talsvert mörg hús í nágrenni lóðarinnar eru nú notuð fyrir hin ýmsa rekstur og samræmist því breyting á umræddri lóð ágætlega við það. Aðgengi að lóðinni er einungis frá Hafnarbraut/Víkurbraut og myndi aukin umferð, t.d. með verslunarrekstri, að og frá lóðinni hafa aukna hættu í för með sér m.t.t. umferðar sem nú fer um Hafnarbraut/Víkurbraut.“

Svar: Fallist er á óskina þar sem lóðin er talin geta myndað heild með verslun- og þjónustu hinu megin við Víkurbraut og þar sem aðgengi að henni er beint frá Víkurbraut.

Sveinbjörg Birna Sveinbjörnsdóttir, Lagastoð - Hlíðartún 41: Gerð er krafa um að lóðin verði á VP-reit í stað ÍB-reits, sbr. rökstuðning í framlagðri greinargerð.

Svar: Ekki er fallist á óskina þar sem aðkoma að húsinu er í gegnum íbúðargötu sem auk þess er botnlangi og þar sem samþykkt óskarinnar yrði fordæmisgefandi fyrir aðrar í íbúðargötur. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir áfram gildi aðalskipulagsákvæði um að starfsleyfisskyld gistipjónusta sé ekki heimil í íbúðarhverfum.

Skipulagsstofnun - miðsvæði: „Gerð er grein fyrir fjölda gistirúma en setja þarf ákvæði um fjölda íbúða eða viðmið um fjöldann s.s. tiltekið lágmark og hámark innan reitsins.“

Svar: Í almennum skipulagsákvæðum sem og sérákvæðum fyrir miðsvæði í kafla 8.3 eru lagðar línur um notkun/starfsemi, grunnkerfi, byggingar og byggðarmynstur og rými og umhverfismótun á miðsvæði. Auk þess er ítarleg skipulagsstefna í 7. kafla sem skipulagsákvæði byggja á. Þessi hluti aðalskipulagsins er í reynd rammahluti til nánari útfærslu við deiliskipulagsgerð, sjá einkum kafla 7. 10 um kjarna Hafnar. Skipulagsleg umgjörð um blöndun byggðar, þéttleika, byggðarmynstur og önnur einkenni byggðar á miðsvæðinu er því talinn fullnægjandi þó svo hámarksíbúðafjöldi sé ekki skilgreindur. Auk þess er hvergi í skipulagsreglugerð ákvæði um að skilgreina skuli íbúðafjölda á hverjum reit í þéttbýlinu.

Skipulagsstofnun - verslunar- og þjónustusvæði á Höfn: „Bent er á að fyrir nánari útfærslu í deiliskipulagi þarf að setja ákvæði eða viðmið um hámarksfjölda íbúða á hverjum reit m.a. til að tryggja blöndun.“

Svar: Sjá svar hér næst að ofan við ábendingu um miðsvæði, sem og stefnu um verslun og þjónustu í kafla 7.9 og almenn og sértæk ákvæði í kafla 8.4.

2.22 Húsnæðismál

Ari Jónsson - húsnæði fyrir eldri borgara: „Við fyrstu sýn virðist ekki vera fjallað um húsnæðismál eldra fólks í endurskoðun aðalskipulagsins. Undirrituðum finnst full þörf vera á því að það sé gert og telur að skipulag án slíkrar umfjöllunnar sé ófullburða. Til rökstuðnings þessari skoðun lætur undirritaður fylgja með Minnispunktar um húsnæðismál eldra fólks í Sveitarfélagi. Hornafirði sem teknir voru saman í júní 2025.“ Í því minnisblaði er bent á eftirfarandi:

- Íbúðir „sem henta eldra fólki þurfa að vera 2-3 herbergja, helst staðsettar í göngufæri við m.a. félags- og þjónustustofnanir ásamt að vera nærri dagvöruverslun.“
- Með vísan í mannfjöldaspá og gögn um tekjur eftirlaunaþega er bent á að þörf er fyrir „hentugt leiguhúsnæði fyrir eldra fólk“ í sveitarfélaginu.
- Taka verður „sem allra fyrst ákvarðanir um frekari uppbyggingu á húsnæði fyrir eldra fólk [hjúkrunarheimili, dvalarheimili og þjónustuíbúðir] í sveitarfélaginu Hornafirði til þess að afstýra afleitu ástandi þessara mála í upphafi 4.áratugs þessarar aldar. Þegar hér er talað um stjórnvöld er átt við bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar sem ber að hafa frumkvæði í málinu og hún ber ábyrgð á framgangi þess.“

Svar: Aðalskipulagstillagan byggir m.a. á Húsnæðisáætlun 2024 fyrir sveitarfélagið en það er verkfæri sveitarstjórnar til að greina þörf fyrir íbúðarhúsnæði með tilliti til mismunandi búsetuforma og einstakra hópa, sbr. reglugerð nr. 1248/2018 um húsnæðisáætlanir sveitarfélaga. Áætlunina skal endurskoða árlega.

Landrými og skipulagsákvæði aðalskipulagstillögunnar fyrir fjölbreyttar gerðir og stærðir íbúða taka mið af greiningu í Húsnæðisáætlun 2024, sbr. umfjöllun í kafla 5.1 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu. Í sérákvæðum fyrir ÍB-9 á Höfn er gert ráð fyrir þjónustuíbúðum og íbúðum

fyrir eldri borgara. En jafnframt er möguleiki á litlum sem stórum íbúðum á miðsvæði og á ÍB-5 sem er nýtt íbúðarsvæði, Hagahverfi.

2.23 Varnar- og öryggissvæði á Stokksnesi

Landhelgisgæslan, varnarmálasvið - almenn ákvæði: Farið er fram á að eftirfarandi ákvæði í kafla 9.26 um varnar- og öryggissvæði: „Sveitarfélagið beinir því til ráðherra að tekið sé tillit til nærliggjandi svæða“ verði breytt í „Þróun svæða sem eru nærri ratsjár- og fjarskiptastöðinni á Stokksnesi skal taka tillit til reksturs og tilgangs stöðvarinnar.“

***Svar:** Almenna ákvæðið verður fellt út. Sjá svör að neðan um frekari ákvæði.*

Landhelgisgæslan, varnarmálasvið - sértæk ákvæði : Lagt er til að í töflu um sértæk skipulagsákvæði varnar- og öryggissvæða í kafla 9.26 standi „Ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins í umsjá Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasviðs.“

***Svar:** Eftirfarandi texti verður settur í dálk yfir sértæk skipulagsákvæði: „Landnotkun: Ratsjár- og fjarskiptastöð Atlantshafsbandalagsins í umsjá Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasviðs. Utanríkisráðherra fer með skipulagsvald á svæðinu.“*

Landhelgisgæslan, varnarmálasvið - frekari ákvæði: Talið er æskilegt að í tengslum við umfjöllun um ratsjár- og fjarskiptastöðina á Stokksnesi verði „settur inn eftirfarandi texti yfir skilmála á öryggissvæði:

- Almenn umferð og starfsemi verði ekki skipulögð eða heimiluð innan 100 m radíusar frá ratsjár- og fjarskiptastöðinni.
- Þar sem starfsemi er ofan við lægsta geisla miðað við sjónlínu stöðvarinnar skal framkvæma mælingar og ef þarf að gera sérstakar ráðstafanir vegna almannaeilla.

Fyrir liggur greinargerð Geislavarna ríkisins (2010) um möguleg áhrif ratsjárstöðvar á heilsu. Niðurstaða hennar er að sé fjarlægð starfsemi meiri en 1.300 m frá ratsjárstöð verða engin heilsufarsleg áhrif. Sé þörf á að hafa starfsemi innan þessara marka, er unnt að vera með starfsemi í allt að 100 m fjarlægð miðað við ákveðnar forsendur. Eðlilegast er þó að miða við að mannvirki á þessu belti séu ekki það há að fólk dvelji í geislanum. Einnig kom fram að sé komið nærri ratsjárstöð kunni að verða truflanir á viðkvæmum rafbúnaði.


Almennt gildir að hafa skal samráð við Landhelgisgæslu Íslands, varnarmálasvið, skipulagsfulltrúa öryggissvæðanna, áður en veitt eru byggingarleyfi fyrir mannvirkjum sem eru hærri en sjónlína stöðvarinnar. Byggingar sem ætlað er að málmlæða skulu vera bárujárnsklæddar, með sléttan flöt á milli klæðninga sem er minni en $8\frac{1}{2}''$. Sveitarfélagið skal takmarka heimildir til notkunar annarrar málmlæðningar.“

***Svar:** Í stað þess að setja svo ítarleg ákvæði sem kunna að breytast á gildistíma aðalskipulags verður sett inn almennt ákvæði um að leita skuli umsagnar varnarmálasviðs Landhelgisgæslu Íslands um skipulagstillögur og leyfisumsóknir á landi sem eru innan við 100 m frá varnar- og öryggissvæðinu.*

2.24 Tilteknir landnotkunarreitir í dreifbýli

Aðalból - heiti reits: Bent er á að reitur F-1 í Lóni heitir með réttu Aðalból og er 13,4 ha.

Svar: Skipulagsgögn verða lagfærð til samræmis við ábendinguna. Mörk verða dregin skv. landeignaskrá HMS, sbr. myndina að neðan.




Freysnes - heimagrafreitur og kirkjugarður: Spurt er hvort ástæða sé til að afmarka landnotkunarreit fyrir heimagrafreit í Skaftafelli, innan Þjóðgarðs. Einnig fyrir kirkjugarð í Sandfelli.

Svar: Hvoru tveggja fellur undir almenn ákvæði á landbúnaðarsvæðum.

Svínafell - mörk reits VP-32: Óskað er eftir minniháttar breytingu á mörkum reits VP-32, sbr. mynd til hliðar.

Svar: Fallist er á óskina og verður skipulagsgögnum breytt til samræmis við hana.



Svínafell - mörk reits VP-32: Óskað er eftir stækkun reits VP-32 til austurs til að veita svigrúm fyrir íbúðarbyggð, sbr. myndina til hliðar. Spurt er hvað átt er við með „takmarkaðri íbúðarbyggð“ í sérákvæðum fyrir reitinn.

Svar: Fallist er á óskina og verður skipulagsgögnum breytt til samræmis við hana. Almenn skipulagsákvæði um íbúðir á VP-bæjartorfum er uppfært svona: „Fjöldi íbúða skal ákveðinn í deiliskipulagi en almennt skal miða við 15 íbúðir sem hámark. Ef óskað er eftir að heimilaðar verði fleiri íbúðir skal erindinu fylgja rökstuðningur og umhverfismat á aðalskipulagsstigi, með hliðsjón af markmiðum og almennum ákvæðum aðalskipulags sem við geta átt. Hafa skal hliðsjón af gátlista í forsendu- og umhverfismatsskýrslu aðalskipulagsins.“



Sóknarnefnd Hofssóknar í Bjarnanesprestakalli - áningarstaður: Bent er á að „landeigendur á Hofi hefðu ekki áhuga á að áningarstaður yrði settur við kirkjuna.“ Einnig segir: „Nýlega var vakin athygli á því í fjölmiðlum að hefðbundið kirkjustarf fer ekki alltaf vel saman við ferðapjónustu, sé búið að auglýsa stað upp sem áfangastað fyrir ferðafólk þá eru ferðamenn ekki alltaf sáttir ef sá staður er ekki aðgengilegur - t.d. vegna þess að það er athöfn í gangi og skoðunarferðir því ekki heimilaðar. Nú er því, að mati sóknarnefndar, alls ekki rétti tíminn til að laða fleiri ferðamenn að Hofskirkju en þangað sækja nú þegar.“

Svar: Texti um „áningarstað“ á reit VP-30 í Hofi er í samræmi við gildandi aðalskipulag. Fallist á að taka setninguna út.

Vinir íslenskrar náttúru - landnotkunarflokkur í Skógey: Með vísan í þá áherslu vinnslutillögunnar að þegar landgræðslu er lokið verði SL-reitir færð í flokk landbúnaðar er bent á „að það reyndist illa þegar að nokkrir bændur í Nesjum tóku yfir landgræðslusvæðið kennt við Skógeyarsvæðið um 2000 og hófu þar stjórnlausu beit. Þá var það svæði alls ekki hæft til landbúnaðarnytja og hlaut gróður þar mikinn skaða af sauðfjárbreit. Hér þarf að koma ákvæði um

að landgræðslusvæði sem hefur kostað tugmilljónir króna til endurheimtar landgæða verði ekki færð í landbúnaðarflokk fyrr en að fengnu mati Lands og skógar.

***Svar:** Ekki barst umsögn frá Landi og skógi um vinnslutillöguna en reiturinn verður óbreyttur frá gildandi aðalskipulagi.*

Skipulagsstofnun - sérákvæði landnotkunarreita: „Stofnunin hvetur sveitarfélagið til þess að í aðalskipulagi sé lögð skýrari stefna og ákvæði fyrir hvern landnotkunarflokk og landnotkunarreit þar sem við á sem grundvöllur fyrir gerð deiliskipulags eins og takmarkanir á landnotkun og byggðarmynstur, þ.m.t. þéttleika byggðar. Í töflum hafa öll sérákvæði verið felld út og aðeins sett fram fjöldi gistirúma sem er aðeins til viðmiðunar. Á stökum reitum er hámarks fermetra fjöldi gefinn upp sem virðist handhófskennt. Það er mikilvægt að fyrir hvern reit sé settur rammi að umfangi uppbyggingar, t.d. í stærð, byggingarmagni o.s.frv.“

***Svar:** Í vinnslutillögunni eru sett mun ítarlegri almenn ákvæði fyrir hvern landnotkunarflokk en í gildandi aðalskipulagi og því ekki talin þörf á ítarlegri sérákvæðum en eru í tillögunni. Ákvæði um umfang uppbyggingar á hverjum reit eru almennt sett ýmist með fjölda gistirúma eða fermetrum.*

2.25 Vötn, ár og sjór

Skipulagsstofnun - landnotkun helstu vatna og áa: „Skilgreina þarf landnotkun á helstu vötn og ár og gæta að því hvort að landnotkun landbúnaðarsvæða eða óbyggðra svæða eigi við á eyjum og skerjum, söndum og áraurum.“

***Svar:** Landnotkunarskilgreiningar á öllu landi sveitarfélagsins hafa verið yfirfarnar við endurskoðun aðalskipulagsins og er niðurstaðan sýnd í aðalskipulagsvefsjá, með útskýringum í inngangi kafla um hvern landnotkunarflokk. Afmarkanirnar lýsa stefnu sveitarstjórnar um landnotkun en ekki staðháttum eða yfirborðsgerðum. Óþarft er að afmarka sérstaklega ár og vötn ef ekki gildir um þau sérstök stefna, frábrugðin aðlægum svæðum.*

Skipulagsstofnun - áhrif á vatn og vatnshlot: „Gert ráð fyrir að metin verði áhrif á vatn og vatnshlot í deiliskipulagi eða við leyfisveitingar. Minnt er á að jafnframt þarf að gera grein fyrir þeim áhrifum á aðalskipulagsstigi þegar við á.“

***Svar:** Ekki er gert ráð fyrir landnotkunarbreytingum frá fyrra aðalskipulagi sem kalla á sérstaka umfjöllun um áhrif á vatnshlot.*

Heilbrigðiseftirlit Austurlands - stjórn vatnamála: „Skýrt þarf að vera að þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út skulu vera í samræmi við lög um stjórn vatnamála og að áhrifamat vatnshlota þurfi að liggja fyrir áður en að framkvæmdaleyfi sem og starfsleyfi heilbrigðisnefndar eru veitt.“

***Svar:** Tilvísun í lögin verður sett inn í kafla 9.20 um vötn, ár og sjó og 9.21 um strandsvæði.*

Skipulagsstofnun - varnargarðar: „Fram kemur á bls. 210 að varnargarðar og aðrar varnir við vötn, fallvötn og sjó eru heimilar þar sem þeirra er talin þörf. Ekki er gert ráð fyrir skipulagsgerð vegna slíkra áforma en minnt er á að þau kunna að falla undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 sbr. 1. viðauki laganna, tl. 10.18. Mikilvægt er að það komi fram í tillögunni.“

Svar: Tilvísun í löginn verður sett inn á viðeigandi stað.

Selbakki ehf, Flateyjarbúið ehf og eigendur Aðalbóls - landamerki og mörk aðalskipulags


til sjávar: Bréfitari gerir grein fyrir landamerkjum Einhóltsjarðarinnar og bendir á í því sambandi að rétt væri að afmörkun lands á skipulagsuppdráttum (a.m.k. innan strandlengjunnar) byggist á mörkum lands og sjávar/vatns eins og þau eru á stórstraumsfjöru. Tekið er fram að merkja mætti flæðiland með einhverjum sérstökum hætti, ef ástæða þætti til.

Svar: Aðalskipulag tekur ekki til jarðamarka. Gögn úr landeignaskrá og lögbylaskrá HMS eru birt í aðalskipulagsvefsjá sem grunn gögn til skýringar. Sama á við um gögn frá FSRE yfir ríkisjarðir og gögn frá Forsætisráðuneytinu yfir þjóðlendur. Mörk lands og sjávar eru dregin út frá opinberum göngum. En líkt og hvað varðar eignarlönd (sbr. framlagða ábendingu), miða mörk aðalskipulags til sjávar við 115 metra utan við stórstraumsfjöruborð. Varðandi flæðiland þá getur það fallið í mismunandi landnotkunarflokka og er ekki aðgreint að öðru leyti nema í grunnögnum um náttúrufar sem eru birt til skýringar í aðalskipulagsvefsjánni.

2.26 Náttúruvá á Skeiðarársandi

Skipulagsstofnun: Bent er á að færa þarf reit NV-1 inn á skipulagsuppdrátt, sbr. landnotkunartöflu á bls. 224.

Svar: Reiturinn var ekki í landfræðilegum gögnum Skipulagsstofnunar yfir aðalskipulag í gildi og hefur því ekki ratað inn á aðalskipulagsuppdrátt/ aðalskipulagsvefsjá. Leitað verður álits Veðurstofunnar á því hvort og þá hvernig afmarka eigi hættusvæði á Skeiðarársandi út frá fyrirliggjandi þekkingu/hættumati og breytingum sem orðið hafa (s.s. varnargarður) frá því gildandi aðalskipulag var staðfest.



2.27 Náttúruvá vegna mögulegs berghlaups úr Svínafellsheiði

Skipulagsstofnun - grundvöllur hættumats - vísun í reglugerð: „Hættumat fyrir svæðið neðan Svínafellsjökuls vegna berghlaups úr Svínafellsheiði hefur ekki verið staðfest af ráðherra sbr. 3. gr. reglugerðar um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats nr. 505/2000. í 16. gr. reglugerðar segir: „Ef gildandi svæðis- og/eða aðalskipulag er ekki í samræmi við gert hættumat skal endurskoða skipulagið þannig að það verði í samræmi við hættumatið.“ Líta verður svo á að hér sé átt við staðfest hættumat. Með hliðsjón af því á ekki við að sýna hættumatslínur á svæðinu neðan Svínafellsjökuls á aðalskipulagsuppdráttum með tilvísan í lög um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum nr. 49/1997, þar sem þau ná ekki til gerðar hættumats vegna vatnsflóða eða réttaráhrifa þess. Skipulagsstofnun mælir með að þess í stað sé svæðið auðkennt sem svæði undir náttúruvá sbr. skipulagsreglugerð með sértækum ákvæðum sem lýtur að þeirri hættu sem til staðar er á svæðinu sem byggir á fyrrgreindu áhættumati.“

Svar: Fyrir reit VP-33 og VP-57 í Freysnesi segir í skipulagsákvæðum í kafla 9.3: „Landnotkun: Gisti-, veitinga- og afþreyingarþjónusta, auk íbúða. Á reitnum gilda ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats. Sjá kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.“

Samkvæmt hættumati og umsögn Veðurstofu Íslands á við að vísa í reglugerð nr. 505/2000, enda er það eina viðmiðunin sem er tiltæk skv. gildandi lögum og reglugerðum um hættumat, sjá ábendingar VÍ hér að neðan og svör við þeim. Bætt verður inn texta um að hættumatið sé ekki staðfest á grundvelli reglugerðarinnar en að í hættumatinu sé miðað við staðaráhættu skv. 19. gr. reglugerðarinnar og að á þeim grunni séu sett skipulagsákvæði sem miða við og eru í samræmi við þær heimildir sem skilgreindar eru í 21. gr. reglugerðarinnar.

Veðurstofa Íslands - reglugerðarákvæði: Bent er á að ekki [kemur] sérstaklega fram að ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 505/2000 gilda fyrir reitinn AF-650. Það þarf að bæta því við í greinargerðina, þar sem slíkt er tekið fram fyrir reitina VP-33, VP-57, VP-32 og F-17.

Svar: Reitur AF-650 er utan hættusvæða skv. hættumati fyrir árið 2040 sem aðalskipulagið (sbr. rökstuðning á bls. 122 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu) miðar við en minnt verður á hættumatið í sérákvæðum fyrir reitinn þar sem hann er á jaðri hættumatslína.

Þá skal tekið fram að samkvæmt umsögn Skipulagsstofnunar er vakin athygli á því að lög nr. 49/1997, gildi ekki beinlínis um hættumat vegna vatnsflóða, og þ.a.l. gilda reglugerðir settar á grunni laganna ekki um slíkar aðstæður. Hins vegar er byggt á því í aðalskipulaginu og tekið fram að miðað sé við reglugerð nr. 505/2000 í skipulagsákvæðum varðandi slík hættusvæði, enda koma þar fram viðmið sem eru í raun einu tiltæku viðmiðin sem sækja má í löggjöf um slík málefni. Sú staða að lög nr. 29/1997 og þ.a.l. reglugerðir settar á grunni laganna hafi takmarkað gildissvið vegna vatnsflóða hefur m.a. komið fram í bréfum ráðuneytisins til sveitarfélagsins varðandi málefni hættusvæðis vegna sprungu í Svínafellsheiði. Texti í kafla 9.25 í skipulagsgreinargerð og kafla 9.7 í forsendu- og umhverfismatsskýrslur verður uppfærður til að skýra þetta.

Veðurstofa Íslands - vísun í reglugerð vegna staðbundins hættumats: „Samkvæmt 16. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða er „Óheimilt að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.“ Þetta getur kallað á að sérstakir reitir fari í gegnum staðbundið hættumat og að framkvæmdir verði aðlagðar í samræmi við niðurstöður þess.“

Í kafla 9.25 Náttúruvá (NV) kemur fram „Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess með viðeigandi hætti. Leita skal umsagnar viðeigandi aðila um matið og skipulagsviðbrögðin“. Hér ætti þó að bæta við skýrari tilvísun í reglugerð 505/2000, sérstaklega 16. og 21. gr. fyrir ofanflóðahættumat.

Svar: Í öllum landnotkunarflokkum er í almennum ákvæðum minnt á kafla um takmarkanir á landnotkun þ.m.t. kafla 9.25 um náttúruvá.

Í almennum ákvæðum fyrir náttúruvá í kafla 9.25 segir: „Nýta skal tiltækar nýjustu upplýsingar um náttúruvá þ.m.t. vegna loftslagsbreytinga, s.s. gögn um hættu vegna skriðufalla, vatnsflóða, jökulhlaupa, breytinga á rennsli jökuláa, breytinga á stærð og legu jökullóna, landriss, gróðurelda, sandfoks, vindafars og eldgosa. Gera skal hættumat þar sem við á og bregðast við niðurstöðum þess

með viðeigandi hætti. Leita skal umsagnar viðeigandi aðila um matið og skipulagsviðbrögðin.“ Vísun í reglugerð 505/2000 og ákvæði skipulagsreglugerðar um náttúruvá verður bætt þarna inn.

Í almennum skipulagsákvæðum fyrir vötn, ár og sjó í kafla 9.20 segir: „Meta skal hættu vegna flóða, skriðu- og jökulhlaupa sem og bráðnunar sífrera á fyrirhuguðum byggðar- og framkvæmdasvæðum, þar sem við á, og bregðast við niðurstöðum hættumats með viðeigandi hætti.“ Vísun í reglugerð 505/2000 og ákvæði skipulagsreglugerðar um náttúruvá verður bætt þarna inn.

Skipulagsstofnun - viðmiðunarár hættumats og mörk landnotkunarreita: „Fram kemur að sveitarstjórn leggi áherslu á að við gerð deiliskipulags og leyfisveitingu verði litið til 2070 hættumatsins, þ.e. til lengri tíma. Engu að síður er líkt og í gildandi aðalskipulagi skilgreind landnotkun fyrir umtalsverða ferðaþjónustuuppbyggingu í Freysnesi, VP-33, með 200 gistirúmum auk frístundabyggðar. Miðað við þetta er óljóst hvernig sveitarstjórn sér fyrir sér framfylgd þessarar stefnu. Má þar nefna að VP-33 svæðið er innan C-hluta samkvæmt fyrirbyggjandi hættumati til 2070 að stórum hluta og því má ætla að þar sé umtalsverð áhætta. ... „Skipulagsstofnun hvetur til þess að við áframhaldandi mótun stefnunnar verði leitað til Veðurstofunnar og eftir atvikum Náttúruhamfaratryggingar og beinir því til sveitarstjórnar að skoða afmörkun svæðanna með hliðsjón af ákvæðum aðalskipulags fyrir hættusvæði A, B og C og heimildir innan þeirra. Í framhaldi þarf að vera skýrt, bæði í greinargerð og í forsendu- og umhverfismatsskýrslu að um óstaðfestar hættumatslínur skv. reglugerð um hættumat vegna ofanflóða og flokkun og nýtingu hættusvæða sé að ræða.“

Svar: *Í kafla 9.25 á bls. 222 í skipulagsgreinargerð segir til skýringar við skipulagsákvæði: „Á skipulagsuppdraetti eru sýndar hættumatslínur A, B og C fyrir árið 2040 og gilda innan þeirra ákvæði 21. gr. reglugerðar nr. 505/2000 um hættumat vegna ofanflóða, flokkun og nýtingu hættusvæða og gerð bráðabirgðahættumats.*

Í aðalskipulagsvefsjá má einnig sjá línur fyrir árið 2070 til viðmiðunar og leggur sveitarfélagið áherslu á að við gerð deiliskipulags og veitingu leyfa vegna uppbyggingar á svæðum sem gætu verið innan hættusvæða árið 2070 sé litið til hættumats til lengri tíma, þ.e. 2070. Ennfremur leggur sveitarfélagið áherslu á að hættumatið sé endurskoðað reglulega eftir því sem mælingar og breytingar á svæðinu kalla á. Að lágmarki verði hættumat uppfært við næstu endurskoðun aðalskipulags.“

Þarna er því um tilmæli að ræða en ekki ákvæði. Rökstuðning fyrir því að miðað er við hættumatslínur fyrir árið 2040 en ekki 2070 er að finna á bls. 122 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Varðandi mörk landnotkunarreita, sjá svar hér að neðan.

Veðurstofa Íslands - reitir innan hættumatslína: Hættumatslínur A, B og C eru sýndar á aðalskipulagsuppdraetti og reitirnir AF-650, VP-33, F-17, VP-57 og VP-32 liggja innan, eða að hluti til innan, skilgreindra hættusvæða.

Svar: *Skipulagsákvæði fyrir svæðin miða við heimildir um nýtingu hættusvæða í 21. gr. reglugerðar nr. 500/2000 en þar er ekki algjört bann við mannvirkjagerð á svæðum A, B og C og því þykir eðlilegt að ákveðið sé nánar í deiliskipulagi hvar og hverskonar mannvirki verði reist, innan þeirra marka sem ákvæði reglugerðarinnar setja.*

Atlantsflug - hættumat: Gerð er athugasemd við hættumat fyrir Svínafellsheiði vegna eftirfarandi:

- Ekki hefur verið unnið hæðarlíkan af svæðinu norðan þjóðveg 1.

- Ekki hafa verið gerðir útreikningar með öðrum flæðilíkönum sem eru betri þegar matið var unnið fyrir fimm árum.

Farið er fram á að óháðir aðilar framkvæmi nýja flæðiútreikninga og að unnið verði nákvæmt hæðarlíkan af mögulegu áhrifasvæði. Bent er á að fram sé komin ný og bættari aðferðafræði en var til staðar fyrir 5 árum sem og að núverandi útreikninga var aðeins hægt að búa til með fyrirfram gefnum forsendum á lögum jökulsporðs Svínafellsjökuls.

Þá er gerð athugasemd við að fyrir liggja misvísandi gögn gefin út af Veðurstofu Íslands um möguleg áhrif hlaupvatns vestan Skaftafellsár svo annað dæmi sé tekið. Þar liggur fyrir skjal sem eigendur Skafatefells III og IV hafa og svo gefnar hættumatslínur HM-A-1, HM-B-2 og HM-C-2 vestan Skaftafellsár.

Gerð er athugasemd við svonefndar hættulínur HM-A-1, HM-B-2 og HM-C-2 vestan Skaftafellsár, sjá meðfylgjandi skjámynd með þeim rökum að vatn eigi að flæða yfir hæstu hindranir á leið sýni frekar en að leita í vestur eða inn á svæði sem standa lægra í landslagi. Vísast til þess að hæðarmælingar hafa ekki verið gerðar á svæði sunnan Skaftafellsjökuls líkt og fram hefur komið á fundum með kynningu á hættumatsdrögum og ekki hefur verið leitað eftir öðru álitum sem verður að teljast rétt að gera þegar mögulegar afleiðingar eru teknar með í reikninginn.

- ... gerir þetta hættumat að lifandi skjali en ekki staðreyndum sem eiga að gilda til 2040 eða til 2070 nema til standi að endurskoða aðalskipulag á eins árs fresti út frá nýju mati hverju sinni.
- Má því ekki með nokkru segja að við séum að horfa á þetta í kristalkúlu þar sem allar upplýsingar í framtíðinni liggja ekki fyrir, eða þá að segja að þetta sé ágiskun byggð á tilteknum fyrirfram ákveðnum breytum í líkindaútreikningum? - Svar við þessu var, jú það má segja sem svo og að þetta þurfi nákvæmari vöktun en gerð er í dag til að fá fram nákvæmari upplýsingar.
- Matið er mikilli óvissu undirorpið.

Svar: *Veðurstofa Íslands er sá lögbundni aðili sem fer með hættumat vegna náttúruvárs og verður athugasemdunum beint til stofnunarinnar þar sem þær varða aðferðir við sjálft hættumatið og forsendur þess.*

Atlantsflug - mótvægisáðgerðir: Að þessi hættumatsskýrsla er svo lögð til grundvallar án þess að þar sé að finn stakt orð um mótvægisáðgerðir eða tekið tillit til áhrifa sem slík skýrsla hefur á ábúendur er með nokkrum ólíkindum.

Það að ekki sé tekið tillit til skaðaminnkandi áðgerða við framsetningu aðalskipulagstillögur til ársins 2040 þegar umrædd drög hafa legið fyrir í 5 ár má líta á sem skort af frumkvæði gagnvart svæðinu og skort á faglegum og ámælisverðum vinnubrögðum. Sem dæmi má nefna að fyrirtæki í landi Freysnes eru ekki að fara í fjárfestingar sem nauðsynlegar eru horfandi fram á veginn í 14 ár eða til ársins 2040.

- má þá ekki leiða rökum að því að réttast sé að sprengja niður svæðið og þá í einhverjum hlutum og koma hættunni alfarið frá því líkur á tjóni samkvæmt hættumatinu er óverulegt miðað við seinni tíma sviðsmynd? - Svar: Ekki komið til umræðu. ...
- Þessar forsendur eru báðar tiltölulega varkárar eða svartýsnar, en á móti kemur að mikil óvissa er um bæði stærð og tíðni berghlaupsins og í líkanreikningum og má líta svo á að þessi óvissa auki á áhættuna. Hættumatið er fyrst og fremst gróft mat á hættunni sem kann að skapast og ástæða er til að fylgjast vel með vísbendingum um að yfirvofandi hætta kunni að vera á berghlaupi og grípa þá til rýmingar hættusvæðis miðað við svartýsnar forsendur.

- þetta mat þarf að uppfæra reglulega.

Niðurstaða hættumatsins er að líklegast sé að berghlaupið stöðvist á jöklinum án þess að ógna byggðinni neðan hans. - Hvernig er þá hægt að draga verstu sviðsmyndir fram í aðalskipulagi?

Svar: *Sveitarfélaginu ber að taka mið af [hættumatsskýrslunni](#) sem var gefin út í júní sl. sbr. vísun Veðurstofunnar í reglugerð nr. 505/2000 og sbr. ákvæði í gr. 4.3.1 og 5.3.2.18 í skipulagsreglugerð. Í aðalskipulagstillögunni er gert ráð fyrir að hættumatið verði endurskoðað reglulega.*

Atlantsflug - mörk landnotkunarreits: Athugasemd er gerð við svæði merkt FV-3 í skipulagi og óskað að landsvæði sem fram kemur í samþykktu deiliskipulagi verði skilgreint sem flugvallarsvæði sem er 1449911 m² með tilgreindum jaðri og þess farið leit að það svæði verði sýnt mér réttum hætti í aðalskipulagi, það er að það er ekki landbúnaðarsvæði enda var því breytt úr námum í flugvallarsvæði við breytingar á þá gildandi aðalskipulagi vegna deiliskipulagsvinnu. Svæðið í heild er samkvæmt deiliskipulagi frá 2016 og er með 6 samþykktar lóðir fyrir þjónustuhús, hús fyrir starfsmannaaðstöðu og svo flugskýli. Mikilvægt er að þetta sé rétt skráð í aðalskipulagi til að forðast ágreining og frávísanir líkt og fram komu við ósk um tilfærslu á lóð í desember 2024 og síðar meir.

Svar: *Mörk reits FV-3 voru dregin með hliðsjón af gildandi aðalskipulagi og deiliskipulagi. Samkvæmt Skipulagsvefsjá hefur ekki verið gerð breyting á aðalskipulagi vegna reitsins. Mörk deiliskipulags geta náð út fyrir landnotkunarreit aðalskipulags svo framarlega sem mannvirki eru í samræmi við landnotkun sem er heimil á þeim landnotkunarflokkum sem um ræðir. Hluti FV-3 og deiliskipulagsreits er innan hættumatslína skv. hættumati Ví fyrir Svínafellsheiði og verður gerð grein fyrir því í sérákvæðum reitsins.*

Atlantsflug - skipulagsákvæði : Lagt er til að við lið 9.25 (NV) í aðalskipulagstillögu verði bætt við texta að á hættusvæðum C verði heimilt að byggja húsnæði til næturgistingar ef gerðar hafa verið ráðstafanir svo sem varnargarðar sem sveitarfélagið metur fullnægjandi.

Svar: *Skipulagsákvæði taka mið af og eru í samræmi við 21. gr. reglugerðar nr. 505/2000 (sjá einnig svör til Skipulagsstofnunar og Veðurstofunnar varðandi lög og reglugerð sem miðað er við). Ef til kemur að varnargarðar verði reistir verða ákvæði endurskoðuð.*

2.28 Önnur náttúruvæðing

Skipulagsstofnun - lágsvæði: „Hafa þarf samráð við Vegagerð vegna gólfkóta m.t.t. flóða á lágsvæðum.“

Svar: *Sjá svar við næstu mgr.*

Vegagerðin - lágsvæði: „Í aðalskipulagi skal huga sérstaklega að skipulagi á lágsvæðum við sjó þar sem hætta er á sjávarflóðum. Vegagerðin setur viðmið um lágmarks land- og gólfhæðir, og er þá tekið mið af jarðskorpuhreyfingum og sjávarstöðuhækkunum sem ákvarðaðar eru hverju sinni miðað við nýjustu upplýsingar. Tekið er tillit til skýrslu vísindanefndar um áhrif loftslagsbreytinga á Íslandi sem og landhæðabreytinga. Fyrirhugaðir varnargarðar, viðlegukantar og annað er snýr að hafnarmannvirkjum skal unnið í samráði við Vegagerðina.“

Svar: *Minnt verður á þetta í kafla 9.20 um vötn, ár og sjó í skipulagsgreinargerð.*

Náttúruverndarstofnun - varnir gegn landbroti: „Í greinargerð (kafla 4.3) er fjallað um varnir við landbroti við jökulsánnu og gert ráð fyrir heimild til að reisa varnargarða eftir þörfum. Að mati Náttúruverndarstofnunar er brýnt að slíkar framkvæmdir verði skipulagðar með vandaðri greiningu á áhrifum á náttúrufar, setflutninga og lífríki fjöru og grunnsævis, í samræmi við leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um framkvæmdir við sjó.

Stofnunin leggur sérstaka áherslu á mikilvægi þess að verja jökulölduna og innviði við Jökulsárlón, þar sem bæði náttúruverndargildi og mikilvægir innviðir ferðamennsku eru í húfi.“

Svar: Almenn skipulagsákvæði um varnir gegn landbroti í kafla 9.25 um náttúruvá verða svona: „Varnir gegn flóðum og landbroti eru heimilar innan allra landnotkunarflokka án þess að þeirra sé sérstaklega getið í aðalskipulaginu, á grundvelli deiliskipulags og/eða framkvæmdaleyfis með/án grenndarkynningar eftir því sem við á. Gæta skal að ákvæðum laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana sem við geta átt.“

Í kafla 4.3 forsendu- og umhverfismatsskýrslu í skýringum við markmið LJ.4 um landbrot og flóðvarnir segir: „Mikilvægt er að aðalskipulag heimili varnaraðgerðir þar sem þeirra er þörf í því lifandi landslagi sem einkennir sveitarfélagið. Engu að síður þarf að vanda til verka og leitast við að lágmarka neikvæð áhrif á náttúrufar og landslag.“

Í forsendu- og umhverfismatsskýrslu, í skýringum við markmið SU.1 í um styttri og öruggari Hringveg í umfjöllun um landbrot á Breiðamerkursandi verður bætt: „Mikilvægt er að verja jökulölduna og innviði við Jökulsárlón, þar sem bæði náttúruverndargildi og mikilvægir innviðir ferðamennsku eru í húfi.“ Einnig í skýringar við markmið LJ.4.

2.29 Vegir í náttúru Íslands

Flateyjarbúið - vegur skv. grunnkort: Gerð er athugasemd við að sýndur sé vegslóði að gamla Flateyjarbænum og yfir tún, vötn og um sjávar kamb. Bent er á að vegurinn er ekki í vegaskrá Vegagerðarinnar og farið fram á að hann verði ekki hluti skrár fyrir vegi í náttúru Íslands skv. reglugerð nr. 260/2018 þar um.

Svar: Slóðinn er ekki hluti aðalskipulagstillögunnar heldur grunnkorts sem er útbúið út frá opinberum landfræðilegum grunngögnum, sbr. [kortasjá Náttúrufræðistofnun Íslands](#) þar sem umræddur vegur/slóði er sýndur. Vegaskrá Vegagerðarinnar tekur ekki til vega/slóða utan þjóðvegakerfis.



Myndin er úrklippa úr kortasjá NÍ

Flateyjarbúið - vegur í skrá yfir vegi í náttúru Íslands: Bent er á að annar vegslóði liggur frá Þjóðvegi 1 niður í fjöru, um 600 m austan við brúna yfir Hólmsá. Leiðin opnar inn á sjávar kambinn austan megin Hólmsár. Ekki er gerð athugasemd við að þessi slóði sé settur á

skrá yfir vegi í náttúru Íslands, líkt og gert er í framlagðri vinnslutillögu að aðalskipulagi, að því gefnu að Vegagerðin og aðrir umsagnaraðilar meti það svo að vegslóðin uppfylli skilyrði reglugerðar nr. 260/2018 um vegi í náttúru Íslands og að notkun slóðans verði skilgreind skv. 2. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar sem skilgreinir vegflokka eftir greiðfærni. Tekið er fram að landeigandi ber enga ábyrgð á ástandi eða viðhaldi þessa slóða.


Svar: Ef rétt er skilið er um að ræða slóða sem skilgreindur er sem lakfær vegur (F2) í tillögu að skrá yfir vegi í náttúru Íslands (sbr. myndina hér að neðan), sem kynnt var samhliða vinnslutillögu aðalskipulags. Ef ekki koma fram athugasemdir við þá legu og flokkun, á auglýsingartíma aðalskipulagstillögu í haust, verður veginum haldið inni í skránni. Minnt er á að skráin er ekki hluti aðalskipulags, heldur skal hún kynnt og afgreidd samhliða aðalskipulagi, sbr. 2. gr. framangreindrar reglugerðar.



Freysnes - skráning og flokkun

vega: Óskað er eftir að græna leiðin á myndin að neðan verði merkt sem torleið. Einnig að gulir vegi sem krossað er yfir með rauðu verði teknir út. Vegir merktir með bláu verði rauðir, þ.e. torfærir.

Svar: Fallist er óskirnar.





Hofsnes - einkavegir og vegir sem ekki rata í skrána: Spurt er hvernig eigi að skrá vegi sem eru einkavegir um eignarland og ekki ætlaðir fyrir almenning. Bent er á að vegaskráin þurfi að gefa möguleika á að skrá vegi sem einkavegi landeigenda til að koma í veg fyrir að eigendur teljist vera að stunda utanvegaakstur. Spurt er hvaða áhrif/breytingar skráning í vegaskrána gæti haft á landeigendur til lengri tíma litið. Ef einkavegur til eigin nota landeigenda er ekki í skránni, telst þá akstur um hann vera utanvegaakstur.

Svar: Spurningunum er vísað til Vegagerðarinnar og Skipulagsstofnunar.

Hofsnes - vegir ofan þjóðvegjar: Óskað er eftir að slóðar fyrir ofan þjóðveg, sem eru um það svæði sem Landgræðslan hefur haft til uppgræðslu og línuvegurinn „sáu merktir sem F3 vegir með takmarkað aðgengi (starfsemi sem varðar Landgræðsluna og Rarik, og gróðurrannsóknir).“

Svar: Gögnin verða uppfærð til samræmis við óskina.

Hofsnes - vegur að Ingólfshöfða: Bent er á að „enginn vegur er merktur frá Þjóðvegi niður á bílastæði okkar þar sem við leggjum af stað í Ingólfshöfða. ...Svo eru líka heimreiðar að Hofsnes Móa og Hofsnes Gili sem ekki eruá þessu korti.“ Spurt er „hvort þetta þurfi ekki að vera skráð í þessa vinnu.“ Bent er á að vegurinn „sem liggur niður að Ingólfshöfðabílastæðinu er einkavegur sem við gerðum sjálf, hann er greiðfær á sumrin en er oft lokaður vegna snjóá og aurbleytu á veturna. F0 sýnist mér í reglugerðinni. Einnig er spurt hvort þurfi „að skrá stikuðu leiðina frá bílastæðinu að Ingólfshöfða? Þetta eru leiðir sem eru annars vegar frá áðurnefndu bílastæði þar sem við leggjum af stað á dráttarvélum/heykerrum, og hins vegar er líka gamla leiðin frá Fagurhólsmýri að koma inn í okkar land fljótlega eftir að lagt er af stað þaðan, og það gildir sama um. Þetta eru ekki beint vegir, heldur stíkaðar leiðir yfir leirur Hofsness, að Ingólfshöfða. Þetta eru leiðir sem starfsmenn Rarik, Isavia, Vegagerðin (vegna vitans í Ingólfshöfða), Símans, og Neyðarlínunnar, þurfa að komast stundum, auk nágranna okkar sem eiga fjörur nálægt Ingólfshöfða, og beitarréttindi í Ingólfshöfða og slíkt. En við viljum ekki að þessar leiðir séu opnar almenningi, eða öðrum ferðapjónustuaðilum, þar sem við gerum út á að aka með ferðamenn um okkar land sjálf. Ennfremur segir: „Mér sýnist bæði slóðarnir uppi í Skeri fyrir ofan Þjóðveg, og leiðirnar að Ingólfshöfða vera slóðar sem hægt er að skrá sem F3 vegi með takmarkaðri notkun. Vegurinn sem liggur frá Þjóðvegi niður að Ingólfshöfðabílastæði mætti vera skráður sem F0.“



Umsögninni fylgja tvö skjáskot: „Annars vegar af leiðunum að Ingólfshöfða; gula línan sýnir hvar er komið inn í land Hofsness af ef menn leggja af stað eftir leiðinni fyrir framan flugbrautina á Fagurhólsmýri, og rauða línan sýnir hvar ekið er frá Ingólfshöfða bílastæðinu að Ingólfshöfða, allan tímann í landi Hofsness ... hins vegar er skjáskot af veginum niður að Ingólfshöfðabílastæði.“

Svar: *Veglínur verða færðar inn í skrána skv. óskum.*

Vegagerðin - tengingar við Þjóðvegi: Allar tengingar við Þjóðvegi eru háðar samþykki Vegagerðarinnar skv. vegalögum.

Svar: *Áminning um þetta ákvæði er sett inn í inngang í kafla 9.15 um vegi og stíga þar sem fjallað er um stofn- og tengivegi, en það kemur þegar fram í umfjöllun um vegi í náttúru Íslands í sama kafla.*

Vegagerðin - rýni og samþykkt: „Skrá yfir vegi í náttúru Íslands og tengingar þeirra við Þjóðvegi hefur ekki hlotið samþykki hjá Vegagerðinni. Vegagerðin mælir með vinnufundum með fulltrúum sveitarfélags, Vegagerðarinnar og ráðgjafa vegna þessa máls. Þekja skal send til Vegagerðarinnar til endanlegrar samþykktar, bæði varðandi tengingar við Þjóðvegi og vegna yfirferðar landupplýsingagagna. Þegar sátt er um gögnin tekur Skipulagsstofnun við skránni og sér til þess að hún berist Vegagerðinni til skráningar og birtingar.“

Svar: Með aðalskipulagstillögu á vinnslustigi sem birt var í Skipulagsgátt í júní sl. fylgdi vefsja með drögum að skrá yfir vegi í náttúru Íslands. Í henni er auðvelt að átta sig á hvaða vegir tengjast þjóðvegi og þá hvort þær tengingar teljast ásættanlegar eða ekki. Á þessu stigi er verið að vinna úr umsögnum sem hafa borist við aðalskipulagstillögu og drög að vegaskrá og verður í kjölfarið gengið frá aðalskipulagstillögu og tillögu að vegaskrá til auglýsingar skv. 31. gr. skipulagslaga. Þekja með uppfærðri tillögu að vegaskrá verður þá send til yfirferðar og samþykktar Vegagerðarinnar.

Skipulagsstofnun - vegir að jökulsporði: Samkvæmt vinnslutillögunni er heimilt að lengja vegi í náttúru Íslands að jökulsporði. „Skipulagsstofnun bendir á að það kann að kalla á breytingu á skrá yfir vegi í samráði við Vegagerðina og samhliða breytingu á aðalskipulagi. Mikilvægt er að það komi fram í greinargerðinni.“

Svar: Settur verður inn texti sem minnir á þetta, sjá kafla 9.11 um óbyggð svæði.

Skipulagsstofnun - ákvörðun um legu vega í náttúru Íslands: „Óljóst er hvað átt er við með stefnu um að lega nýrra vega í náttúru Íslands, utan þjóðvegakerfis, skuli ákveðin á deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisstigi og á grundvelli umhverfismats eftir því sem við á.“

Svar: Þetta er sett fram með hliðsjón af að aðalskipulag tekur einungis til lega stofn- og tengivega. Það undanskilur ekki deiliskipulags- og/eða framkvæmdaleyfisskyldu annarra vega. Vísun í umhverfismat er á grundvelli liða 10.7 og 10.8 í 1. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. neðanmálgrein á bls. 188.

Skipulagsstofnun - nákvæmni kortlagningar veganna: „Minnt er á að skrá yfir vegi í náttúru Íslands er sett fram með +/- 5 m nákvæmni í samræmi við reglugerð.“

Svar: Í Sveitarfélaginu Hornafirði eru talsverða óvissa um legu vega í náttúru Íslands vegna síbreytilegs landslags. Sveitarfélagið veit af þessari kröfu í reglugerð.

2.30 Aðrar lagfæringar á texta, myndum og uppráttum

Flateyjarbúið - umfjöllun um akuryrkju: Bent er á úrbætur sem gera mætti á texta um akuryrkju á bls. 69 í forsendu- og umhverfismatsskýrslu.

Svar: Textinn verður lagfærður til samræmis við ábendinguna.

Vinir íslenskrar náttúru - heiti mynda: Texti er hnitmiðaður og fróðlegur og geymir miklar og verðmætar upplýsingar en æskilegt væri að upplýsingar um staðsetningu fylgdu myndum.

Svar: Tekið er undir ábendinguna en vinna við að skrifa heiti við allar myndir væri of umfangsmikil. Bent er á að hægt að leita eftir myndum t.d. með Google myndaleit og geta niðurstöðurnar gefið vísbendingar um hvaða svæði eða stað um ræðir.

Skipulagsstofnun - númer landnotkunarreita: „Yfirfara þarf númer svæða í vefsja til samræmis við greinargerð.“

Svar: Þetta verður gert áður en tillaga verður auglýst skv. 31. gr. skipulagslaga.

Skipulagsstofnun - stærðir landnotkunarreita: „Fram kemur í greinargerð á bls. 67 að reitir sem eru ≤5 ha að stærð eru sýndir með hringtákni á ask uppráttum og er nákvæm lega þeirra

og mörk ákveðin á deiliskipulagsstigi. Jafnframt kemur fram að ekki þarf að breyta aðalskipulagi nema viðkomandi svæði færast eða stækki um >5 ha, enda sé afmörkun ákveðin í deiliskipulagi. Stofnun bendir á að æskilegt er að tilgreina stærð hvers landnotkunarreits í töflum eins og kostur er fremur en að gefa hana til kynna sem „ ≤5 ha “ líkt og er gert í töflum allra landnotkunarreita sem eru sýnd með hringtákn á skipulagsuppdráttum.“

Svar: Hámarksstærð 5 ha er tilgreind í öllum tilvikum. Eðlilegt er að punkttákn standi alltaf fyrir sömu stærð en hún tekur mið af mælikvarða og þar með nákvæmni aðalskipulagsuppdráttar sem er 1:60.000. Reitir sem eru minni en 5 ha greinast varla í þeim mælikvarða.

Skipulagsstofnun - almennar ábendingar:

Húsnæðisáætlun tekur til tíu ára í senn en ekki fjögurra ára líkt og segir á bls. 41 í forsenduhefti.

Svar: Þetta verður lagfært.

Víða segir að metið verði hvort tilefni sé til deiliskipulagsgerðar. Minnt er á að óheimilt er að skipta jörðum, löndum eða lóðum eða breyta landamerkjum og lóðamörkum nema samþykki sveitarstjórnar komi til og ný afmörkun samræmist gildandi skipulagsáætlun sbr. 46. gr. skipulagslaga.

Svar: Ábendingin kallar ekki á viðbrögð.

Skoða þarf hvort unnt er að samræma betur framsetningu á almennum og sértækum ákvæðum fyrir landnotkunarflokkar í dreifbýli og þéttbýli. Mun nákvæmari sértæk ákvæði eru í þéttbýlinu, jafnvel svæða sem eru ódeiliskipulögð.

Svar: Skipulagstillaga fyrir þéttbýlið er í reynd rammahluti aðalskipulags og verður það tekið fram í inngangskafli aðalskipulagstillögunnar.

Þemauppdráttur yfir náttúruvernd virðist ekki fylgja tillögunni.

Svar: Gögn sem verða á uppdráttinum voru kynnt undir flípanum „Vernd“ í aðalskipulagsvefsjá vinnslutillögu. Pdf-útgáfa af þeim gögnum verður birt með auglýsingartillögu.

Minnt er á að þegar aðalskipulagstillaga verður send Skipulagsstofnun til athugunar fyrir auglýsingu þarf að skila inn aðalskipulagsgögnum á stafrænu formi auk hefðbundinna skipulagsgagna.

Svar: Verður gert.

2.31 Önnur mál

Stök íbúðarhús á SL-reitum: Hjá skipulags- og mannvirkjasviði hefur verið bent á að skýra þarf ákvæði um stök hús á skógrækt- og landgræðslusvæði m.t.t. þess hvort t.d. 2 hús á sama reit teldust í samræmi við aðalskipulagstillöguna.

Svar: Sett verða sömu ákvæði og fyrir stök íbúðar- og frístundahús á landbúnaðarsvæðum og munu þau hljóða svona: „Stök íbúðarhús og stök frístundahús (sem standa ein og sér eða 2-3 hús saman) á núverandi bæjarhlöðum eða í grennd þeirra og sem nýta núverandi aðkomuleiðir/heimreiðar og aðra sameiginlega innviði, s.s. veitukerfi. Til verndar náttúru, ræktarlands og í samræmi við sögulegt byggðarmynstur sveitanna er lögð áhersla á að byggðin verði sem mest í torfum og forðast verði að byggja stök hús á víðavangi. Fleiri en 3 ný hús saman í hnapp geta kallað á landnotkunarbreytingu (ÍB-reit, VP-reit eða F-reit).“